

ÁRSSKÝRSLA HOFSSSTAÐASKÓLA



2010-2011



Hofsstaðaskóla 3. ágúst 2011

Efnisyfirlit

Inngangur	5
1. Annáll	6
2. Hagnýtar upplýsingar	16
<i>Stjórnendur</i>	16
<i>Starfsmenn</i>	16
<i>Nemendur</i>	17
<i>Húsnæði</i>	19
<i>Skóladagatal</i>	22
<i>Skóladagur nemenda</i>	23
<i>Samstarf heimila og skóla</i>	23
<i>Nemendafélag</i>	24
<i>Skólaráð</i>	25
<i>Foreldrafélag Hofstaðaskóla</i>	25
3. Áherslur í skólastarfi	27
<i>Símenntun starfsmanna</i>	27
<i>Heimaskólaverkefni - vettvangsnám</i>	28
<i>Fagfundir grunnskólanna</i>	29
<i>Mat á skólastarfi - sjálfsmat</i>	29
<i>Færnimiðað nám í stærðfræði og ensku</i>	29
<i>Samræmd próf</i>	30
<i>Læsi í 1. og 2. bekk</i>	32
<i>Vettvangsferðir</i>	33
<i>Þemadagar- fjölgreindaleikar</i>	35
<i>Skóli á grænni grein</i>	36
4. Ýmsar skýrslur	41
<i>Skýrsla deildarstjóra yngri og eldri deilda</i>	41
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk</i>	42
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk</i>	44
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk</i>	46
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk</i>	48
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk</i>	50
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk</i>	53
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk</i>	57
<i>Kennsla í erlendum tungumálum</i>	60
<i>Danska</i>	60
<i>Enska</i>	61
<i>Skýrsla fagstjóra í náttúrufræði</i>	63

Skýrsla Bókasafns Hofstaðaskóla.....	64
Skýrslur kennara í list- og verkgreinum	66
Heimilisfræði	66
Myndmennt	68
Textílmennt	71
Smíði.....	72
Tónmennt	75
Íþróttir	76
Sundkennsla	79
Skýrsla deildarstjóra sérkennslu	80
Skýrsla náms- og starfsráðgjafa	84
Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni	88
5. Tómsundaheimili	97

INNGANGUR

Markmið með útgáfu ársskýrslu grunnskólanna er að gera grein fyrir helstu atriðum í skólastarfinu skólaárið 2010-2011. Leitast er við að gefa yfirlit yfir það fjölbreytta starf sem fram fer í skólanum. Auk þess að fjalla um daglegt starf koma fram ýmis atriði sem tókust sérstaklega vel og ábendingar um sitthvað sem betur má fara. Að gerð skýrslunnar koma kennarar, deildarstjórar o.fl. auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra sem ritstýrir verkinu.

Skýrslan skiptist í fimm kafla, annál, hagnýtar upplýsingar, samstarf heimila og skóla, áherslur í skólastarfi, ýmsar skýrslur og skýrslu tólmstundaheimilis. Skýrsluna prýða ljósmyndir úr starfi vetrarins sem gefa innsýn í þau margvíslegu viðfangsefni sem nemendur fást við.

Skýrslan er send skólaráði, stjórn foreldrafélagsins, skólanefnd Garðabæjar, forstöðumanni fræðslu- og menningarsviðs og deildarstjóra skóladeildar, auk þess sem hún er aðgengileg á vef skólans og liggur frammi á skrifstofu hans.

Ýmsar frekari upplýsingar um daglegt starf í Hofsstaðaskóla er að finna á vefsíðu skólans: <http://www.hofsstadaskoli.is>

Hofsstaðaskóla í ágúst 2011

Margrét Harðardóttir skólastjóri

1. ANNÁLL

Kennarar og aðrir starfsmenn skólans komu til baka úr sumarleyfi 16. ágúst. Þann 19. ágúst var fundur með nýjum nemendum í 2.-7. bekk og foreldrum þeirra, en nemendur í 1. bekk voru boðaðir með foreldrum sínum í viðtal hjá umsjónarkennara á skólaþingardaginn mánudaginn 24. ágúst. Eins og oft áður mættu mjög margir foreldrar og forráðamenn með börnum sínum á skólaþinguna. Nemendur fóru heim að lokinni samveru með umsjónarkennurum og mættu í skólann samkvæmt stundaskrá 25. ágúst. Hér að neðan er stiklað á stóru um þá atburði og viðburði sem nemendur og starfsfólk skólans tóku þátt í. Ítarlegri umfjöllun er að finna á vefsíðu skólans www.hofsstadaskoli.is/fréttir.

September

Haustfundir með foreldrum voru haldnir dagana 6.-10. september, en þá kynntu umsjónarkennarar námsefni vetrarins, skólareglur, heimanám og ýmsa aðra þætti skólastarfsins. Fundirnir voru mjög vel sóttir og sýna vel áhuga foreldra á skólastarfinu og skólanum. Foreldrar/forráðamenn nemenda í 1. bekk voru einnig boðaðir til fundar í september þar sem umsjónarkennarar kynntu starfið í 1. bekk og deildarstjóri í sérkennslu hélt fræðsluerindi um lestur og lestrarnám.

Verkefninu „Göngum í skólann“ var ýtt úr vör 8. september. Um er að ræða verkefni sem skólar í allt að 40 löndum taka þátt í. Þátttaka var mjög góð en að meðaltali komu 93% nemenda gangandi eða hjólandi í skólann þessa daga. Gullskóinn hlaut að þessu sinni 4 RJ á yngri stigi 4. HS, 3. BSt, 2. ÁK og 4. US fengu viðurkenningu. Á eldri stigi fengu 5. RS og 7. ÖM gullskóinn en 5. HK og 7 LK, 6. AMH og 7. ÓP fengu viðurkenningu.

Ýmislegt fleira var á döfinni, s.s. *Skólamjólkurdagurinn*, *Evrópski tungumáladagurinn* og samræmd próf hjá nemendum í 4. og 7. bekk.

Nemendur í 4. bekk unnu með námsefnið „Náttúran allan ársins hring“ og notuðu góða veðrið til útikennslu.

Aðalfundur foreldrafélags Hofstaðaskóla var haldinn 7. september í hátíðarsal skólans. Kosnir voru nýir fulltrúar foreldra í skólaráð.

Í skólanum okkar leynast margir lestrarhestar. Bókasafn Garðabæjar stóð fyrir sumarlestri sl. sumar líkt og fyrri ár. Mjög góð þátttaka var í sumarlesturinum en 167 börn skráðu sig til leiks og 66 skiluðu inn lestrardagbók.

Nemendur komu að venju saman í samsöng þar sem þeir sungu saman undir stjórn tónmenntakennara, en samsöngur er einn af föstum liðum í skólastarfinu.

Nemendur Hofstaðaskóla hafa verið duglegir undanfarin ár við að senda inn hugmyndir í NKG – Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna. 10 nemendur í Hofstaðaskóla áttu hugmyndir sem komust áfram í keppninni og kepptu til úrslita. Nemendur unnu til sex verðlauna, auk þess sem skólinn fékk gullverðlaun fyrir fjölda innsendra tillagna sem hlutfall af nemendafjölda og varðveitir því bikarinn annað árið í röð.



Skólaráð hélt fyrsta fund skólaársins í september. Hægt er að nálgast fundargerðir skólaráðs á vefsíðu skólans <http://www.hofsstadaskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=98806>.

Nemendur skólans hlupu hringveginn þegar þeir tóku þátt í *Norræna skólahlaupinu* þann 8. september. Allir nemendur skólans hlupu í það minnsta 2,5 km – en hver og einn hljóp í samræmi við eigin getu. Nemendur stóðu sig með stakri þryði.

Tækjanefnd foreldrafélagsins hélt nytjamarkað í skólanum í september og veglegt bingó í febrúar en markmiðið var að safna fyrir annarri gagnvirkri kennslutöflu. Þar með hefur foreldrafélagið lagt skólanum til tvær gagnvirkar kennslutöflur. Foreldrum eru færðar þakkir fyrir stuðninginn. Taflan verður afhent formlega í skólabyrjun 2011.

Nemendur í 2. bekk heimsóttu *Tilraunalandið* í Norræna húsinu. Þar fengu þeir tækifæri til að framkvæma og skoða ýmsar tilraunir, en markmið sýningarinnar er að kynna og kanna undraheima vísindanna, veita innblástur og vekja upp forvitni um tilraunir, tæki og lögmál náttúrunnar.

Nemendur í 7. bekk fóru í menningarreisú og heimsóttu Listasafn Reykjavíkur, en tilgangurinn var að skoða sýningu á verkum Errós í tilefni af 70 ára afmæli listamannsins. Nemendur tóku þátt í klippimyndasamkeppni í anda Errós.

Nemendur í 6. bekk fóru í sína árlegu vettvangsferð að Vífilsstaðavatni, en það er hluti af námi í náttúrufræði um lífríki í vatni. Aflinn sem nemendur drógu að landi var fluttur í skólann og krufinn. Sumum fannst þetta heldur ógeðslegt, en aðrir voru mjög spenntir og skoðuðu og skilgreindu að hætti vísindamanna.

Sú hefð hefur myndast í Hofstaðaskóla að hver bekkur sér um dagskrá á sal einu sinni á ári. Nemendur og umsjónarkennarar leggja mikla vinnu í undirbúning og allir hafa hlutverk, flestir á sviði, en nokkrir kjósa að vera tæknimenn baksviðs. Markmiðið er að kenna nemendum að koma fram og styrkja með því sjálfsmýnd þeirra.

Október

Nemendur í 3. IS tóku þátt í *eTwinning* verkefninu Views of Children. Samstarf við franskan skóla sem hófst haustið 2009. Verkefnið hlaut sl. haust *National Quality* viðurkenningu frá Landsskrifstofunni en þá viðurkenningu fá verkefni, á vegum *eTwinning* sem eru vel unnin, vel uppbyggð og skipulögð. Með viðurkenningunni er staðfest að verkefnið hafi náð ákveðnum evrópskum staðli. Samstarfið hélt áfram skólaárið 2010-2011.

Nemendur í 7. bekk buðu jafnöldrum sínum í Flataskóla og Sjálandsskóla á hrekkjavökuball í október en áður höfðu nemendur unnið þemaverkefni í ensku um „Halloween“.

Nemendum var boðið upp á *Tækni-LEGO* námskeið í skólanum. Til gamans má geta að á námskeiðinu voru um 100 kíló af Tækni-LEGO kubbum. Tómsundaheimilið Regnboginn stóð fyrir þessu námskeiði.

Á bókasafninu var árlegur bangsadagur bókasafna haldinn hátíðlegur. Yngri nemendur mættu með bangsa í skólann og nýr bókasafnsbangsi settist að á safninu.

Fulltrúar frá Stjörnuskoðunarfélagi Seltjarnarness færðu skólanum stjörnusjónauka að gjöf. Félagið gefur *Galíleósjónaukann* í alla grunnskóla landsins. Félaginu eru færðar þakkir fyrir höfðinglega gjöf en sjónaukinn á eftir að koma að góðum notum í kennslu í stjörnufræði.

Nemendum í 6. bekk var boðið á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói. Hljómsveitin flutti *Töfraflautuna* eftir Mozart. Halldóra Geirharðsdóttir leikkona var sögumaður, en hún sagði söguna á lifandi og skemmtilegan hátt.

Gerður Kristný rithöfundur og Þórunn Arna Kristjánsdóttir leikkona heimsóttu nemendur í 2. og 3. bekk í tilefni af bókmenntaverkefninu *Skáld í skólum*. Þær sögðu m.a. frá prinsessum og lásu úr sögunni *Ballið á Bessastöðum*.

Elstu börnin á Hæðarbóli heimsóttu skólann í október og kynntu sér starfið í grunnskólanum og heimsóttu nemendur í 1. bekk. Leikskólabörn frá Hæðarbóli, Lundabóli og Bæjarbóli koma í heimsókn nokkrum sinnum á skólaárinu. Þau vinna verkefni með nemendum í 1. bekk, heimsækja bókasafnið, matsalinn og Regnbogann.

Nóvember

Fjölgreindaleikar voru á dagskrá 9.-10. nóvember. Nemendur reyndu sig í ýmsum þrautum í tvo daga. Þeim var skipt í hópa þvert á aldur og voru eldri nemendur liðsstjórar og aðstoðarmenn þeirra yngri. Ánægjulegt var að sjá hve eldri nemendur tóku hlutverk sitt alvarlega og voru duglegir að hjálpa þeim yngri. Nemendur og kennarar eru mjög ánægðir með leikana, enda eru verkefnin fjölbreytt og skemmtileg.

Nemendur í 3. bekk sáu um upplestur í *Norrænu bókasafnsvikunni*, en lesið var úr sögunni *Bláa hnettinum* eftir Andra Snæ Magnason.

Nemendur í 5. bekk unnu stórt verkefni um landnámið. Þeir settu sig í spor landnámsmanna, hlustuðu á sögur, fóru í vettvangsferðir og sköpuðu umhverfi landsnámsmanna í máli og myndum.

Starfsmenn og foreldrar sátu skólaping þar sem fjallað var um innleiðingu á skólustefnu Garðabæjar. Fundarmenn fjölluðu um og forgangsröðuðu markmiðum í skólustefnunni.

Á degi íslenskrar tungu 16. nóvember komu nemendur saman á sal. Allir bekkir á eldra stigi sýndu valin atriði. Nemendur í 5. bekk lásu frumsamin ljóð, nokkrar stúlkur úr 6. bekk röppuðu ljóðin *Móðurást* og *Buxur vesti brók og skór* eftir Jónas Hallgrímsson og nemendur í 7. bekk kynntu skáldin Halldór Laxnes, Þórarin Eldjárn og Andra Snæ Magnason og fluttu verk eftir höfundana. Hjá yngri nemendum sáu 3. bekkingar um dagskrána. Hún hófst með tónlistaratriði, síðan var fjallað um Jónas Hallgrímsson listaskáldið góða og þjóðsagan um *Selshaminn* eftir Jón Árnason var lesin. Dagskránni lauk með samsöng þar sem íslensk lög voru sungin.

Skólinn keypti aðgang að erlendu stærðfræðiefni á veraldarvefnum fyrir nemendur í 6. bekk. (<http://www.mathletics.com>). Vefurinn býður upp á fjölbreytt námsefni sem snertir öll svið stærðfræðinnar svo og þjálfunarleik þar sem nemendur keppa í rauntíma við jafnaldra út um allan heim.



Leikið í snjónum

Rýmingaræfing fór fram í skólanum 30. nóvember. Unnið var samkvæmt áætlun sem endurnýjuð var sl. vor. Nemendur fara eftir ákveðnu skipulagi á battavöllinn með kennurum sínum. Æfingin gekk vel og verður endurtekin árlega.

Desember

Í tilefni af fullveldisdeginum 1. desember mættu nemendur og starfsmenn í fötum í fánalitunum.

Fyrsti formlegi fundur nemendafélagsins var haldinn 1. desember. Nemendur í 4.-7. bekk eiga sæti í nemendafélagi. Þrjár fundir voru haldnar á árinu. Félaginu er ætlað að vera hagsmunafélag nemenda. Skólastjóri og deildarstjóri eldra stigs stýra fundum og rita fundargerð (<http://www.hofsstadaskoli.is/pages/3788>).

Árlegur laufabrauðsdagur foreldrafélagsins var laugardaginn 4. desember, en þá mættu nemendur og foreldrar í skólann, skáru út og steiktu laufabrauð og áttu góða stund saman.

Rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson heimsótti bókasafn Hofsstaðaskóla. Hann hitti nemendur í 4. bekk og las úr bók sinni *Ertu Guð afi?* en fyrir hana hlaut hann *Íslensku barnabókaverðlaunin*. Hann hitti einnig nemendur í 7. bekk og las fyrir þá úr bók sinni *Pokan*.

Nemendur í smíði og textílmennt skoðuðu sýningu Siggju Heimis iðnhönnuðar í Hönnunarsafni Íslands á Garðatorgi.

Nemendur og starfsfólk gerðu ýmislegt sér til skemmtunar á aðventunni. Sumir fóru í leikhús, aðrir á Árbæjarsafn, í bæjarferð og enn aðrir buðu foreldrum/forráðamönnum í foreldrakaffi í skólanum og enn tóku þátt í kertagerð. Hópur nemenda í 5. bekk sá að venju um Aðventumessu í Vídalínskirkju.

Nemendur og starfsfólk snæddu saman jólamat - hangikjöt og tilheyrandi 15. desember. Þessi samvera er orðin að skemmtilegri hefð í skólanum, en nemendur og starfsmenn klæðast rauðu í tilefni dagsins. Jólaleyfi hófst 17. desember að lokinni jólaskemmtun.



Rauður dagur

Janúar

Skólastarf hófst í byrjun janúar að loknu jólaleyfi. Prófadagar í 5.-7. bekk voru á sínum stað. Foreldra- og nemendaviðtöl voru í lok janúar þar sem farið var yfir námsmat og stöðu hvers og eins nemanda.

Íþróttakennarar standa fyrir þriggja vikna dansnámskeiði á hverju ári fyrir alla nemendur í íþróttatímum. Á þorrablóti stíga svo 6. bekkingar dans með foreldrum sínum.

Nemendur í 2. bekk fögnuðu bóndadegi, sem er fyrsti dagur í Þorra, með því að búa til bindi sem þeir færðu feðrum sínum öfum eða frændum. Allir starfsmenn mættu sömuleiðis með

bindi í vinnuna. Dekrað var við karlpeninginn í starfsliðinu og fengu strákarnir veglegan morgunverð að vanda.

Kristrún Sigurðardóttir deildarstjóri eldri deilda sem starfað hefur við skólann í hartnær 35 ár var heiðruð fyrir störf sín, en starfsmönnum Garðabæjar sem starfað hafa hjá bænum í 25 ár eða meira var boðið í móttöku á Garðaholti þar sem þeir fengu veglega bókagjöf.

Nemendur í 3. bekk heimsóttu Mjólkursamsöluna. Vel var tekið á móti krökkunum og þeir fræddir um hvernig mjólkinn verður til og kemst alla leið í fernurnar í mjólkurkælundum.

Frístundabíll hóf akstur í janúar en hlutverk hans er að aka börnum frá tómsundaheimilum í bænum í íþrótt- og æskulýðsstarf. Foreldrar tóku þessari þjónustu fagnandi, enda dregur hún úr skutli og þar með mengun.

Kór Hofsstáðaskóla tók til starfa í janúar á nýjan leik. Settur var upp söngleikurinn *Grease* og farið á landsmót barnakóra í apríl. 40 stúlkur í 4.-7. bekk voru í kórnum í vetur.

Febrúar

Miðvikudaginn 2. febrúar var líf og fjör hjá nemendum í 1. bekk því þá voru krakkarnir búnir að vera 100 daga í skólanum. Bæði nemendur og kennarar mættu í búningum og hófu daginn með því að ganga í halarófu um ganga skólans undir dynjandi danstónlist.

Foreldrafélagið stóð fyrir fjáröflunarbíngói í febrúar, en tilgangurinn var að safna fyrir gagnvirkum skólatöflum. Fimm slíkar töflur eru notaðar við kennslu í skólanum í dag. Rúmlega 500 manns mættu á bíngóið sem heppnaðist einkar vel. Fjöldi spennandi vinninga var í boði, en mörg fyrirtæki í Garðabæ og utan bæjarmarkanna lögðu verkefninu lið með því að gefa vinninga.

Hofsstáðaskóli tók við *Grænfánanum* öðru sinni. Skólinn hefur tekið þátt í verkefninu *Skóli á grænni grein* frá árinu 2005 og fékk *Grænfánann* afhentan í fyrsta sinn 16. nóvember 2007 á 30 ára afmæli skólans. Nemendur komu saman á sal ásamt starfsmönnum og góðum gestum og fluttu dagskrá sem var skipulögð af nemendum og umhverfisnefndinni.

Nemendur í 6. bekk héldu þorablót í febrúar og slógu upp myndarlegri veislu og buðu foreldrum sínum og kennurum. Þorablótið var veglegt að vanda og nemendum til mikils sóma. Búið var að æfa dans í íþróttum og komu nemendur foreldrum sínum á óvart með fótafiminni.

Nemendur í 7. bekk heimsóttu fjölmiðlafyrirtækið *365 miðla*. Vel var tekið á móti krökkunum sem m.a. fengu að fara í hljóðver þar sem útvarpsmaður fræddi þá um starf útvarpsmannsins.

Árleg skólahátíð *Stóru upplestrarkeppninnar* var haldin miðvikudaginn 16. febrúar. Á hátíðinni voru valdir þrír fulltrúar og einn til vara til að lesa á Héraðshátíð *Stóru upplestrarkeppninnar*. Skólahátíðin tókst í alla staði vel. Nemendum í 6. bekk var boðið að horfa á keppnina ásamt nemendum í 7. bekk. Nokkrir nemendur í 6. bekk sáu um skemmtiatriði í hléi.

Miðvikudaginn 16. febrúar var undirritaður samningur milli Garðabæjar, Fjölbautarskóla Garðabæjar og Hofsstáðaskóla um að skólarnir taki Arnarneslækinn í fóstur frá uppsprettu til ósa (<http://www.hofstadaskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=121081>).

Mars

10. mars var foreldrum barna (fædd 2005) boðið ásamt börnum sínum á kynningu í skólanum. Nemendur í 6. og 7. bekk tóku á móti gestunum, gengu með þeim um skólann og sögðu frá starfinu eins og það kemur þeim fyrir sjónir - í máli og myndum. Verðandi nemendur eru orðnir heimavanir í skólanum enda hafa þeir komið í margar heimsóknir og tekið þátt í ýmsum viðburðum og starfi (<http://www.hofsstadaskoli.is/Pages/4005>).

Öskudagurinn var haldinn hátíðlegur og mættu nemendur og starfsfólk í ævintýralegum öskudagsbúningum og tóku þátt í skemmtilegri dagskrá.

Nemendur í 7. bekk voru í Skólabúðum að Reykjum í Hrutafirði vikuna 7.-11 mars en dvöl í skólabúðunum er orðin að hefð í Garðabæ. Dagskrá skólabúðanna er byggð á náttúrufræði, íþróttum og lífsleikni. Nemendur skólans stóðu sig mjög vel, voru sjálfum sér og öðrum til sóma og tóku þátt í dagskránni af lífi og sál.

Fimm starfsmenn í Hofstaðaskóla hlutu styrk úr *Próunarsjóði námsgagna*. Um er að ræða tvö ólík verkefni. Annars vegar er um að ræða gagnvirk íslenskuverkefni þar sem áhersla er lögð á að auka málvitund, orðaforða, stafsetningu og leikni í að beita málfræðipækkingu ásamt lesskilningi. Efnið er fyrir nemendur í 1.-7. bekk en hentar einnig nemendum sem hafa íslensku sem annað tungumál. Hitt verkefnið eru leiðir til að vinna með félagsfærni hjá nemendum í 1.-7. bekk. Námsgögnin hjálpa nemendum sem eru með slaka sjálfsmynd, eiga í örðugleikum með félagsleg samskipti og þeim sem eiga erfitt með að skipuleggja umhverfi sitt.

Framtakssamir feðgar í skólanum áttu frumkvæði að því að stofna skáklúbb. Feðgarnir vilja finna skákáhugamen í skólanum og ná þeim saman á æfingar. Fyrsta mótið sem skáksveitin tók þátt í var í byrjun apríl. Skáklúbburinn starfar í samstarfi við Taflfélag Garðabæjar. Stofnun klúbbsins er gott dæmi um það góða samstarf sem er milli foreldra og skóla í Garðabæ.



Frá stofnfundi skáklúbbsins

Miðvikudaginn 23. mars var haldinn fundur í nemendafélagi Hofstaðaskóla þar sem tveir fulltrúar nemenda voru kosnir í skólaráð skólans fyrir skólaárið 2011-2012. Guðrún Lóa Sverrisdóttir í 6. AMH og Jón Gunnar Hannesson í 6. BV voru kosnir aðalmenn og Kristín Sif Sigsteinsdóttir og Ragnar Loki Ragnarsson í 6. AMH voru kosnir varamenn. Allir nemendur í 6. bekk gátu boðið sig fram í skólaráð og höfðu 16 nemendur, sjö stelpur og níu strákar áhuga á því. Áður en kosning fór fram sögðu fulltrúarnir frá því hvers vegna þeir byðu sig til setu í skólaráði. Kosningin var síðan leynileg þar sem hver fulltrúi í stjórn Nemendafélagsins greiddi einni stelpu og einum strák atkvæði sitt.

Nemendur í 2. bekk unnu verkefni um hvali. Verkefnið var fjölbreytt og skemmtilegt. Nemendur fóru meðal annars út á skólalóð og bjuggu til risastóra steypireið með því að leggjast í snjóinn. Krakkarnir skoðuðu og lásu bækur og bjuggu til glæsileg listaverk ásamt því að læra mörg orð um hvali á ensku.

Stjörnuverið sem er sýndarheimur, þar sem nemendur fræðast um stjörnur, reikistjörnur og tunglið, var sett upp í hátíðarsal skólans fyrir nemendur í 3. og 6. bekk. Himingeimurinn er hluti

af námskrá þessara árganga, en Stjörnuverið auðveldar útskýringar og miðlun á einföldum grunnatriðum himinhvolfsins á myndrænan og eftirminnilegan hátt.

Nemendur í 6. bekk fóru að vanda í Húsdýragarðinn og tóku þátt í vinnumorgni. Nemendum var skipt í hópa og sá einn hópurinn um hirðingu á nautgripum og svínum, annar um hesta og kindur og sá þriðji um hreindýr, refi og minka. Það er alltaf jafn mikil upplifun fyrir nemendur að komast í nálægð við húsdýrin.

Lokahátíð *Stóru upplestrarkeppninnar* í 7. bekk 2010-2011 fór fram við hátíðlega athöfn í Tónlistarskóla Garðabæjar fimmtudaginn 24. mars. Ellefu nemendur úr Grunnskóla Seltjarnarness og grunnskólum Garðabæjar lásu brot úr skáldsögunni *Bærinn á ströndinni* eftir Gunnar M. Magnúss og ljóð eftir Huldu, Unni Benediktsdóttur, auk ljóða sem þátttakendur völdu sjálfir. Nemandi úr Hofsstáðaskóla varð í öðru sæti í keppninni.



Keppendur Hofsstáðaskóla

Nemendur í 4. bekk unnu verkefni um landið okkar Ísland og hvernig það var hér á árum áður. Hluti af verkefninu var heimsókn á Árbæjarsafnið þar sem krakkarnir fræddust um lífið í gamla daga. Nemendur komu fram af háttvísi og voru skólanum til sóma, þeir voru áhugasamir og spurðu margt en vissu líka margt.

Ný íslensk smásaga var frumflutt á *Rás 1* fimmtudaginn 31. mars, en hún heitir *Hörpuslag* og er eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur. Sagan er fyrir börn á aldrinum 6 - 16 ára og var hún samin í tilefni af Degi barnabókarinnar sem er 2. apríl. Nemendur í 1.-4. bekk Hofsstáðaskóla komu saman á sal til að hlusta á upplesturinn en nemendur í 5.-7. bekk hlustuðu á söguna í bekkjarstofum. Gert er ráð fyrir að um 42.000 íslensk skólabörn hafi hlustað á söguna. Sagan fjallar um systkini sem eru á leið í skólann þar sem á að lesa upp nýja íslenska smásögu fyrir alla grunnskólanema á Íslandi. Á þeirri örstuttu leið þurfa þau að keppa við tímann, glíma við dauðann, takast á við kaldrifjaðar hulduverur í kletthöll og færa miklar fórnir. Sagan spyr áleitinna spurninga um sjálfstæði, frjálsan vilja og virði þess sem manni er kærast.

Apríl

Nemandi í 7. ÓP sigraði í ritgerðarsamkeppni Lionsklúbbsins um frið. Keppnin er alþjóðleg og er ætluð blindum og sjónskertum ungmennum á aldrinum 11-13 ára. Markmið með keppninni er að hvetja ungmenni til að hugsa um frið, sjá heiminn í stærra samhengi og leggja sitt af mörkum í umræðunni um frið. Þema keppninnar þetta árið er „Kraftur friðarins“. Sjá nánar á: (<http://www.hofstadaskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=128555>)

Árshátíð 7. bekkja var haldin fimmtudagskvöldið 14. apríl. Nemendur sáu sjálfir um undirbúning með dyggri aðstoð starfsmanna og buðu foreldrum til glæsilegrar veislu. Þema kvöldsins var Lokaball „prom“ og mættu nemendur og foreldrar þrúðbúnir í hátíðarskap. Kvöldið var í alla staði vel heppnað og skemmtu allir sér mjög vel. Það er hefð fyrir því að skemmtiatriðin séu í formi hæfileikakeppni þar sem nemendur sýna hvað í þeim býr. Á ár voru þetta glæsileg og fjölbreytt atriði og átti dómnefndin í stökustu erfiðleikum með að velja vinningsatriðin.

Á haustdögum tóku nemendur í 4. bekk, sem voru í myndmennt, þátt í teiknimyndasamkeppni í tilefni af Alþjóðalega skólamjólkurdeginum undir slagorðinu „Mjólk er góð“. Mynd sem nemandi í Hofsstáðaskóla teiknaði var valin úr hópi 1300 teikninga sem bárust frá 60 skólum alls staðar af að landinu. Tíu nemendur voru valdir og hlutu 25.000 króna verðlaun hver en upphæðin rennur í bekkjarsjóð.

Dagur umhverfisins á Íslandi var mánudaginn 25. apríl. Af því tilefni var ákveðið að tileinka umhverfinu vikuna 26.-29. apríl. Nemendur skólans tóku m.a. þátt í að hreinsa skólalóðina og Arnarneslækinn. Nemendur fengu hvatningarstyrk að launum en styrkurinn var notaður til að kaupa bolta og sippubönd í alla bekki.

Mai

Vímuvarnarhlaup Lions, undir stjórn Lionsklúbbsins Eikar, fór að venju fram 10. maí og tóku nemendur 5. bekkja þátt í því. Tilgangurinn með hlaupinu er að vekja börnin til umhugsunar og gera þau ábyrg og meðvituð um ábyrgð á eigin lífi og velferð. Til að undirstrika boðskapinn hafa Lionskonur tekið með sér ungt fólk sem eru góðar fyrirmyndir til að ávarpa nemendur. Í ár kom með þeim Kjartan Atli körfuknattleiksmaður úr Stjörnunni. 5. BÓ sigraði að þessu sinni.

Fulltrúar frá Kiwanisklúbbum Setbergi komu færandi hendi í maí og gáfu nemendum í 1. bekk hjólahjálma að gjöf sem börnin eru hvött til að nota alltaf þegar þau hjóla, eru á hlaupahjóli eða línuskautum.

Dagana 4.-24. maí tóku nemendur og starfsmenn Hofsstáðaskóla þátt í verkefninu *Hjólað eða gengið í skólann*. Þátttaka og áhugi nemenda var alveg frábær en að meðaltali komu 93% nemenda hjólandi eða gangandi í skólann þessa daga. Starfsmenn stóðu sig einnig mjög vel en um það bil 75% þátttaka var í starfsmannahópnum. Dagleg hreyfing verndar og bætir heilsuna auk þess verður aðkoma barnanna að skólanum öruggari þar sem umferð við skólann minnkar.

Nemendur í 1.-4. bekk unnu með fiskipema. Hver árgangur setti sér markmið og vann út frá þeim. Nemendur í 1. bekk heimsóttu t.d. Náttúrugripasafnið í Kópavogi, bjuggu til bækur um fiska og söfnuðu fróðleik í þær. Nemendur í 2. og 3. bekk fræddust m.a. um helstu einkenni fiska og fiskitegundir. Í lok verkefnisins fengum við góðan gest sem er faðir í skólanum, en hann setti upp fiskasýningu með nytjafiskum og furðufiskum og svaraði spurningum nemenda. Þennan dag lyktaði skólinn eins og frystihús.



„Hann er með beittar tennur“

Nemendur í 2., 4. og 6. bekk í Hofstaðaskóla tóku þátt í alþjóðlegri myndlistarkeppni á vegum *Kids Parliament* eða *Alþingi barna*. Með samkeppninni eru nemendur hvattir til listsköpunar og frumkvöðlastarfsemi. Verkefnið er eitt fjölmargra verkefna sem Alþingi barna stendur fyrir.

UNICEF hlaupið var á dagskrá föstudaginn 13. maí, en þá fóru nemendur og kennarar eldri deilda út og hlupu nokkra hringi. Markmið með þátttökunni er tvíþætt, annars vegar að fræða nemendur um þurfandi börn um allan heim í gegnum holla hreyfingu og hins vegar að safna fé fyrir jafnaldra sína sem búa við bág kjör og lakar aðstæður.

Nemendur unnu til margvíslegra verðlauna í íþróttum o.fl., bæði sem einstaklingar og í hópíþróttum. Þeim er óskað hjartanlega til hamingju með árangurinn.

Júní

Nemendur í 2. bekk luku skólaárinu með glæsilegu verkefni sem byggt er á sögunni *Palli var einn í heiminum*. Verkefnið var unnið í svokölluðum söguramma. Nemendur skrifuðu texta, bjuggu til verk í þrívídd og skreyttu skólann.

Allir nemendur tóku þátt í íþróttadegi og þáðu pylsur í grillveislu. Grillaðar voru um 700 pylsur. Nemendur horfðu á kórinn flytja söngleikinn *Grease*, skemmtu sér í útileikjum og nemendur í 7. bekk kepptu að venju við kennara. Kórinn sýndi einnig söngleikinn fyrir foreldra og var gerður góður rómur að. Kórinn starfar áfram næsta vetur.



Grease á sviðinu í Hofstaðaskóla

Síðustu dagar skólaársins einkenndust að venju af útiveru og óhefðbundnara skólastarfi. Nemendur fóru í fjöruferðir, hjólaferðir og bæjarferðir. Einnig var farið í ferðir út fyrir borgarmörkin t.d. á bóndabæ, Þingvelli, Akranes, Reykholt og Bjarteyjarsand svo eitthvað sé nefnt.



Ratleikur í góða veðrinu

Veitt voru verðlaun í lampasamkeppni í 6. bekk og fyrir nýsköpun í 5. bekk. Marel gaf nemendum veglegar myndavélar í verðlaun. Kiwanisfélagar, veittu líkt og undanfarin ár, nemendum í 7. bekk viðurkenningu fyrir góðan árangur í íslensku. Í Hofsstaðaskóla er hefð fyrir því að veita verðlaun fyrir bestan samanlagðan námsárangur og umsagnir í hverjum 7. bekk.



Verðlaunahafar með Kiwanismönnum

Sú hefð hefur skapast að 7. bekkingar sem kveðja skólann flytji kveðju frá nemendum. Nemandi fylgdi kveðjunni úr hlaði með myndbandi og myndasýningu frá nemendum.

Starfsfólk Hofsstaðaskóla óskar nemendum, foreldrum/forráðamönnum og öðrum velunnurum skólans gleðilegs sumars – með þökk fyrir samstarfið í vetur.

440 nemendur er innritaðir í skólann fyrir næsta skólaár. Skóladagatal skólaársins 2011-2012 er á heimasíðu skólans og ennfremur er bent á atburðadagatalið sem nálgast má á sömu síðu.

Margrét Harðardóttir skólastjóri

2. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

Stjórnendur

Skólastjóri: Margrét Harðardóttir

Aðstoðarskólastjóri: Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Deildarstjóri yngri deilda: (1.-4. bekk): Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir

Deildarstjóri eldri deilda: (5.-7. bekk): Krístrún Sigurðardóttir

Deildarstjóri sérkennslu: Margrét Einarsdóttir

Starfsmenn

Við skólann störfuðu, auk skólastjórna, 36 kennarar, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og umsjónarmaður tómstundaheimilis í 100% starfi. Starfshlutfall námsráðgjafa var aukið úr 50% í 80%. Bókasafnsfræðingur var í 75% starfi. Aðrir starfsmenn voru 22, nokkrir í hlutastarfi. Talmeinafræðingur, sálfræðingur og hjúkrunarfræðingur starfa einnig í skólanum. Meirihluti starfsmanna eru konur en alls starfa níu karlmenn við skólann, auk tölvuumsjónarmanns sem er starfsmaður tölvudeildar en með aðsetur í skólanum. Tveir fyrrverandi kennarar og einn kennaranemi sinntu forfallakennslu í vetur. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á vefsíðunni: <http://www.hofsstadaskoli.is>.

Leyfi - veikindaleyfi

Guðrún Pálsdóttir kennari var í námsleyfi allt skólaárið. Elva Björk Ágústsdóttir náms- og starfsráðgjafi var í fæðingarorlofi frá september til 18. apríl. Rakel S. Hallgrímsdóttir leysti hana af. Ólafur Pétursson var í feðraorlofi í fjórar vikur á haustönn. Ágústa Steinarsdóttir var í sumarleyfi í þrjár vikur á vorönn. Bryndís Guðmundsdóttir þroskajálfi var í veikindaleyfi frá 26. apríl og til maíloka er hún hóf töku fæðingarorlofs. Rosemarie Barriga Jónsson skólaliði var í veikindaleyfi í fjórar vikur á haustönn.

Eftirtaldir starfsmenn létu af störfum í lok skólaárs: Sigurveig Björnsdóttir stuðningsfulltrúi og Unnur Sæmundsdóttir kennari.



Glaðir starfsmenn í góðum skóla

Nemendur

Á skólaárinu voru 430 nemendur í Hofsstaðaskóla, þar af voru 57 í 1. bekk. Nemendum hefur fjölgað um 83 frá árinu 2004. Í júní 2011 eru skráðir 440 nemendur í skólann næsta skólaár.


Fjöldi nemenda í Hofsstaðaskóla síðustu sex ár

	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010
Fjöldi nemenda	345	396	391	400	388	410	430

Hér fyrir neðan má sjá dreifingu nemendahópsins eftir búsetu. Flestir nemendur búa í hinu nýja Akralandi og aðrir dreifast nokkuð jafnt á það sem kalla má gamla skólahverfi Hofsstaðaskóla. Fáir nemendur búa í næsta nágrenni annarra grunnskóla bæjarins.

Búseta nemenda Hofsstaðaskóla eftir hverfum

Akraland	117	27%
Bæjargil	55	12,79%
Lundir	15	3,49%
Hæðir	35	8,14%
Byggðir	35	8,14%
Ásahverfi	2	0,47%
Mýrar	61	14,19%
Búðir	53	12,33%
Móar	26	6,05%
Arnarnes	8	1,86%
Tún	1	0,23%
Flatir	3	0,70%
Holt	4	0,93%
Annað	15	3,49%
	430	



Skipting nemenda í bekkjaskólarið 2010-2011 var þannig að í 6. bekk voru tvær bekkjardeildir en þrjár bekkjardeildir í 1.-5. og 7. bekk. Fjöldi nemenda í bekk var frá 17 til 25 nemendur. Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda nemenda í bekk og kynjaskiptingu þeirra. Stúlkur eru örlítið fjölmennari eða 219 á móti 211 drengjum.

Fjöldi drengja og stúlkna í bekkjardeild í Hofstaðaskóla 2010-2011

Bekkardeild	Fjöldi drengja	Fjöldi stúlkna	Samtals
1. ÁS	10	9	19
1. BS	9	12	21
1. GP	8	9	17
2. ABR	12	10	22
2. ÁK	13	10	23
2. GG	13	9	22
3. BSt	9	11	20
3. IS	9	12	21
3. ÞÞ	9	12	21
4. HS	12	12	24
4. RJ	11	13	24
4. US	10	13	23
5. BÓ	10	11	21
5. HK	11	13	24
5. RS	11	10	21
6. AMH	11	14	25
6. BV	15	9	24
7. LK	10	11	21
7. ÓP	8	9	17
7. ÖM	10	10	20
Samtals	211	219	430



Brosildar bekkjarsystur

Húsnæði

Auk skólabyggingarinnar er kennt í 5 „Hofum“ eða lausum kennslustofum. Þrjú Hofanna voru bekkjarstofur 3. bekkinga, og í tveimur þeirra fer fram kennsla í náttúrufræði og ritþjálfu auk tónlistarkennslu á vegum Tónlistarskóla Garðabæjar.

Öll rými sem mögulegt er að nýta í vinnu með nemendum eða sem aðstöðu starfsmanna eru nú í notkun enda kalla breyttir kennsluhættir á aukið og fjölbreyttara húsnæði. Gangar eru mikið notaðir t.d. í hópstarfi og þemavinnu.

Í skólanum eru almennar kennslustofur 21 og bekkjardeildir 20 í jafnmörgum kennslustofum. 21. stofan er sérkennslustofa.

Endurbótum á sal skólans er nánast lokið og er hann orðinn mjög vel útbúinn. Unnið er að stillingum og frágangi á ljósa- og tækniúnaði. Kennarar og nemendur eru orðnir afar leiknir í að nýta sér þá möguleika sem salurinn og tækin bjóða upp á og mikill metnaður er lagður í sýningar í salnum.

Litlar úrbætur hafa orðið á skólalóðinni nema hvað bætt var undirlagi undir rólur og leiktæki voru yfirfarin. Yfirborð skólalóðarinnar er orðið lélegt á ýmsum stöðum. Foreldrar kvarta yfir óhreinindum og sliti á fatnaði sem af því skapast. Brýnt er að endurbæta körfuboltavöllinn en þar vill safnast vatn í polla þegar rignir og völlurinn er mjög ójafn.



Skólalóðinni haldið snyrtilegri

Hjólagrindur við skólann eru enn of fáar enda fjölgar stöðugt þeim nemendum og starfsmönnum sem velja að hjóla í skólann.

Húsnæði tómstundaheimilisins fullnægir öllum þörfum starfsseminnar og varð gjörbylting á hljóðvist þar eftir að skipt var um gólfefni.



Álfar í skólanum?

Mikilvægt er að auka fjármagn til viðhalds skólans. Mála þarf húsið að innan og utan en farið er að sjá talsvert á því. Ein lítil kennslustofa var máluð sl. haust og þar tekin niður innrétting sem var fyrir og nýttist ekki til kennslu. Innréttingin var sett upp á kaffistofu starfsmanna og bætti aðstöðuna þar til muna. Með fjölgun nemenda og starfsmanna mæðir enn meira á húsinu og því mjög brýnt að við því verði brugðist t.d. með auknu viðhaldi. Salerni nemenda þarf að endurbæta og loka á milli þeirra. Beðið er eftir kostnaðaráætlun vegna þess. Fengist hefur samþykki fyrir því að allir gangar verði málaðir sumarið 2011 og síðan taki við málun á kennslustofum og miðrymi á næstu misserum.

Rúður þarf að yfirfara og skipta út þeim sem eru skemmdar og þá aðallega vegna steypu-skemmda og leka. Yfirborð á svalagólfum hefur ekki verið fullklárað frá byggingu og eftir er að ljúka endanlega þeim viðgerðum sem fram fóru á síðasta ári að utan og þá einkum í hornum og við svalir og endurnýjun skemmdra þakrenna. Húsið er orðið afar skellótt að utan enda stöðugt verið að bletta yfir veggjakrot sem því miður er jafn mikið hér og á flestum öðrum stöðum í bænum.

Bæjarráð samþykkti um miðjan maí að hefja framkvæmdir við sambyggingu Hofa 1 - 3, þriggja lausra kennslustofa sunnan megin við skólann. Í Hofunum eru þrjár bekkjarstofur. Með sambyggingunni er hægt að stækka bæði kennslustofur og forstofur og með því skapast tækifæri til fjölbreyttra kennsluhátta og samstarfs nemenda og kennara. Segja má að með framkvæmdin verði gjörbylting bæði fyrir nemendur og kennara. Endurbæturnar eru í átt til þess að lausu kennslustofurnar svari loks þörfum skólastarfsins og aðstöðumunur minnki.

Heilbrigðiseftirlitið hefur ítrekað gert athugasemdir við loftræstingu í smíðastofunni og skorti á útsogi frá vélum þar. Farið hefur verið fram á það við umsjónarmann fasteigna bæjarins að gerðar verði tillögur um úrbætur og kostnaðaráætlun.

Skipting námsgreina

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda kennslustunda í hverri námsgrein og heildarstundafjölda hvers árgangs. Ný aðalnámskrá grunnskóla tekur gildi síðar á árinu og er þegar farið að vinna eftir henni við undirbúning næsta skólaárs. Í kjölfarið fylgir yfirlit yfir þær greinar sem kenndar eru í s.k. hringekju og fremst í 4. kafla í skýrslum kennara í list og verkgreinum er yfirlit yfir það skipulag sjá bls. 65.

Skipting námsgreina skólaárið 2010-2011

Námsgrein / árgangur	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.
Íslenska skiptist í:	8	8,5	8,5	7,5	6,5	6	6,25
Markviss málörvun	*						
Málrækt		*	*	*	*	*	*
Stafsetning		*	*	*	*	*	*
Ljóð		*	*	*	*	*	*
Ritun	*	*	*	*	*	*	*
Bókmenntir				*	*	*	*
Skrift	*	*	*	*	*	*	*
Lestur	*	*	*	*	*	*	*
Framsögn		*	*	*	*	*	*
Lesskilningur	*	*	*	*	*	*	*
Hlustunarskilningur	*	*	*	*	*	*	*
Stærðfræði	6	6	7	6	5	5	5
Samfélags- /kristin- sið- og trúarbragðafræði (1)	3	3	3	3	5	4	4
Náttúrufræði og umhverfismennt (2)	2	2	2	2	3	4	4
Enska	1	1	1	1	3	3	3
Danska							3
Lífsleikni/salur/samsöngur	2	2	2	2	2	2	2
Ritþjálfí				1	1	1	
Hringekja	1,5*	1	1	1,5*	1,5	2*	
Tölvur	1	1	1	1	1	1	1,75
List og verkgreinar***	3	4	4	4	4	4	4
Tónmennt	2	1	1	1	1	1	
Íþróttir	2	2	2	2	2	2	2
Sund****	1	1		0,5			
Matur	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5
Samtals	33	33	33	33	35,5	35,5	35,5

*Stjórnumerkir reitir í íslensku skilgreina þá þætti sem kenna á. Ekki þarf að skrá á stundatöflu nemenda hvað verið er að kenna í íslenskutímum.

*** **Sund** er kennt á námskeiði í list og verkgreinaskipulaginu í öllum árgöngum. Auk þess fara nemendur í 1., 2. og 4. bekk í sund 1x1 tíma í lok skóladags og 5. bekkur 1x1 tíma þegar er hringekja. Sundtímar eru 40 mín. í 1. og 2. bekk, 50 mín. í 3. og 4. bekk en 60 mín. í 5. - 7. bekk. Allir sundtímar í lok skóladags eru 40 mín.

Hringekja: * Umsjónarkennarar skipuleggja hringekju í árganginum

(1) Á stundatöflu nemenda í eldri bekkjum heitir greinin samfélagsgreinar.

(2) Á stundatöflu nemenda í eldri bekkjum heitir greinin náttúrufræði.

Matur: Kennarar fá greitt sem kennslu en þar fyrir utan fá nemendur 4x0,5 í mat= 2 stundir

Hringekja 2010-2011

	Eðlisvísindi	Þingakubbar	Tölvufærni	Bókasafn	Ritþjálfari	Gagnvirkur lestur	Nýsköpun	Sund
2. bekkur	1	1	1	1				
3. bekkur	1		1		1	1		
5. bekkur							1	1



Útikennsla

Skóladagatal

Starfsemi skólans var í samræmi við samþykkt skóladagatal ársins 2010-2011. Það var unnið í samráði við skólaráð skólans og skólaskrifstofu. Sjá nánar á: <http://www.hofsstadaskoli.is>.

Samkvæmt skóladagatali voru skóladagar nemenda 180. Kennsludagar nemenda voru 175 og skertir dagar alls fimm. Skertir dagar eru þeir dagar sem nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Þeir dagar eru skólasetningardagur, tveir foreldrasamtalsdagar, jólaskemmtun og skólaslita-dagur.

Skólasetning var 24. ágúst og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 25. ágúst. Kennsla féll niður í jólaleyfi nemenda sem var frá 20. desember til og með 4. janúar. Vetrarleyfi var 21. til og með 25. febrúar og páskaleyfi frá 18. apríl til og með 25 apríl. Einnig féll kennsla niður vegna þriggja skipulagsdaga kennara á skólaárinu, þ.e. 17. september, 18. október, og 7. júní. Skólaslit voru 8. júní.

Skóladagur nemenda

Skólastarf hófst kl. 8:30 hjá öllum árgöngum. Hjá 1.-4. bekk lauk skóla alla daga um kl. 14:00. Hjá 5.-7. bekk lauk skóla á bilinu frá kl. 14:00 til 14:40.

Nemendur geta mætt í skólann fyrir kl. 8:00 á morgnana og eru kennslustofur opnar. Í 1.-3. bekk var morgunstund frá kl. 8:15-8:30 og litu stuðningsfulltrúar og skólaliðar eftir nemendum á þeim tíma. Eftir að skóla lauk á daginn bauðst nemendum í 1.-4. bekk lengd viðvera í tómstundaheimilinu, Regnboganum.

Nemendur fengu fimmtán mínútna nestistíma einu sinni á dag og 20 mínútna hádegishlé. Í nestistímanum er létt hressing í kennslustofu en í hádegishléi er borðað í matsal.

Tvisvar sinnum á dag fóru nemendur út í frímínútur. Hjá 1.-4. bekk voru frímínútur kl. 9:50-10:10 og kl. 12:20-12:40. Hjá 5.-7. bekk voru frímínútur kl. 10:30-10:50 og kl. 12:50-13:10. Í frímínútum voru kennarar, stuðningsfulltrúar og skólaliðar á skipulagðri gæslu.



Glaðir nemendur að spila félagsvist

Samstarf heimila og skóla

Samstarf heimila og skólans hefur aukist mjög á undanförunum árum. Margir kennarar eru nánast í daglegu sambandi við foreldra gegnum tölvupóst. *Mentor* er í stöðugri þróun og verður sífellt aðgengilegri í notkun. Sú nýbreytni var tekin upp að nú geta foreldrar skráð veikindi barna sinna beint í *Mentor* og nemendur hafa fengið sitt eigið aðgangsorð að *Mentor*. Þar geta foreldrar fylgst náið með námsframvindu barna sinna og ástundun þeirra. Heimasíða skólans er sívirk og þess gætt að hún birti stöðugt gagnlegar upplýsingar og nýjar fréttir úr skólastarfinu. Yfirumsjón með heimasíðunni hefur Elísabet Benónýsdóttir kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og sér hún einnig um að fræða kennara um nýjungar í samskiptum og tölvumálum. Haustfundir með foreldrum voru haldnir í september. Foreldrar komu ásamt barni sínu í samtali við umsjónarkennara tvisvar yfir veturinn, einu sinni á hverri önn og sumir oftari. Einnig hafa foreldrar samband við kennara í viðtalstímum og með tölvupósti.

Nemendafélag

Nemendafélag Hofsstaðaskóla var stofnað haustið 2010. Stjórn félagsins var valin samkv. lögum félagsins. Sjá hér fyrir neðan.

Lög Nemendafélags Hofsstaðaskóla í Garðabæ

1. Félagið heitir Nemendafélag Hofsstaðaskóla. Félagar eru nemendur í Hofsstaðaskóla.
2. Tilgangur félagsins er að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda skólans.
3. Stjórn félagsins er valin í byrjun skólaárs. Tveir fulltrúar úr hverjum bekk, einn strákur og ein stúlka og einn til vara af hvoru kyni. Nemendur gefa kost á sér og síðan er dregið.
4. Stjórn nemendafélagsins velur fulltrúa nemenda í skólaráð og skal það gert á vorönn.
5. Deildarstjóri eldri deilda og skólastjóri bera ábyrgð á starfsemi Nemendafélagsins og boða til funda a.m.k. þrisvar sinnum á skólaári.
6. Ákvarðanir á fundum eru færðar í fundargerð.

Stjórn Nemendafélags Hofsstaðaskóla 2010-2011 er skipuð eftirfarandi fulltrúum

Bekkur	Stelpa aðalmaður	Strákur aðalmaður	Stelpa varamaður	Strákur varamaður
4. HS	Arndís	Magnús	Marianna	Arnór
4. RJ	Laufey Sara	Halldór	Natalía	Óttar
4. US	Katrín Elva	Árni	Hildur Björg	Axel Þór
5. BÓ	Inga Huld	Björn Gústaf	Ólína Helga	Kristmundur
5. HK	Hildur Katrín	Guðmundur	Sóley Jasmín	Hans Ottó
5. RS	Auður	Guðjón	Berglind	Einar
6. AMH	Elína Dís	Ragnar	Sigurlaug Rán	Kristófer
6. BV	Apríl Mist	Alexander	María	Ólafur
7. LK	Gabríela	Ágúst	Arey	Eyjólfur
7. ÓP	Gunnhildur	Pétur B.	Katrín	Jóel
7. ÖM	Lára Mist	Davíð Bjarni B	Vala	Hlynur

Fyrsti fundur félagsins var haldinn 1. desember og voru aðalmenn og varamenn boðaðir til hans, alls 44 nemendur. Annar fundur félagsins var miðvikudaginn 23. mars. Nemendur hafa komið með ýmsar tillögur að bættu skólastarfi og hafa nokkrar þeirra þegar komið til framkvæmda eins og lækkun á körfum á körfuboltavelli. Nemendafélagið kaus fulltrúa í skólaráð Hofsstaðaskóla fyrir næsta skólaár. Sjá má fundargerðir á: (<http://www.hofsstadaskoli.is/pages/3788>). Krístrún Sigurðardóttir stjórnaði fundum og fundarritari var Margrét Harðardóttir. Auk tveggja funda með allri stjórninni hélt Krístrún tvo fundi með fulltrúum úr 7. bekk vegna undirbúnings fyrir árshátíð þeirra.

Krístrún Sigurðardóttir

Skólaráð

Skólaráð Hofsstaðaskóla var formlega stofnað 17. nóvember 2008. Skólaráðið starfar samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008.

Í skólaráði 2010-2011 sátu: Margrét Harðardóttir skólastjóri, Guðrún Birna Finnsdóttir og Sigrún Snædal Logadóttir fulltrúar foreldra, Anna Linda Bjarnadóttir, fulltrúi grenndarsamfélags, Bergljót Vilhjálmsdóttir og Lilja Karlsdóttir fulltrúar kennara, Sigríður Kragh fulltrúi annarra starfsmanna. Varamaður er Gunnhildur Grétarsdóttir. Daníela Rún Pálsdóttir og Vésteinn Pétursson nemendur í 7. bekk voru fulltrúar nemenda. Nýir fulltrúar nemenda voru kjörnir úr hópi 6. bekkinga í mars þau Guðrún Lóa Sverrisdóttir og Jón Gunnar Hannesson. Varamenn eru Kristín Sif Sigsteinsdóttir og Ragnar Loki Ragnarsson. Daníelu og Vésteini eru hér þakkað frábært starf í þágu nemenda og skólans. Skólaráð hélt fimm fundi á skólaárinu. Lesa má fundargerðir á: <http://www.hofsstadaskoli.is/pages/2518>.

Foreldrafélag Hofsstaðaskóla

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skólans þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppalenda. Rannsóknir hafa sýnt að ef foreldrar eru virkir í samstarfi þá líður börnunum betur í skólanum og námsárangur þeirra eykst. Einn mikilvægasti liðurinn í starfsemi félagsins er að stuðla að öflugu bekkjarstarfi. Þeir koma að félagslífi í samstarfi við kennara, bekkjarkvöldum og ferðum ásamt því að aðstoða á ýmsan hátt við stærri viðburði s.s. jólaskemmtun, þorablót 6. bekkja og árshátíð 7. bekkja. Foreldrafélagið hefur milligöngu um að kosnir séu tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk sem síðan hafa það hlutverk að skipuleggja og halda utan um félagsstarf bekkjarins í samvinnu við kennara. Markmið bekkjarstarfsins er meðal annars að byggja upp góðan félagsanda innan bekkjarins og stuðla að því að nemendur, kennarar og foreldrar kynnist betur. Það leiðir til aukinnar vellíðunar nemenda í skólanum og minnkar líkur á einelti. Einnig geta foreldrar samræmt reglur um útivist o.fl.

Foreldrar eru vakandi yfir framboði og gæðum matarins sem börnunum stendur til boða í skólanum. Þeir stóðu fyrir bekkjarmyndatökum í október og í lok nóvember er árleg laufabrauðsgerð. Þeir hafa unnið ötullega að því að safna fjármunum til kaupa á gagnvirkum kennslutöflum og hafa m.a. haldið nytjamarkað og neonljósabingó. Einnig gáfu þeir kökudiska til nota á bekkjarkvöldum og skemmtunum auk spila og leikfanga í tómsundaheimilið Regnbogann. Næsta skref er að virkja foreldra enn frekar til góðra verka m.a. með því að fá þá til að vera með fræðslu fyrir nemendur. Það er ómetanlegt fyrir skólann að vera í góðu samstarfi við foreldra vegna þess að „það þarf heilt þorp til að ala upp börn“ og með samstilltu átaki foreldra og skóla vegnar börnunum betur. Nánar má fræðast um starfið í fréttabréfum félagsins sem send eru öllum foreldrum auk þess sem ýmsar upplýsingar eru birtar á vefsvæði félagsins á vef skólans, (<http://www.hofsstadaskoli.is/pages/548>).

Í stjórn foreldrafélagsins sitja sex fulltrúar foreldra. Þeir eru kosnir á aðalfundi í maí, ýmist til eins eða tveggja ára. Stjórnin fundar mánaðarlega, að jafnaði fyrsta mánudag í hverjum mánuði.

Eftirtaldir foreldrar skipuðu stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2010-2011

Guðrún Birna Finnsdóttir, formaður
 Sigríður Guðlaugsdóttir, varaformaður
 Sigríður Inga Sigurðardóttir, ritari
 Gunnþór S. Jónsson, gjaldkeri
 Inga Lís Sólonsdóttir, meðstjórnandi
 Þorgeir Axelsson, meðstjórnandi

Bekkjarfulltrúar 2010-2011

Elfa Björk Farestveit	1. ÁS	Rósa Júlía Steinþórsdóttir	2. ABR
Stella Stefánsdóttir	1. ÁS	Sif Beckers	2. ABR
Helga Þorvaldsdóttir	1. GP	Guðrún B. Finnsdóttir	2. ÁK
Lilja Karlsdóttir	1. BS	Hafdís Böðvarsdóttir	2. ÁK
Ída Björg Unnardóttir	1. BS	Hanna Guðlaugsdóttir	2. ÁK
Hildur Sigrún Kristinsdóttir	2. GG	Þuríður Jónsdóttir	3. BST
Védís Ingólfssdóttir	2. GG	Erlendur Þór Ólafsson	3. BST
Kristbjörg Guðmundsdóttir	3. IS	Marsibil Ingibjörg Hjaltalín	3. ÞÞ
Hrönn Guðmundsdóttir	3. IS	Erna Björk Ásbjörnsdóttir	3. ÞÞ
Þóra Stefánsdóttir	4. HS	Sigríður Guðlaugsdóttir	5. BÓ
Brynja Blanda Brynleifsdóttir	4. HS	Freydís Björnsdóttir	5. BÓ
Iðunn Bragadóttir	4. RJ	Jóhanna Kristín Guðmunds.	5. BÓ
Áslaug Hreiðarsdóttir	4. RJ	Hildur Gunnlaugsdóttir	5. HK
Vala Guðný Guðnadóttir	4. US	Gabríela Kristjánsdóttir	5. HK
Auður Sigurðardóttir	4. US	Hrönn Eir Grétarsdóttir	5. RS
Helga Sigurðardóttir	5. RS	Dagný Björk Þórgnýsdóttir	6. AMH
Laufey Ólafsdóttir	5. RS	Kristín Einarsdóttir	6. AMH
Ingibjörg Tómasdóttir	6. BV	Dóróthea Elva Jóhannsdóttir	7. LK
Sigrún H. Kristjánsdóttir	6. BV	Kristbjörg Ágústsdóttir	7. LK
Guðrún Willardsdóttir	7. ÓP	Steinunn Jóhanna Bergmann	7. ÖM
Sigrún Snædal Logadóttir	7. ÓP	Guðrún Björk Gunnarsdóttir	7. ÖM



Foreldrar og börn dansa saman á þorrablótí í 6. bekk

3. ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

Símenntun starfsmanna

Ný símenntunaráætlun fyrir skólann var unnin á vorönn fyrir skólaárið 2010-2011 og kynnt fyrir starfsmönnum í apríl. Skólinn fékk styrk að upphæð kr. 400.000,- úr *Endurmenntunarsjóði grunnskóla* til að halda nokkur námskeið á þessu skólaári. Auk þess fengu kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni í grunnskólum Garðabæjar styrk úr sama sjóði, að upphæð kr. 600.000,-, til að halda tölvunámskeið fyrir kennara í Garðabæ (sjá skýrslu kennsluráðgjafa).

Skólinn hélt eftirfarandi námskeið fyrir styrk úr sjóðnum:

- Einingakubbar til kennslu yngri barna
- Skyndihjálp
- Gagnvirkar töflur í kennslu
- Markviss foreldraviðtöl - námskeið fyrir kennara
- Margbreytilegar matsaðferðir – utanumhald um námsárangur nemenda

Kennarar sóttu auk þess ýmsa fræðslufundi á vegum Garðabæjar:

- Stúlkur og einelti
- Kynjafræði – fræðsla um jafnrétti
- Örnámskeið um greinarskrif
- Bekkjafundir
- Kynning á almennum hluta aðalnámskrár
- Fagfundir í grunnskólum Garðabæjar

Auk þess sinna kennarar persónulegri endurmenntun en þeir skila yfirliti yfir alla sí- og endurmenntun á þar til gerðu eyðublaði sem skólinn varðveitir.

Fimm starfsmenn í Hofsstáðaskóla hlutu styrk úr *Þróunarsjóði námsgagna*. Um er að ræða tvö ólík verkefni. Annars vegar er um að ræða gagnvirk íslenskuverkefni þar sem áhersla er lögð á að auka málvitund, orðaforða, stafsetningu og leikni í að beita málfræðiþekkingu ásamt lesskilningi. Efnið er fyrir nemendum í 1.-7. bekk en hentar einnig nemendum sem hafa íslensku sem annað tungumál. Hitt verkefnið eru leiðir til að vinna með félagsfærni hjá nemendum í 1.-7. bekk. Námsgögnin hjálpa nemendum sem eru með slaka sjálfsmýnd, eiga í örðugleikum með félagsleg samskipti og þá sem eiga erfitt með að skipuleggja umhverfi sitt.

Sótt var um styrk í *Sprotasjóð* vegna verkefnisins *Orð af orði* og markmiðssetningar og námsframvindu í ensku á yngra stigi en að þessu sinni fékk skólinn ekki styrk úr sjóðnum.

Nokkur umræða var um endurmenntun kennara og þá sérstaklega með tilliti til kjarasamnings, en þar er gert ráð fyrir að kennarar sinni endurmenntun í 102-150 stundir utan starfstíma skóla. Nú skila kennarar inn yfirliti yfir endurmenntun en þeim er ætlað að skila inn áætlun um endurmenntun í upphafi hvers skólaárs frá og með hausti 2011.

Menntasetrið *Klifid* og Skólaskrifstofan hafa gert með sér samkomulag um að bjóða upp á námskeið fyrir kennara nokkra miðvikudaga á næsta skólaári. Kennarar geta valið hvaða námskeið þeir sækja, en þeim er ætlað að uppfylla ákvæði í kjarasamningi með þessu fyrirkomulagi. Þessi námskeið verða kennurum að kostnaðarlausu. Þeir geta ennfremur sótt önnur námskeið og sækja þá um styrk í *VONarsjóð*.

Mikil vinna fór í upphafi skólaárs í að greina markmið nýrrar skólustefnu Garðabæjar fyrir leikgrunn- og tónlistarskóla. Sú vinna var að mestu á hendi skólustjóra og sjálfsmatsteymis. Haldin voru skólaþing í nóvember, annars vegar fyrir kennara og hins vegar fyrir foreldra. Þar var unnið

með markmið skólastefnunnar og þeim forgangsraðað og settur upp *Vegvísir* til næstu þriggja ára. Unnið var út frá aðalnámskrá grunnskóla og námskrá skólans. Í framhaldi af því var sett upp sjálfsmatsáætlun út frá hugmyndafræði *stefnumiðaðs árangursmats* (BSC). Þeirri vinnu verður haldið áfram næsta skólaár (<http://www.hofsstadaskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=126666>).



Skólaping starfsmanna

Kennarar unnu í teyllum að ýmsum hugmyndum á ytra umhverfi skólastarfsins s.s. frímínútnagæslu, skólatíma, stundaskrá, fundartímum, endurmenntun o.fl. Ennfremur var fyrirkomulagi á námsmati velt upp m.a. með tilliti til skráninga í *Mentor*. Aðstoðarskólastjóri stýrði vinnuhópunum, tók saman niðurstöður og kynnti á kennarafundi.

Í byrjun júní fóru 15 kennarar og stjórnendur skólans í námsferð og heimsóttu *Ardleigh Green Junior School* Havering í Romford á Englandi. Markmið ferðarinnar var að kynna sér aðferðir skólans í ritun, en nemendur skólans hafa náð framúrskarandi árangri, strákarnir ekki síður. Kennarar fengu styrk úr *VONarsjóði* (<http://havering.schooljotter.com/ardleigh>)

Margrét Harðardóttir skólastjóri

Heimaskólaverkefni - vettvangsnám

Haustið 2007 gerði Hofsstaðaskóli samning við Kennaraháskóla Íslands nú Menntavísindasvið HÍ um vettvangsnám kennaranema. Samningurinn er nú útrunninn og ekki vitað hvort hann verði endurnýjaður þar sem HÍ mun líklega fækka viðtökuskólum til þess að nýta fjármagn betur. Einnig þarf að endurskoða greiðslur til skólanna og viðtökukennara.

Hópur reyndra og áhugasamra kennara tekur á móti nemunum í umsjá aðstoðarskólastjóra sem er tengiliður við HÍ. Heimaskólaverkefnið er kærkomið tækifæri til aukins starfsþroska kennara vegna þess að þeir þurfa að skoða eigið starf og færa rök fyrir ákvörðunum á vali t.d. kennsluaðferða og námsefnis. Þeir verða að stíga út fyrir starfið og skoða sjálfan sig og starfsaðferðir með augum annarra. Það er einnig bæði gagnlegt og gefandi að taka á móti nýliðum og miðla til þeirra af reynslu sinni. Tengingin við Menntavísindasvið gefur ennfremur tilefni til margs konar samvinnu s.s. um rannsóknir á skólastarfi og þróunarstarfi auk tækifæra til þess að fylgjast með nýjungum í kennslufræðum. Þannig getur heimaskólaverkefnið verið í senn tækifæri og vettvangur skólaþróunar.

Á skólaárinu voru sex kennaranemar úr HÍ með samning við Hofsstaðaskóla. Nemarnir voru bæði á öðru og þriðja ári. Kjörsvið þeirra voru kennsla yngri barna, samfélagsfræði, enska og upplýsingatækni. Allir nemarnir nema tveir hafa nú lokið námi við HÍ. Eftirtaldir kennarar veittu

nemunum leiðsögn: Bryndís Svavarsdóttir, Björg Jónsdóttir, Elísabet Benónýsdóttir, Hrönn Kærnested og Ragna Jóhannsdóttir. Aðstoðarskólastjóri tók á móti hópi 1. ársnema í kynningarheimsókn þar sem markmiðið var að þeir kynntust sem flestum hliðum skólustarfsins. Auk nemanna frá HÍ voru tveir nemar í íþróttافرæðum í vettvangsnámi á vorönn hjá Hreini Októ Karlssyni og Ragnheiði Þórdísi Ragnarsdóttur.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri

Fagfundir grunnskólanna

Á skólaárinu voru haldnir tveir fagfundir grunnskólanna í Garðabæ. Þeir voru haldnir að frumkvæði skólastjórnenda og skipulagðir af þeim. Fundirnir voru haldnir í öllum skólunum og misjafnt hvar ákveðnir kennara- eða starfsmannahópar hittust. Þannig gafst starfsmönnum tækifæri til þess að sækja heim fleiri en einn skóla. Dagskrá fundanna var í höndum hvers starfshóps og mismunandi hvort þeir hittust einu sinni eða tvisvar því margir tilheyra fleiri en einum hópi. Almenn ánægja var með fundina og hafa sumir hóparnir hist oftast t.d. íþróttakennarar. Teknar voru saman athugasemdir eftir fundina til þess að hægt sé að gera þá skilvirkari og kom fram að nauðsynlegt er að skipa fundarstjóra og fundarritara. Sumir hópar vilja hittast oftast og aðrir sjaldnar. Ljóst er að fagfundirnir eiga framtíð fyrir sér og auka samstarf starfsmanna skólann og auðga skólasamfélagið. Það þarf ekki að leita langt yfir skammt til að þróa sig í starfi. Stundum eru tækifærin við bæjardyrnar og bara það að heimsækja nágrennaskólana er hugmyndavaki.

Hafdís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri

Mat á skólastarfi - sjálfsmat

Sjálfsmatsskýrsla Hofsstaðaskóla fyrir árið 2010 er frábrugðin eldri skýrslum þar sem ekki var unnið eftir fyrirfram mótaðri áætlun. Ástæðan er m.a. sú að verið er að innleiða nýja skólastefnu fyrir Garðabæ, en hún lá ekki fyrir fyrr en að vori 2010. Stuðst var við fyrirbyggjandi kannanir og önnur gögn sem máli skipta við vinnslu og gerð sjálfsmats skólans. (<http://www.hofstadaskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=115630>).

Skólum í Garðabæ er ætlað að vinna samkvæmt stefnunni, en gildistími hennar er til ársins 2013. Skólastefnan var kynnt formlega fyrir skólastjórum í lok ágúst og vinnuferli við gerð hennar var kynnt fyrir starfsmönnum skólanna í september og október.

Margrét Harðardóttir skólastjóri

Færnimiðað nám í stærðfræði og ensku

Stærðfræði í 5.-7. bekk var kennd í fjórum færnimiðuðum hópum í 6. og 7. bekk en í fimm hópum í 5. bekk. Hóparnir eru kallaðir, blár, rauður, gulur og grænn. Getumestu nemendurnir eru í bláa hópnum og þeir getuminnstu í græna síðan raðast rauður og gulur þar á milli. Í 5. bekk bættist hvítur hópur á milli bláa og rauða. Fæstir nemendur eru í grænum hópi og flestir í bláum. Með færnimiðaðri kennslu er leitast við að koma betur til móts við þarfir og færni hvers og eins nemanda.

Enska í 6. og 7. bekk var kennd í færnimiðuðum hópum. Þremur í 6. bekk og fjórum í 7. bekk.

Nemendur í öllum hópum eiga að tileinka sér sömu eða sambærileg markmið samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Hofsstáðaskóla (sjá námsvísa). Hluti nemenda ræður við fleiri og flóknari markmið (blár hópur) og aðrir nemendur þurfa lengri tíma og laga þarf námið að þeim (grænn hópur).

Kennarar meta reglulega hvort nemendur séu í hóp við hæfi eða eiga að flytjast milli hópa. Þá er tekið tillit til frammistöðu úr könnunum/prófum svo og skilningi og vinnusemi nemanda miðað við aðra í hópnum

Námsefni

Misjafnt er eftir árgöngum hvort allir hópar nota sama námsefni eða hvort það er aðlagð að hópnum. Markmiðið er að hver og einn nemandi fái námsefni og kennslu við hæfi.

Námsmat

Stefna skólans er að kannanir og próf byggi á þeim markmiðum og kröfum sem gerðar eru til nemenda og getur vægi einstakra þátta verið misjafnt; sjá námsvísa. Misjafnt er eftir árgöngum og hópum hvort nemendur taka sömu kannanir og próf.

Viðhorfakönnun

Nemendur í 6. og 7. bekk svöruðu tveimur spurningum er varðar færnimiðað nám í stærðfræði og ensku. Spurningarnar voru hluti af *Skólapúlsinum* í apríl.

Í ensku voru 84% nemenda mjög sammála eða sammála því að þeir væru sáttir við hópaskiptingu í ensku. Í stærðfræði voru 81% nemenda mjög sammála eða sammála því að þeir væru sáttir við hópaskiptingu í stærðfræði. Þessar niðurstöður gefa til kynna að flestir nemendur eru sáttir við hópaskiptingu í ensku og stærðfræði. Framfarir nemenda í stærðfræði á samræmdum prófum í 7. bekk gefa einnig til kynna að færnimiðað nám sé jákvætt og bæti árangur og líðan nemenda. Sjá skýrslu um samræmd próf hér á eftir.

Krístur Sigurðardóttir deildarstjóri 5.–7. bekk

Samræmd próf

Nemendur í 4. og 7. bekk tóku samræmd próf í september 2010. Í fjórða bekk eru alls 67 nemendur og voru sjö nemendur skráðir með stuðningsúrræði í íslensku og stærðfræði. Einn nemandi fékk leyfi báða þessa daga og tók því ekki prófin og annar fékk leyfi seinni daginn og tók því ekki stærðfræðiprófið. Hvorugur þessara nemenda var skráður með stuðningsúrræði.

Nemendur í 7. bekk eru alls 57. Tíu voru skráðir með stuðningsúrræði í íslensku og jafnmargir í stærðfræði. Einn nemandi var í leyfi báða dagana og annar var veikur í íslenskuprófinu. Báðir þessir nemendur voru skráðir með stuðningsúrræði.

Í 4. bekk var árangur nemenda í stærðfræði 7,59 en landsmeðaltal var 7,2 sem er 0,39 yfir landsmeðaltali. Í íslensku var meðaltalið 6,63 en landsmeðaltal 5,6 sem er 1,03 yfir landsmeðaltali. Árangur nemenda í 7. bekk í stærðfræði var 6,96 en landsmeðaltal 6,1 eða 0,86 yfir landsmeðaltali. Í íslensku var meðaltalið 7,08 en landsmeðaltal 6,7 eða 0,38 yfir landsmeðaltali. Sjá meðfylgjandi töflu:


Samræmdar einkunnir 2010


Meðaltal	Hofsstaða-skóli	Hofsstaða-skóli normaldr.	Garðabær normaldr.	Sv. kjördæmi	Landið
4. bekkur stærðfræði	7,59	32,8	34,3	7,3	7,2
4. bekkur íslenska	6,63	34,8	34,6	5,6	5,6
7. bekkur stærðfræði	6,96	34,6	32,8	6,3	6,1
7. bekkur íslenska	7,08	32,8	31,6	6,8	6,7

Námsframvinda nemenda frá 4. bekk 2007 til 7. bekkjar 2010

Samkvæmt niðurstöðum á samræmdum prófum eru góðar framfarir hjá nemendum í 7. bekk miðað við þegar þeir voru í 4. bekk. Þegar borinn er saman árangur nemenda á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk hækkar meðaltal normaldreifðar einkunnar úr 29,3 í 34,6 eða um 18,1%. Sérstaka athygli vekja miklar framfarir hjá nemendum í lægsta fjórðungnum en þar fækkar þeim úr 27,8% í 3,6%. Þessi árangur styrkir okkur enn frekar í því að halda áfram með færnimiðað nám í stærðfræði í 5. – 7. bekk.

Ekki er marktækur munur á árangri nemenda í íslensku hjá nemendum í 7. bekk miðað við þegar þeir voru í 4. bekk.






Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir deildarstjórar

Læsi í 1. og 2. bekk

Læsi - lesskimun eru lögð fyrir í 1. og 2. bekk. Þrjú verkefni voru lögð fyrir nemendur í 1. bekk og tvö fyrir nemendur í 2. bekk. Deildarstjóri yngra stigs lagði prófin fyrir með aðstoð umsjónarkennara sem fóru yfir prófin. Umsjónarkennarar, deildarstjóri yngri deilda og sérkennari árgangans fóru saman yfir niðurstöðurnar.

Samanburður á meðaltali allra prófa sem voru lögð fyrir í 1. bekk og 2. bekk skólaárið 2009-10 og 2010-11.



Nemendur í 1. og 2. bekk skólaárið 2010-11 sýna aðeins betri árangur en jafnaldrar þeirra á síðasta skólaári. Meðaltalið hefur hækkað um 2 til 3%.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri yngri deilda

Vettvangsferðir

Samkvæmt markmiðum aðalnámskrár grunnskóla og útfærslu þeirra í skólanámskrá Hofsstáðaskóla er lögð áhersla á að hafa skólastarfið eins fjölbreytt og hægt er og að allir eigi kost á námi við hæfi. Starfið er reglulega brotið upp og tækifæri nýtt til ferða og útivistar þegar veður og aðstæður leyfa. Útivistardagar og vettvangsferðir eru mikilvægur þáttur í skólastarfinu og liggur mikill undirbúningur að baki þeim. Huga þarf vel að tengingu við markmið námskrár og tryggja að öllum nemendum líði vel og þeir fái að njóta sín.

Í upphafi skólaársins var gerð áætlun um vettvangsferðir allra árganga og gerð fjárhagsáætlun vegna þeirra. Áfram bauðst grunnskólum að kaupa strætókort fyrir heila bekki eins og byrjað var á 2009. Voru strætisvagnar mikið nýttir í vettvangsferðir og jók verulega möguleika á þeim um leið og nemendur og starfsmenn urðu leiknari í notkun þeirra. Reglur þær eru AV setur um ferðir nemenda geta valdið erfiðleikum t.d. þegar vagninn er orðinn fullur af nemendahópum úr Hafnarfirði þegar komið er í Garðabæ. Í eftirfarandi töflum er yfirlit yfir þær vettvangsferðir sem farnar voru á skólaárinu.

Yngra stig 1. – 4. bekkur

Mánuður	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
September		Fjallasýn í Garðabæ		Berjaferð í hrauninu
Október		Norrænahúsið Tilraunalandið		Heimsókn í Latabæ
Nóvember				Leikhúsfarð í Borgarleikhúsið Þjóðminjasafnið
Desember	Heimsókn á Hæðarból og Lundaból	Heimsókn í Alþingi Menningar- og kaffihúsaferð í Hafnarfjörð	Leikhúsfarð í lðnó	Bæjarfarð
Febrúar	Álfaskoðunarferð			Þjóðminjasafnið
Mars			Heimsókn í Mjólkursamsöluna	Heimsókn á Árbæjarsafnið Sinfóníutónleikar
Apríl		Heimsókn í Flataskóla		
Maí	Heimsókn á Hæðarból Vorferð í Heiðmörk Náttúrugripasafnið í Kópavogi		Sveitafarð í Miðdal í Kjós	Hjólaferð í Sjáland Heimsókn í endurvinnslustöð Sorpu
Júní		Vorferð á Þingvelli		Gönguferðir



Beðið eftir strætó

Eldra stig 5. – 7. bekkur

Mánuður	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
September	Landnámssýning	Vífilsstaðavatn	Heimsókn á Gljúfrastein
Október	Norræna húsið Þjóðminjasafnið	Norræna húsið Tilraunalandið	Listsýning Erró
Nóvember		Vídalínskirkja	Þjóðminjasafnið
Desember	Leikhúsferð	Leikhúsferð í Iðnó	Leikhús- og bæjarferð
Febrúar		Þorablót Tónleikaferð í Háskólabíó	Heimsókn í 365 miðla
Mars	Sinfóníutónleikar	Vinumorgunn í Húsdýragarðinum	Skólábúðir að Reykjum
Apríl		Listasafn Íslands Kjarvalsstaðir	
Mái	Hjólaferð á Álftanes Hjóla- og gönguferðir	Þjóðmenningarhúsið Handritasýning	Hjólaferð
Júní	Vorferð á Þingvelli	Vorferð í Reykholt Gönguferðir um Garðabæ Vorferð í Sandahlíð	Vorferð í Hvalfjörð Sögu-slóðir Hjólaferð í Nauthólsvík

Þemadagar- fjölgreindaleikar



Einbeittir nemendur

Dagana 9. og 10. nóvember voru fjölgreindaleikar í Hofstaðaskóla. Leikarnir fóru fram bæði í skólanum og í íþróttahúsinu Mýrinni. Annan daginn unnu nemendur í íþróttahúsinu en hinn daginn í skólanum. Starfsfólk mætti í furðufötum og lífgaði það mikið upp á leikana.

Nemendum var skipt upp í 34 lið sem í voru 11-12 nemendur úr öllum árgöngum. Nemendur úr 6. og 7. bekk voru fyrirliðar. Settar voru upp 34 stöðvar en liðin fóru á milli þeirra og unnu saman að því að leysa margskonar þrautir sem reyndu á ýmsa hæfileika. Sem dæmi má nefna ensku, jóga, spurningakeppni Óla, boccia, þrautabraut, kunnáttu í þjóðfánum, körfuhittni, húllakeppni svo eitthvað sé nefnt Á hverri stöð fengu liðin stig fyrir frammistöðu og framkomu liðsmanna.

Föstudaginn 19. nóvember var uppskeruhátíð fjölgreindaleikanna. Fyrirliðar sóttu sína nemendur í skólastofur og sátu liðin saman á sal þar sem sýndar voru myndir frá leikunum. Síðan voru veittar viðurkenningar þeim liðum sem lentu í þremur efstu sætunum. Einnig fengu þeir fyrirliðar sem þóttu skara fram úr fengu sérstaka viðurkenningu.



Fjölgreindaleikar Hofstaðaskóla tókust afar vel

Skóli á grænni grein

Hofsstaðaskóli hefur verið *Skóli á grænni grein* frá haustinu 2007 og fékk Grænfánann endurnýjaðan á skólaárinu. Í vetur var unnið markvisst samkvæmt endurskoðaðri umhverfisstefnu Hofstaðaskóla. Útlitsbreyting varð á uppsetningu stefnunnar og svokallaðar umhverfisreglur settar fram.

Umhverfisreglur

Við flokkum úrgang og skilum til Sorpu:

- blönduðum úrgangi
- bylgjupappa
- drykkjarfernum
- flöskum
- rafhlöðum
- pappír



Við endurnýtum:

- afsag í smíðastofu
- pappír
- ýmsar umbúðir úr heimilisfræðistofu og frá heimilum
- við slökkvum ljós í mannlausum herbergjum
- við hvetjum til vatnsdrykkju
- við nýtum pappírinn vel
- við notum sem minnst af einnota umbúðum
- við göngum vel um Hofstaðaskóla og umhverfi hans
- við tileinkum okkur útikennslu
- við fáum fræðslu í umhverfismennt
- við göngum/hjólum í skólann eins oft og hægt er

Skólaárið 2010-2011 voru eftirfarandi þættir hafðir í öndvegi:

- Ganga vel um Hofstaðaskóla og umhverfi hans
 - Efla útikennslu
- Efla fræðslu í umhverfismennt
 - Ganga/hjóla í skólann eins oft og hægt er

Eins og undanfarin ár var starfrækt umhverfisnefnd. Nemendum í henni fjölgaði töluvert og eru núna frá 3. bekk.

Verkefnastjórar: Krístrún Sigurðardóttir og Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjórar. Fulltrúar kennara: Áslaug Þorgeirdóttir heimilisfræðikennari, Ragna Jóhannsdóttir umsjónar-kennari og Ólöf Harpa Gunnarsdóttir sérkennari. Fulltrúi annarra starfsmanna: Gunnar Pálmason húsvörður. Fulltrúi foreldra: Kristbjörg Ágústsdóttir.

Fulltrúar nemenda: Jóel Ísak Jóelsson 7. ÓP, Rannveig Eva Snorradóttir 7. LK, Guðmundur Jóhannsson 7. ÖM, Guðrún Lóa Sverrisdóttir 6. AMH, Jakob Freyr Sveinsson 6. BV, Agnes Gunnarsdóttir 5. BÓ, Bertha Lena J Sverrisdóttir 5. BÓ, Daníel Tjörvi Hannesson 5. HK, Kári Georgsson 5. HK, Guðni Snær Stefánsson 5. RS, Heiður Ívarsdóttir 4. HS, Helga María Magnúsdóttir 4. HS, Þorbjörn Bragi Jónsson 4. RJ, Birgir Guðlaugsson 4. US, Arnar Daði Jónsson 3. IS, Ingvi Freyr Stefánsson 3. BSt og Katrín Eyjólfadóttir 3. ÞÞ.



Nefndin hélt fimm fundi. Á fyrsta fundi í september komu allir aðilar nefndarinnar saman og lögðu línurnar fyrir veturinn. Nemendur í nefndinni voru mjög virkir og áhugasamir í umhverfisstarfinu og tóku m.a. að sér ásamt umsjónarkennurum sínum að kynna stefnu og markmið starfsins. Þeir fóru í umhverfisgæslu, sátu úttektarfund með aðila frá *Landvernd*, voru viðstaddir undirritun samstarfssamnings varðandi Arnarneslæk og afhentu viðurkenningar í tengslum við verkefnið *Gengið/hjólað í skólann*.

Endurnýjun grænfánans

Í tengslum við endurnýjun Grænfánans var dagskrá á sal fimmtudaginn 3. febrúar. Þann dag voru nemendur og starfsmenn hvattir til að koma gangandi í skólann og klæðast einhverju grænu. Dagskráin á sal tókst afar vel en allur skólinn kom saman ásamt góðum gestum og var athöfnin skipulögð af nemendum í umhverfisnefndinni. Nýstofnaður kór Hofstaðaskóla söng, nemendur léku á hljóðfæri og fluttu frumsamin ljóð um náttúruna. Að lokinni myndasýningu þar sem sýnd voru fjölmörg verkefni sem nemendur vinna í tengslum við umhverfisstefnu skólans afhenti Orri Páll Jóhannsson fulltrúum úr umhverfisnefndinni Grænfánann. Hann hvatti nemendur til frekari dáða á þessum vettvangi og ítrekaði það að allir verða að hjálpast að og standa vörð um umhverfið og náttúruna. Sérstakur Umhverfisveggur var tekinn í notkun þennan dag, en þar er að finna ýmsan fróðleik, verk nemenda og upplýsingar er tengjast umhverfismálum.



Eftir afhendingu fánans stjórnaði Orri Páll frá Landvernd fræðslufundi eða svokölluðu „Heimskaffi“ fyrir starfsfólk skólans. Mikil ánægja var með fundinn og margar góðar hugmyndir komu fram sem nýtast í áframhaldandi vinnu í umhverfismennt.

Arnarneslækur í fóstur

Skólinn tekur þátt í verkefni í tengslum við Arnarneslækinn sem rennur meðfram skólalóðinni. Þann 16. febrúar var undirritaður samstarfssamningur milli Garðabæjar, Fjölbrautaskóla Garðabæjar og Hofstaðaskóla um að skólarnir taki Arnarneslækinn í fóstur frá uppsprettu til ósa. Gunnar bæjarstjóri skrifaði undir samninginn fyrir hönd Garðabæjar, Hafdís Bára aðstoðarskólastjóri fyrir hönd Hofstaðaskóla og Kristinn skólameistari fyrir hönd FG. Viðstaddir voru nemendur í umhverfisnefnd Hofstaðaskóla, stjórn Nemendafélags FG auk annarra gesta. Þá var Þorsteinn fyrrum skólameistari FG viðstaddur en hann er aðal hvatamaðurinn að gerð samningsins. Lagðar hafa verið línur um hvaða árgangar og hvaða verkefni sé hægt að vinna í tengslum við lækinn.



Fjölbreytt starf

Allir árgangar skólans tóku þátt í skipulagðri útivist nokkrum sinnum yfir skólaárið þar sem m.a. var farið í ratleik um skólalóðina í tengslum við *Dag umhverfisins*. Unnið var að fjölbreyttum umhverfistengdum verkefnum í öllum árgöngum þar sem 1. bekkur lærði um umhverfi skólans, 2. bekkur um fjöll, 3. bekkur um húsdýrin, 4. bekkur fræddist um umhverfismál og endurvinnslu, 5. bekkingar hjóluðu að Vífilsstaðavatni og skoðuðu plöntur og fuglalíf, 6. bekkingar tóku þátt í *Norræna loftslagsdeginum* og keppni sem tengdist honum og 7. bekkingar fóru á Reyki í skólabúðir. Auk ofantalins var unnið með fjölda annarra verkefna og nemendur fóru í fjölmargar ferðir þar sem umhverfisfræðsla kemur við sögu. Hver bekkur sá einu til tvisvar á skólaárinu um að hreinsa skólalóðina. Mikið hefur dregið úr fernunotkun og heyra þær nánast til undantekninga í yngri bekkjum skólans. Hvatt er til vatnsdrykkju og voru flestir nemendur með glas eða brúsa í skólastofunni. Á vordögum gróðursettu nemendur í 4. bekk birkiplöntur í Garðabæ í samstarfi við garðyrkjudeild bæjarins og Skógræktarfélagið. 1.–4. bekkur var með fiskapema undir lok skólaárs sem endaði með fiskasýningu í anddyri skólans í boði föður í 3. IS.



Gróðursetning


Á vordögum tóku allir bekkir skólans þátt í hreinsun á Arnarneslæk frá upptökum til ósa og fengu að launum hvatningarstyrk frá bænum. Styrkurinn var notaður til að kaupa bolta, sippubönd og fleira fyrir bekkina.


Eins og undanfarin ár tóku nemendur í 6. bekk þátt í lampasamkeppni þar sem gamall efniviður var nýttur til hins ýtrasta.

Á haustdögum tók skólinn þátt í verkefninu *Göngum í skólann*. Þátttaka nemenda var mjög góð en 93% nemenda komu annað hvort gangandi eða á hjóli í skólann þessa daga. Veittur var Gullskór fyrir besta árangur á yngra og eldra stigi og viðurkenningar fyrir annað og þriðja sætið. Í maí tóku nemendur og starfsmenn þátt í verkefninu *Hjólað í vinnuna*. Þátttaka og áhugi nemenda var alveg frábær en að meðaltali komu 98% nemenda hjólandi eða gangandi í skólann þessa daga.



Með gullskóinn





Dagur umhverfisins

Ýmislegt var gert í tengslum við *Dag umhverfisins* en vinnan fór að mestu fram 26. – 29. apríl. Það sem helst ber að nefna er ratleikur sem settur var upp á skólalóðinni annars vegar fyrir yngri nemendum og hins vegar fyrir eldri nemendum. Einnig fór nokkur vinna í hreinsun á Arnarneslæknum en það tengdist verkefninu „Arnarneslækur í fóstur“. Nemendur voru fræddir um frárennsli húsa í bænum og hvað getur mengað læki. Í framhaldi af því tóku nemendur þátt í teiknisamkeppni um „Hvað getur mengað Arnarneslækinn“ og nokkrar myndir voru valdar úr og hengdar upp á umhverfisvegg skólans. Í framhaldinu voru nemendur hvattir til að fræða fjölskylduna um mengunarhættu frá bílastæðum við heimahús.

Samantekt

Þegar á heildina er litið hefur vinna í umhverfismálum vetrarins tekist ágætlega. Það var ánægjulegt að fá Grænfánann endurnýjaðan. Fjölgun nemenda í nefndinni skilaði aukinni skilvirkni og á næsta ári stefnum við á að hafa nemendur frá 1. Bekk með í nefndinni. Vel þarf að huga að umhverfismennt í öllum árgöngum og gera áætlun um verkefni í hverjum árgangi fyrir sig. Umhverfisstarfið er samstarf allra í skólasamfélaginu og einn lykilþátturinn fyrir góðum árangri.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir



Sætir snjókarlar

4. ÝMSAR SKÝRSLUR

Skýrsla deildarstjóra yngri og eldri deilda

Deildarstjórar önnuðust undirbúning skólabyrjunar sem meðal annars felur í sér stundatöflugerð, skipulag list- og verkgreina, íþrótt, færnimiðaðs náms, hópaskiptingar í ýmsum greinum og röðun nemenda í bekk. *Skólanámskrá C* var yfirfarin, endurskoðuð og uppfærð. Gengið var frá ýmiskonar skipulagi s.s. skemmtunum á sal, skipulagi fyrir matsal, þrifum á skólalóð og innanhússkóladagatali. Deildarstjórar hafa yfirumsjón með bókaþyngslu og kennslugögnum og fóru yfir kaup á námsbókum og námsgögnum. Haldnir voru fundir með foreldrum verðandi nýrra nemenda í 2.-7. bekk að hausti. Námsvísar og kennsluáætlanir voru yfirfarnar.

Deildarstjórar sitja í stjórnendateymi Hofsstaðaskóla og eru því virkir í daglegri stjórnun skólans. Þeir koma að skipulagningu og halda utan um marga þætti skólastarfsins. Sem dæmi má nefna; skipulag starfsdaga, samræmdra prófa, fjölgreindaleika, skipulag á jólaskeiðum, skipulag á *Degi íslenskrar tungu*, námskeiða, fræðslufunda og að hluta til að skipulagi á íþróttadegi.

Þeir sitja í starfshópnum *Gegn einelti í Garðabæ* og stýra þeirri vinnu í skólanum ásamt námsráðgjafa. Deildarstjóri eldri deilda sá um framkvæmd og úrvinnslu á *Skólapúlsinum*, vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum. Þeirra er aflað tvisvar á ári í 6. og 7. bekk um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Sjá nánar í sjálfsmatskýrslu 2010-11: (<http://www.hofstadaskoli.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=115630>).

Deildarstjóri yngri deilda sér um öll samskipti við leikskóla og situr fundi vegna *Brúum bilið* samstarfsáætlunar leik- og grunnskóla. Hann skipuleggur skólaheimsóknir og vorskóla fyrir verðandi 1. bekklinga. Hann sér um að leggja fyrir *Læsi* í 1. og 2. bekk og úrvinnslu gagna. Deildarstjóri eldri deilda sér um samskipti við Garðaskóla, þorrablót 6. bekklinga og árhátíð 7. bekklinga, *Stóru upplestrarkeppnina* og Reykjaferð. Einnig er hann prófdómari í framsögn í 7. bekk. Hann stjórnar fundum í nýstofnuðu nemendafélagi Hofsstaðaskóla þar sem nemendur í 4.-7. bekk eiga einn fulltrúa úr hverjum bekk og einn til vara. (sjá kafla um nemendafélag á bls. 24. Auk þessa og margra fleiri verkefna skipuleggja deildarstjórar og stjórnar stigsfundum, þeir sitja nemendaverndarráðsfundi, árgangafundi og fundi með skólastjórum tvisvar í viku. Þeir sitja skilafundi og fundi vegna einstakra nemenda ef þess er óskað.

Deildarstjórnir eru virkir í umhverfisstarfi skólans, sitja í umhverfisnefnd og annar þeirra er verkefnastjóri *Grænfánaverkefnisins*.

Deildarstjórar halda utan um námsmat í skólanum í samvinnu við kennara og kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni. Þeir sjá um að vinna úr niðurstöðum samræmdra prófa og deildarstjóri eldri deilda gerir m.a. skýrslu um framfaræinkunn nemenda frá 4. til 7. bekkjar.

Deildarstjórar sækja fjölbreytt námskeið og fræðslufundi og kynna nýjungar fyrir kennurum.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Krístrún Sigurðardóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk

Í fyrsta bekk voru 57 nemendur í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Ágústa Steinarsdóttir, Bryndís Svavarsdóttir og Gunnhildur Þórðardóttir. Sigríður Kragh og Anna Laxdal voru til stuðnings. Bryndís Guðmundsdóttir og Ragnhildur Sigurðardóttir unnu með hóp í samskiptafærni. Guðrún Dögg Jóhannsdóttir sérkennari veitti stuðning í lestri.

Helstu áherslur árgangsins

Fyrstu dagar og vikur vetrarins fóru í að efla skólafærni nemenda og kynna þeim skólann, starfsfólk og nánasta umhverfi. Í fyrsta bekk var megin áhersla á lestrarkennslu og lestrarnámið. Í tengslum við stafainnlögn var mikil áhersla lögð fjölbreytta og hlutbundna vinnu. Nemendur bjuggu til hlut sem tengdist hverjum staf fyrir sig og skreyttu stofuna með afrakstrinum jafn óðum. Árganginum var blandað saman í sumum af þeim verkefnum sem unnin voru. Einnig var unnið með söguramma í samfélags- og náttúrufræðigreinum.



Kennsluhættir/skipulag



Kennslan var að mati kennara fjölbreytt og margar aðferðir prófaðar. Að hausti var árganginum skipt upp í hópa eftir getu í *Markvissri málörvun*.

Þó nokkuð var um einstaklingsmiðað nám þá helst í íslensku og stærðfræði og þá fékk hver og einn að vinna eftir getu og áhuga og á sínum hraða.

Lögð var mikil áhersla á samvinnu á milli nemenda og þeim markvisst kenndar aðferðir sem stuðluðu að aukinni samvinnuhæfni.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat fór fram í formi símats og 3x yfir veturinn voru lögð fyrir stöðluð próf í *Læsi* - lesskimun. Einnig eru tekin raddlestrarpróf og kannanir í stærðfræði, skrift og stafakönnun í janúar og að vori. Niðurstöður eru síðan skoðaðar og metnar með þarfir hvers og eins í huga.

Þróunarstarf/nýbreytni

Haldið var áfram með samvinnu við leikskólana Hæðarból og Lundaból. Má þar nefna heimsóknir á báða bóga og fjölbreytt verkefni unnin. Meðal annars komu nemendur af Hæðarbóli inn í vinnu í álfaverkefni sem unnið var í Hofstaðaskóla.

Á vordögum var fiskaverkefni unnið í árganginum og tókst það mjög vel. Nemendur lærðu og gátu nafngreint marga fiska og lærðu um einkenni þeirra og lífsferil. Þeir lærðu að þekkja muninn á fersk- og saltvatnsfiskum og um helstu líffæri fiskanna.

Útikennsla

Útikennsla hefur verið jöfn og þétt yfir veturinn og tekið mið af þeim verkefnum sem á dagskrá eru hverju sinni í náttúrufræði-, samfélagsgreinum, stærðfræði, íslensku og lífsleikni.

Í byrjun skólaárs var lögð áhersla á umhverfið og útileiki. Útikennsla hefur einnig verið í tengslum við umferðina. Hópurinn nýtti sér fjöruna og leikvelli í hverfinu. Farið var í vettvangsferð í hraunið við Flatirnar þar sem álfabyggðin var skoðuð.

Vissulega væri gott að skoða kennsluáætlanir í tengslum við útikennslu og festa ferðir og verkefni inn á áætlun í samræmi við það strax að hausti. Kennsluáætlun þar sem fram kemur hvað á að gera og hvert hægt er að fara í tengslum við námsefnið væri mjög hvetjandi og myndi örugglega leiða til þess að meira væri um útikennslu.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Umhverfisfræðslu hefur verið sinnt í samræmi við stefnu skólans og markmiðum *Grænfánaverkefnisins*. Umhverfisfræðsla hefur einnig verið jafnt og þétt í tengslum við samfélagsfræðigreinar. Þannig eflist vitund nemenda um umhverfismál. Í tengslum við söguramann „Skólinn minn“ var farið í gönguferð um nærumhverfi skólans. Einnig var farið í gönguferð um nágrennið í tengslum við umferðarfræðslu. Umhverfisfræðsla var einnig í formi fræðslu og verkefna þar sem námsefnið „Komdu og skoðuðu umhverfið“ var notað. Nemendur skoðuðu umhverfi skólans og fjallað var um endurvinnslu. Skólinn tók að sér hreinsun lækjarins og þá fræddust nemendur um og áhrif mengunar á lækinn og mikilvægi þess að halda honum hreinum.

Lífsleikni

Aðalmarkmið vetrarins var að stuðla að vellíðan og öryggi nemenda í hvívetna. Lögð var áhersla á vináttu og tillitsemi. Ýmsir leikir voru notaðir til að efla hópinn og samskipti innan árgangsins. Tengslakannanir sem gerðar voru gáfu tilefni til að skoða samskipti og vináttu innan hópsins og voru hafðar til hliðsjónar í vináttutengslum. Vinahópar voru í bekkjunum. Bekkjarfundir voru haldnir reglulega.

Skemmtanir og félagslíf

Spilakvöld var haldið í byrjun vetrar. Bekkjarquöld var einnig haldið í framhaldi af uppákomu á sal og tókust báðar skemmtanirnar mjög vel. Mikilvægt er að leggja skýrar línur fyrir foreldra og nemendur í 1. bekk og leggja grunninn að því hvaða reglur gilda á svona samkomum t.d. varðandi hlaup, eltingarleiki á göngum o.fl.

Hundrað daga hátíð árgangsins var haldin með pompi og prakt eins og venjan er í skólanum. Nemendur marseruðu um skólann í halarófu, klædd búningum. Unnin voru skemmtileg og fjölbreytt verkefni og farið í leiki.

Foreldrasamstarf

Foreldrafélagið bauð nemendum á leiksýningu í kringum jólin. Leiksýningin fjallaði um systurnar *Snuðru og Tuðru*.

Umsjónarkennarar senda sameiginlegan póst heim reglulega, um það starf sem fram fer og það sem er næst á dagskrá. Mæltist það einstaklega vel fyrir hjá foreldrum.

Bekkjarfulltrúar hafa staðið sig vel, enda hefur samstarfið gengið mjög vel.



Mat á starfi vetrarins

Veturinn hefur verið mjög skemmtilegur, fjölbreyttur og annasamur. Áhersla er lögð á að hafa kennsluna fjölbreytta og lifandi. Nemendur hafa sýnt mjög góðar framfarir í lestranáminu og eru kennarar afar stoltir af því.



Það sem bæta má er helst að hafa fleiri sameiginlega tíma í töflu þar sem hægt er að nýta í hringekju og sameiginlega vinnu og vettvangsferðir. Námsmati mætti breyta og setja það alfarið inn í námsframvindu í *Mentor*. Það væri skilvirkara og gæfi betri upplýsingar um nám og stöðu nemenda.

Ágústa Steinarsdóttir, Bryndís Svavarsdóttir og

Gunnhildur Þórðardóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk

Í 2. bekk voru 67 nemendur. Umsjónarkennarar voru Ásta Kristjánsdóttir 2. ÁK ásamt Arnheiði Ösp Hjálmarsdóttur, Anna Birna Rögnvaldsdóttir 2. ABR og Gunnhildur Grétarsdóttir 2. GG. Agnes Kragh var til stuðnings og Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Ólöf Harpa Gunnarsdóttir sáu um sérkennslu. Brynja Jónsdóttir sá einnig um sérkennslu fram að áramótum. Gréta Pálsdóttir talmeinafræðingur sinnti nokkrum börnum sem þurftu á talkennslu að halda.

Helstu áherslur árgangsins

Áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti ásamt hlutbundinni vinnu sem tengdist hinum fjölmörgu sögurömmum sem unnir voru um veturinn. Áhersla á lestur og lestrarfærni einkenndi starf vetrarins. Sérstök áhersla var lögð á að efla sjálfstæði í vinnubrögðum og vandvirkni, samvinnu nemenda innan árgangsins og félagsfærni.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Fjölbreyttir kennsluhættir voru hafðir að leiðarljósi svo sem sögurammar í íslensku og samfélagsfræði. Blöndun árgangsins í íslensku, stærðfræði, skapandi vinnu. Hringekja í móðurmáli og stærðfræði var einnig innan hvers bekkjar. Leshópar voru frá áramótum þar sem nemendum í hverjum bekk var skipt upp í hópa eftir getu og færni í lestri.

Þó nokkuð var um einstaklingsmiðað nám þá helst í íslensku og stærðfræði þar sem hver og einn fékk tækifæri til að vinna á sínum hraða, eftir getu og áhugasviði.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var breytilegt eftir námsgreinum. Umsagnir, mat á vinnubókum, virkni í hópavinnu og samfélagsfræði, vandvirkni og vinnubrögðum. Námsaðstæður voru aðlagðar fyrir þá sem þurftu aukinn stuðning í náminu.

Hvað má bæta? Athuga að huga betur að vægi stærðfræðikannana. Einnig að huga vel að því hvort meta á námsárangur í lesskilningi og hlustun hjá svona ungum börnum. Hugsanlega væri hægt að láta *Læsisprófin* gilda.



Þróunarstarf/Nýbreytni

Meiri áhersla var lögð á náttúrufræði þar sem þemaverkefni um fugla, fiska, hvali, fjöll, dýr og ánamaðka voru meginviðfangsefni sem meðal annars voru fléttuð inn í stærðfræði og íslensku. Valtímar voru innan árgangsins þar sem nemendur blönduðust í hinum ýmsu verkefnum sem unnin voru í bekkjarstofum og á göngum.

Útikennsla

Útikennsla fór algjörlega eftir þeim verkefnum sem unnin voru hverju sinni. Notast var mikið við næsta umhverfi skólans (sjá hér að ofan verkefni um náttúrufræði).

Vissulega væri gott að skoða kennsluáætlanir í tengslum við útikennslu og festa ferðir og verkefni inn á áætlun í samræmi við það strax að hausti.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Umhverfi skólans var notað eins og kostur var. Hreinsun á skólalóðinni var hluti af umhverfisfræðslunni ásamt hreinsun á læk. Umhverfisfræðsla var einnig í formi umræðna og verkefna.

Vettvangsferðir voru meðal annars í *Tilraunalandið*, Alþingi Íslendinga, kaffihúsaferð í Hafnarfjörð og vorferð á Þingvelli.



Lífsleikni

Helstu áherslur og viðfangsefni í lífsleikni og aðkoma námsráðgjafa. Tengslakannanir voru gerðar og gáfu tilefni til að skoða samskipti og vináttu innan hópsins og voru hafðar til hliðsjónar í vináttutengslum innan bekkjarins. Starfandi voru vinahópar í árganginum sem foreldrar barnanna sáu alfarið um. Bekkjarfundir og umræður voru hluti af lífsleikninámi barnanna.

Skemmtanir og félagslíf

Sögurammakvöld voru haldin fyrir foreldra í lok hvers söguramma. Tvö bekkjarkvöld voru haldin yfir veturinn og tengdist annað þeirra bekkjarskemmtun á sal. Einnig var eitthvað um það að foreldrar héldu spilakvöld fyrir bekkina.

Foreldrasamstarf

Vinahópar hafa verið starfandi í öllum bekkjum með góðum árangri. Bekkjarfulltrúar hafa staðið sig vel í sínu hlutverki í vetur. Foreldrar sáu um að greiða fyrir leiksýningu sem flutt var á sal skólans.

Umsjónarkennarar sendu vikupóst á föstudögum til foreldra með upplýsingum um atburði liðinnar viku og það sem framundan var.

Mat á starfi vetrarins

Að mati kennara hefur veturinn einkennst af skemmtilegum og fjölbreyttum listskapandi verkefnum. Verkefnin hafa verið unnin bæði með tilliti til hópvinnu og einstaklingslega. Miklar framfarir hafa orðið hjá nemendum á mörgum sviðum bæði náms- og félagslega.

Það sem má betur fara er að skoða betur þau próf sem lögð eru fyrir í hinum ýmsu greinum. Vanda valið og skoða vel áður en lagt er fyrir vægi og uppbyggingu. Alltaf má gera betur í prófagerð og væri góð hugmynd að stofna hóp sem myndi skoða það vel.



Nemendur koma fram á sal

Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk

Nemendur 3. bekkjar voru að vori 62 en höfðu verið 55 að hausti. Sjö nemendur bættust í árganginn á skólaárinu. Kennarar árgangsins voru Bryndís Stefánsdóttir, Ingibjörg Sigfúsdóttir og Þóra Þórisdóttir.

Aðrir sem komu að árganginum voru Guðrún Dögg Jóhannsdóttir sérkennari, Margrét Einarsdóttir deildastjóri sérkennslu. Brynja Jónsdóttir sem kenndi nýbúum íslensku. Til stuðnings voru Sigríður Kragh og Sigurveig Björnsdóttir.

Helstu áherslur árgangsins

Aðaláhersla í vetur var lögð á að auka færni í lestri, ritun, stærðfræði og þjálfun í námstækni. Sérstök áhersla var lögð á að efla samkennd, samvinnu og félagsfærni innan árgangsins með sameiginlegum verkefnum og samverustundum.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Að mati kennara voru kennsluhættir fjölbreyttir í vetur. Sem dæmi má nefna: þemavinnu, hringekju, útikennslu, hópvinnu, samvinnu milli árganga og einstaklingsmiðað nám. Kennarar árgangsins sóttu námskeið í ritun hjá John Morris þar sem farið var í gegnum uppbyggingu ritunar og aðferðir við kennslu í ritun. Voru þessar aðferðir nýttar í framhaldinu. Í stærðfræði var efnið flokkað í námsþætti og kannanir hafðar eftir hvern námsþátt. Skil á heimanámi voru vikulega s.s. stærðfræði og íslenska. Gert var ráð fyrir að nemendur læsu daglega heima í a.m.k. 15 mínútur.

Auk hefðbundinna þátta var hluti námsins í hringekju t.d. í gagnvirkum lestri, eðlisvísindum og tölvufærni þar sem boðið var upp á bæði einstaklings- og færnimiðað nám. Ýmsar bækur voru lesnar fyrir nemendur í nestistímum.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var breytilegt eftir námsgreinum t.d. var notast við kannanir, umsagnir og mat á vinnubókum. Námsaðstæður voru aðlagðar fyrir nemendur með frávík, þeir fengu sérstakan stuðning hjá sérkennara. Í eðlisvísindum var notast við leiðsagnarmat í *Mentor*.

Þróunarstarf/Nýbreytni

Einn bekkur tók þátt í *eTwinning* verkefni með skóla í Frakklandi. Þjóðsögur og tröll var unnið í samvinnu við 4. bekk. Eins og áður hefur komið fram sóttu kennarar árgangsins námskeið hjá

John Morris í ritun og unnið var með þær aðferðir. Í stærðfræði var efnið flokkað í námsþætti og kannanir hafðar eftir hvern námsþátt.

Útikennsla

Í útikennslunni var lögð áhersla á að samþætta námsgreinar svo sem náttúrufræði, íslensku, stærðfræði og ensku. Gott væri að skoða kennsluáætlanir að hausti í tengslum við útikennslu og skipuleggja verkefni inn á áætlun í samræmi við þær.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Árgangurinn tók þátt í umhverfisviku skólans sem haldin var á vorönn. Sérstök áhersla var lögð á Arnarneslækinn og umhverfi hans. Árgangurinn tók ásamt öðrum nemendum skólans þátt í hreinsun lækjarinnar. Skólinn endurheimti Grænánann og tók árgangurinn þátt í hátíðarhöldum tengdum afhendingu hans. Í desember komu fulltrúar frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í heimsókn og fræddu nemendur um brunavarnir og sýndu útbúnað slökkviliðs- og sjúkrabíls. Að hausti og vori tókum við þátt í átakinu gengið/hjólað í skólann með mjög góðum árangri. Hópurinn fór í leikhús á aðventunni. Farið var í heimsókn í Mjólkursamsöluna í mars. Í maí var farið í sveitaferð í tengslum við verkefni um húsdýrin og var bærinn Miðdalur í Kjós heimsóttur. Einnig var farið í stuttar gönguferðir um nánasta umhverfi skólans.

Lífsleikni

Mikil áhersla var lögð á að efla bekkjarandann ásamt virðingu og því að setja sig í spor annarra. Deildarstjóri og námsráðgjafi voru til aðstoðar í ýmsum verkefnum. Reglulegir bekkjarfundir voru haldnir. Tengslakannanir voru gerðar á haustönn.

Skemmtanir og félagslíf

Allir bekkirnir héldu tvö bekkjarkvöld, annað kvöldið var spilakvöld og hitt sýning á sal. Gerður Kristný rithöfundur kom í heimsókn ásamt Prinsessunni á Bessastöðum og lásu þær upp úr bókinni og voru sungin lög sem koma fyrir í leiksýningunni.



Í grænni lautu

Foreldrasamstarf

Árgangurinn var með vinahópa sem foreldrar sáu um og rúlluðu þeir yfir skólaárið. Gott samstarf var á milli kennara og bekkjarfulltrúa. Góð þátttaka var á öllum viðburðum skólaársins. Árgangurinn sendi sameiginlegt bréf heim í tölvupósti einu sinni í viku.

Mat á starfi vetrarins

Starfið hefur yfir heildina gengið mjög vel í vetur. Síðastliðið vor ákváðu kennarar árgangsins að heppilegra væri að flokka námsþætti í stærðfræði betur niður og var það gert á þessu skólaári og reyndist vel. Námskeið sem kennarar fóru á til að efla ritunarkennslu gafst einnig vel. Tekin var meiri tími en áætlað var í hvern námsþátt í samfélagsfræði og var einu verkefni sleppt (Landnámið).

Bryndís Stefánsdóttir, Ingibjörg Sigfúsdóttir og Þóra Þórisdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk

Í 4. bekk voru 71 nemandi í þremur bekkjum. Umsjónarkennarar voru Hrafnhildur Skúladóttir, Ragna Jóhannsdóttir og Unnur Sæmundsdóttir. Ólöf Harpa Gunnarsdóttir og Brynja Jónsdóttir voru sérkennarar árgangsins. Bryndís Guðmundsdóttir og Ragnhildur Sigurðardóttir unnu sem þroskaþjálfar í árganginum. Anna Laxdal, Sigríður Kragh og Sigurveig Björnsdóttir voru til stuðnings.

Helstu áherslur árgangsins

Meginmarkmiðið í vetur var að auka vandvirkni og sjálfstæði nemenda, efla lesskilning og viðhalda samvinnu og góðum bekkjaranda. Í Leiðarljósinu var aðallega unnið með vellíðan og vinnusemi og í verkefnavinnu var mikið um þarvinnu og hópastarf.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Leitast var við að hafa námið einstaklingsmiðað og einkum stuðst við leitarnám, innlagnarkennslu, para- og hópvinna. Samfélags- og náttúrufræði (að undanskildum eðlisvísindahlutanum) voru kenndar í lotum, oftast en ekki samþættar íslensku og oft stærðfræði. Árgangurinn vann nokkur þemaverkefni eins og *Þjóðsögur og ævintýri, Ísland áður fyrr* og *Vefurinn hennar Karlottu*. Hringekjuhóparnir fjórir: enska, eðlisvísindi, tölvufærni og gagnvirkur lestur voru kenndir í list og verkgreinalotum. Bókmenntir og ljóðakennsla voru kennd bæði fyrir og eftir áramót. Fiskaverkefni var tekið fyrir í maí.



Fiskapema

Nokkrum sinnum í viku fóru nokkrir nemendur úr hverjum bekk út úr tíma í sérkennslu. Heimavinnuáætlun var bæði skráð í *Kompu* og í *Mentor*. Heimavinnuverkefni voru tvö til fjögur eftir umfangi og heimavinnuskil á föstudögum.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat fór fram samkvæmt kennsluáætlunum. Vægi einstakra efnispáttu breyttist þó lítillega þegar að kennslunni kom. Nemendur sem fylgdu einstaklingsnámskrám voru metnir til samræmis við þær. Aðrir nemendur með sérþarfir tóku kannanir og próf í aðlöguðu umhverfi.

Þróunarstarf/Nýbreytni

Einn bekkurinn var í Evrópu samstarfsverkefni sem kallast *eTwinning*. Þar var fylgt eftir hundi og skjaldböku á ferðalagi milli skóla í Evrópu.



Gróðursetning í nágrenni skólans

Útikennsla

Útikennsla er að mati kennara ekki sérstök kennsluaðferð heldur spurning um staðsetningu. Reynt var að skipta oft um námsumhverfi til þess að skapa fjölbreytni í kennslunni. Hentugir efnispættir í stærðfræði, náttúrufræði, íslensku og lífsleikni voru kenndir úti þegar til þess viðraði annars víðs vegar um skólabygginguna.

Umhverfisfræðsla

Nemendur voru fræddir um *Grænfránaverkefnið*, pappír flokkaður í pappírkassann og fernum og skilgjaldsskyldum umbúðum skilað til endurvinnslu. Nemendur hreinsuðu skólalóðina tvisvar yfir veturinn og í vor hreinsuðu þeir svæði í tengslum við hreinsunaráttak bæjarins. Nemendur lærðu um náttúruna, *Náttúran allan ársins hring*, um endurvinnslu, *Sorpið okkar – sorpa.is* og um gróðursetningu. Lokaverkefnið var gróðursetning í hrauninu við Flatirnar í samvinnu við Skógræktarfélag Garðabæjar.

Lífsleikni

Helstu áhersluatriði í lífsleikni voru vellíðan, vinátta, virðing, fjölbreytileiki einstaklinga, mikilvægi þess að geta unnið með ólíkum einstaklingum og umhverfið okkar. Þetta var í raun samofið öllu starfinu í bekkjunum. Undirbúningur og flutningur á skemmtiatriðum (bekkjarsýning og jólaskemmtun) var stór þáttur í lífsleiknináminu.



Frá vorferðinni á Akranes

Skemmtanir og félagslíf

Nemendur fluttu atriði á jólaskemmtun yngri nemenda. Nemendur sýndu jólaguðspjallið ásamt jólasveinaleikriti. Nemendur fóru gangandi í berjamó að hausti. Einnig var farið á Árbæjarsafnið, Þjóðminjasafnið og upp á Akranes í vorferð. Hjólaferðir voru farnar í Sjálandið að hausti og að vori. Einnig var farið í ýmsa útileiki og gönguferðir. Bekkirnir voru allir með bekkjarkvöld tvisvar sinnum að vetri.

Foreldrasamstarf

Samstarf við foreldra var mjög gott. Reglulegir fundir voru haldnir með foreldrum nemenda með sérþarfir, gott tölvupóstsamband var við aðra foreldra og fundað var með þeim þegar þurfa þótti.

Mat á starfi vetrarins

Starf vetrarins gekk mjög vel fyrir sig. Það ríkir góður andi í árganginum, en bekkirnir eru mjög ólíkir. Tekist hefur að sameina þá betur en verið hefur.

Hrafnhildur Skúladóttir, Ragna Jóhannsdóttir og Unnur Sæmundsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk

Nemendur í 5. bekk voru 66. Umsjónarkennarar voru Björk Ólafsdóttir, Hrönn Kjærnested og Ragnheiður Stephensen. Kennarar í stærðfræði voru Brynja Jónsdóttir og Ólöf Harpa Gunnarsdóttir. Björg Jónsdóttir og Bryndís Svavarsdóttir kenndu ensku í 5. HK og 5. BÓ. Margrét Einarsdóttir og Brynja Jónsdóttir sinntu sérkennslu í íslensku í árganginum. Stuðningi í 5. BÓ sinnti Bryndís Guðmundsdóttir auk Önnu Laxdal og Agnesar Kragh. Ragnhildur Sigurðardóttir leysti Bryndísi af í fæðingarorlofi í apríl og maí. Stuðningur í 5. RS var breytilegur yfir árið en honum sinnti Ragnhildur Sigurðardóttir auk Agnesar Kragh og Sigríðar Kragh. Enginn stuðningur var í 5. HK.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Í íslensku voru, auk hefðbundinnar kennslu, tveir sögurammar teknir fyrir úr bókunum *Öðruvísi fjölskylda* og *Benjamín dúfa*. Sérkennarar komu einnig inn í þá vinnu og voru allir íslenskutímar settir í þessi verkefni á meðan þau stóðu yfir. Mikil áhersla var lögð á lestur og vinnu með lesskilning.

Kennt var í lotum yfir árið í samfélagsfræði og náttúrufræði sem kom vel út og bauð upp á meiri möguleika til að vinna skemmtileg verkleg verkefni.

Stærðfræði var kennd í fimm hópum og tveir getuminnstu hóparnir voru fámennir. Sama námsmat var í hópunum nema hvað kannanir og próf í græna hópnum voru aðlöguð að námsefninu. Stærð hópanna var hentug þannig að vel var hægt að mæta þörfum nemenda.



Árganginum var skipt í sex hópa í list- og verkgreinum og hringekju. Auk hefðbundinna greina í list- og verkgreinum var einn hópur í tölvufærni og ritun annan daginn og eðlisvísindum hinn daginn. Að auki voru nýsköpun og einn aukatími í sundi kennd í hringekju sem var eftir skóla á miðvikudegi þannig að hver nemandi var lengur í skólanum á miðvikudegi 1/3 af skólaárinu.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var hefðbundið. Í samfélagsfræði, bókmenntum og ljóðum, náttúrufræði og ensku var það samþætt úr mörgum mismunandi þáttum og í stærðfræði byggðist það á könnunum, sjálfsmati og prófi. Íslenskan, að bókmenntum og ljóðum undanskildum, byggðist á stöðumati í lok annar. Staða í lestri var þó metin jafnt og þétt yfir árið.



Námsmat í árganginum var lítið aðlagð þar sem ekki var nein sérstök þörf á því. Einn hópur fékk aðlagð námsmat í stærðfræði. Mikið er um fínhyringavanda í nemendahópnum og voru vinnubækur metnar með tilliti til þess þannig að allir áttu kost á góðri einkunn ef þeir voru að sýna sína bestu vinnu.

Þróunarstarf/nýbreytni

5. RS tók þátt í tveim eTwinning verkefnum á árinu. Lauk við *Seasons* verkefnið frá því á haustönn og hóf þátttöku í verkefninu *Hug a bear* á vorönn. og Bekkurinn hefur lokið sínum hluta þess verkefnis þó verkefnið sé ennþá í gangi. Eins tók blár hópur í stærðfræði og 5. RS þátt í Evrópukeppni á *mathletics.com* sem var mjög skemmtileg tilbreyting fyrir nemendur og góð þjálfun.



Hug a bear

Útikennsla

Útikennsla var mismundandi eftir bekkjum og hópum. Hún var mest að hausti og að vori en sumir bekkir og hópar voru svo meira í útikennslu en aðrir yfir allt árið. Þær námsgreinar sem voru eitthvað kenndar í útikennslu voru náttúrufræði, stærðfræði, málfræði, eðlisvísindi og enska. Kennarar velta fyrir sér að ef áhugi er á að auka útikennslu sé gott að gera útikennslu-áætlun jafnt og þétt yfir veturinn þannig að í hverjum mánuði sé alltaf ákveðið magn af tímum í útikennslu. Kennurum hugnast ekki að festa útikennslu í töflu á ákveðnum degi eða tíma því veðurfar á Íslandi er þannig að það er ekki fýsilegur kostur, auk þess sem áætlun býður líka upp á meiri sveigjaleika í skipulagi, þ.e. sum verkefni bjóða upp á útikennslu marga daga í röð og ekki hentar alltaf að fara út í hverri viku.



Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Árgangurinn fór í margar skemmtilegar ferðir sem allar heppnuðust mjög vel. Góður stuðningur var veittur í þessar ferðir sem skiptir miklu máli svo að vel takist til.

Lífsleikni

Áherslur í lífsleikni voru mismunandi eftir bekkjum enda þarfir bekkjanna mjög mismunandi. Ákveðnir fastir þættir voru samt í öllum bekkjum eins og umferðarfræðsla og umhverfisfræðsla. Mikið var unnið út frá því *hvernig manneskja vil ég vera, það sem ég geri og segi lýsir mér sem manneskju og ég ber ábyrgð á því sem ég geri og segi*. Að auki var mikið unnið með samskipti ákveðinna hópa í árganginum og kom námsráðgjafi inn til aðstoðar, þá sérstaklega í samskiptum stúlkna. Þroskaþjálfari var líka með í vinnu sem fór fram í hópi drengja í einum bekknum. Loks kom hjúkrunarfræðingur inn með umræðu um heilbrigði og hollustu og samskipti.

Skemmtanir og félagslíf

Hver bekkur hafði tvö bekkjarkvöld yfir árið sem kennari stýrði, félagsvist og sýningu á sal.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf í árganginum gekk vel. Reglulegir fundir voru með foreldrum ákveðinna nemenda en annars var foreldrasamstarf eftir þörfum.

Mat á starfi vetrarins

Almennt gekk starfið vel fyrir sig. Ákveðin skipulagsmál í kennsluáætlunum voru flókin þar sem páskar voru seint og því oft erfiðara en áður að lotuskipta verkefnum þannig það kæmi vel út. Það sem reyndist einna erfiðast var hringekjan en nemendur voru ósáttir við að vera lengur í skólanum en vinir sínir og hafði þetta skemmandi áhrif. Innkoma námsráðgjafa í erfið samskiptamál gekk sérstaklega vel og skilaði góðum árangri.

Björk Ólafsdóttir, Hrönn Kjærnested og Ragnheiður Stephensen



Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk.

Nemendur í 6. bekk voru 49 í tveimur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Anna Magnea Harðardóttir og Bergljót Vilhjálmsdóttir. Björg Jónsdóttir var viðbótarkennari árgangsins. Stuðningsfulltrúi var Sigurveig Björnsdóttir hluta vetrar og Ragnhildur Sigurðardóttir þroskaþjálfari tók hóp stúlkna í félagsfærni vikulega og í viðtöl. Ólöf Harpa Gunnarsdóttir var sérkennari í árganginum.

Kennsluhættir/Skipulag kennslu

Lögð var áhersla á fjölbreytta kennsluhætti sem reyndu á og þjálfðu mismunandi færni s.s.; minnistækni, skilning, beitingu máls, sköpun, frumleika, framsögn, skipulögð vinnubrögð, leikræna tjáningu, myndræna framsetningu, sjálfstæði og samvinnu. Nemendur unnu ýmist einir eða í pörum og leitast var við að hafa námsmat samsett úr mismunandi þáttum. Starfið var fjölbreytt, krefjandi og skemmtilegt.

Námsmat/námsaðlögun



Nemendur tóku hefðbundin próf og kannanir, skrifleg og gagnvirk. Þeir unnu margs konar verkefni sem metin voru t.d. ritunarverkefni af ýmsum toga, leikþætti, vinnubækur, myndverk, fræðsluerindi, framsögn og hópverkefni. Kennarar árgangsins hafa reynt að þróa markvissa gátlista (rubrics) til að meta vinnu nemenda og finnst þeir gefa góða raun.

Árgangurinn er fjölmennur. Nokkrir nemendur vinna eftir einstaklingsnámskrá, jafnframt er hópur nemenda sem þarf aukna aðstoð við námið. Björg Jónsdóttir var því til aðstoðar í árganginum og tók ákveðinn hóp til sín í náttúrufræði og samfélagsfræði. Sá hópur vann aðlagð námsefni og var metinn á öðrum forsendum. Hún tók einnig breytilega hópa í íslensku og lestrarþjálfun. Reynt var að mæta þörfum nemenda eins og unnt var hverju sinni og þeir sem þess þurftu fengu aðlöguð próf, lengri próftíma, aðstoð við ritun í prófum, próftöku í smærri hópum og diktafón til að lesa próflausnir inn á.

Þróunarstarf/Nýbreytni

Í vetur var ýmislegt nýtt og áhugavert prófað sem vonast er til að næsti árgangur vilji taka upp. Einnig hefur verið nokkur endurnýjun á útgefnu námsefni fyrir miðstigið hjá *Námsgagnastofnun* og í vetur var í fyrsta sinn kennd ný bók um Norðurlöndin, ný bók um manninn, *Maðurinn hugur og heilsa* og bók um veður sem heitir *Blikur á lofti*.



Áfram var haldið frá fyrra ári að reyna að lífga við kristinfræðikennslu. Fyrir áramót lásu nemendur bókina *Krakkar í kirkju*, og unnu vinnubókina sem fylgdi henni og unnu jafnhliða litla fallega „sparivinnubók“ þar sem skrifaðar voru bænir, valdir textar, hugtök og myndir tengd kristni og kirkjunni. Verkefnið endaði svo með skemmtilegri heimsókn í Vídalínskirkju þar sem vel var tekið á móti nemendum. Nemendum þótti þessi vinna skemmtileg og áhugaverð og þeir lærðu heilmikið sem þeir vissu ekki áður. Á vorönn voru lesnar dæmisögur um Jesú og þær ræddar, ákveðið var að vinna engin próf né hefðbundin skrifleg verkefni heldur láta nemendur búa til „klípusögu“ í anda þess sem búið var að fjalla um sem voru metnar til einkunna. Annað verkefnið var einstaklingsverkefni þar sem nemendur máttu velja um að semja leikrit, skrifa sögu eða búa til myndasögu. Síðara verkefnið var hópverkefni þar sem nemendur áttu að semja leikrit og flytja fyrir bekkinn tengt efninu. Þessi vinna gafst einnig mjög vel, nemendur voru mjög ánægðir með verkefnin og skiluðu frábærri vinnu.



Nemendur unnu vefdagbók um ferðir vetrarins sem áður er greint frá hér í kafla um vettvangsferðir. Það var mikil þjálfun í ritun og framsetningu efnis en þarf e.t.v. að útfæra að einhverju leyti á annan hátt þar sem nemendur misstu áhugann og fannst krefjandi að vinna svona mikla ritun.

Að mati kennara skilaði heildstæð vinna í íslensku í fyrra miklum árangri, því var unnið áfram með svipuðu sniði í vetur. Fyrir áramót var lesin bókinn „Fólkið í blokkinni“ og unnin einföld vinnubók sem fylgir henni. Eftir áramót var heldur þyngri vinna, lesin var bókinn *Draugaslóð* og samin fjölbreytt verkefni með henni; spurningar, málfræði og stafsetningarverkefni. Heildstæð myndræn verkefni og bókmenntavinna.

Í haust var ákveðið að taka þátt í *Norræna loftslagsdeginum* og keppni sem tengdist honum. Kynningarfundur var sóttur þar sem ýmsar hugmyndir voru kynntar og í framhaldi settu kennarar árgangsins saman þema þar sem unnið var með ýmis hugtök tengd veðri, loftslagi, lofthjúpum, umhverfi, mengun og gróðurhúsaáhrifum. Allir nemendur unnu að lokum myndverk sem skilað var inn til keppinnar og vann ein myndin til verðlauna.

Nemendur hafa mjög gaman af því að fræðast um vísindi, uppfinningar og náttúruna. Þeir unnu tvö framsagnarverkefni „örverkefni“ og fluttu fyrir bekkinn í tengslum við vinnu í *Auðvitað* til að bæta í þekkingarbrunn nemenda. Í fyrra verkefninu völdu nemendur merka uppfinningu og kynntu fyrir bekkjarfélögunum. Í síðara verkefninu áttu þeir að „finna upp“ hlut sem þörf er á, lýsa honum og kynna. Síðara verkefnið var tekið upp á myndband, flutningurinn skoðaður og metinn í litlum hópum. Þetta vakti mikla lukku og var afar lærdómsríkt.

Í stærðfræði og ensku var unnið í færnimiðuðum hópum og voru áherslur að einhverju leiti ólíkar milli hópa. Blár hópur hefur í tvö ár unnið með nokkru öðrum hætti en hinir hóparnir. Hópurinn hefur farið í 1 1/2 tíma á viku í tölvuverið í stærðfræðivinnu. Þar er unnið í forritum og efni á vef sem kennarinn hefur valið. Einnig fékk hópurinn að kaupa aðgang að námsvefnum *Mathletics* í vetur sem var gríðarlega vinsælt og skilaði mikilli ástundun og bættum árangri hjá mörgum í hópnum. Í vor voru *Evrópuleikar Mathletics* þar sem öllum nemendum skólans gafst færi á að fá ókeypis aðgang til skamms tíma og tóku þá fleiri hópar þátt af miklum eldmóð og áhuga. Á föstudögum hafa verið stærðfræðileikir, spil og þrautir í bláum hópi, þannig að í raun ljúka nemendur hópsins námsefninu á helmingi þess tíma sem gefinn er. Blár hópur í ensku tók þátt í stóru verkefni á vef *eTwining* með flestum öðrum Evrópuþjóðum þar sem fjallað var um þjóðsögur og ævintýri í löndunum. Nemendur léku þjóðsögu á ensku frá Króatíu á þorrablóti sem var tekið upp og sett á vef verkefnisins en önnur þjóð flutti framlag okkar sem var Búkolla.



Útikennsla

Á haustdögum unnu nemendur að stóru umhverfisverkefni þar sem þeir fræddust um Vífilsstaðavatn. Kennslan var með hefðbundnu sniði þar sem unnið var með kennslubókina. Farið var í vettvangsferð að vatninu þar sem nemendur voru fræddir og fengu að skoða lífríki vatnsins og umhverfi þess. Tekin voru sýni og þau mæld og skoðuð.



Nemendur fóru í vinnuferð í Húsdýragarðinn í mars þar sem þeir fræddust um dýrin og fengu að vinna ýmis verk tengd umhirðu þeirra. Nemendur tóku þátt í hreinsun lækjarins og skólalóðarinnar eins og aðrir nemendur skólans. Farið var í fjölmargar ferðir í tengslum við námsefnið – sjá nánar í kafla um vettvangsferðir en útikennsla almennt er e.t.v. sá þáttur sem kennarar árgangsins mættu leggja meiri áherslu á og reyna að sinna betur.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Nemendur árgangsins sýna mikinn áhuga í ferðum, hvort sem verið er að skoða náttúruna, sögustaði, söfn eða sýningar og því var ákveðið að fara í margar ferðir í vetur. Í tengslum við ferðirnar unnu nemendur vefdagbók (unnin í *Wiki spaces*) þar sem fjallað var um valdar ferðir og unnið úr þeim með ýmsum hætti. Nemendur settu t.d. inn verkefni, myndir, lýsingar á ferðalögum og fræðslupunkta. Hugmyndin var að þjálfar nemendur í ritun og framsetningu efnis á vef en einnig að gefa þeim tækifæri til að kynna og sýna þá fjölbreyttu vinnu sem fer fram í skólanum í máli og myndum. Stefnt er að því að vinna áfram með vefinn næsta vetur, laga hann betur til og bæta við efni. Vettvangsferðir árgangsins voru á eftirfarandi staði; Vífilsstaðavatn, Norræna húsið, Tilraunalandið, Vídalínskirkju, tónleika í Háskólabíó, Alþingishúsið, Jólaleikrit Borgarbarna í Iðnó, Húsdýragarðinn, Þjóðmenningarhúsið, Kjarvalsstaði, hjólaferð í Sandahlíð, göngutúr um Garðabæ, vorferð í Reykholt og sund í Borgarnesi.

Lífsleikni

Unnið var með valda kafla úr nýrri námsbók í vetur „Ertu“ og stefnt að því að vinna áfram með hana í 7. bekk. Reglulega voru haldnir bekkjarfundir og unnið með samskipti og þau mál sem upp komu hverju sinni. Í BV voru þeir iðulega kynjaskiptir þar sem þroskaþjálfari tók stúlkurnar vikulega í samskiptavinnu og bekkjarkennari vann með drengjunum. Nemendur fengu námskeið í kynfræðslu þar sem hjúkrunarfræðingur kom og fjallaði um líkamlegar og andlegar breytingar á kynþroskaskeiðinu. Á vordögum fengu nemendur tóbaksvarnafræðslu. Námsráðgjafi vann úr tengslakönnunum sem lagðar voru fyrir bekkina. Einnig kom hún að vinnu með ákveðna nemendur sem þurftu aðstoð, einkum í 6. AMH. Töluverður tími fór í að semja og æfa skemmtiatriði fyrir sýningar árgangsins á sal og Þorablóti.

Skemmtanir og félagslíf

Bekkjarkvöld voru haldin eftir skemmtanir á sal á haustönn. Hefðbundið þorablót var í febrúar sem heppnaðist vel. Diskótek var haldið á vorönn.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf var með nokkuð hefðbundnu sniði og voru samskipti við foreldra árgangsins góð. Kosnir voru bekkjarfulltrúar í báðum bekkjum. Bekkjarkvöld voru haldin þar sem flutt voru skemmtiatriði nemenda sem höfðu verið á sal. Mjög góð þátttaka foreldra var á þorablóti 6. bekkja og var mikil ánægja með hvernig til tókst.



Mat á starfi vetrarins

Þar sem bekkirnir eru fjölmennir og mikið um sértæka og almenna námsörðugleika þótti mikill fengur í því að hafa viðbótarkennara sem sá alfarið um einn hóp og aðlagaði námsefni að þörfum hans. Til þess að það virki vel þarf hann helst að geta tekið alla tíma í þeirri námsgrein sem um ræðir, það skipti sköpum í vetur og létti mjög á bekkjarkennara og skapaði svigrúm til að sinna hinum betur. Mikil ánægja er með allar nýjungar sem prófaðar voru í vetur og nauðsynlegt er að kennarar þreifi sig áfram með nýja hluti annað slagið svo skólastarfið verði lifandi og skemmtilegt. Vel hefur gefist að hafa verkefni af fjölbreyttum toga sem reyna á mismunandi hæfni nemenda. Varast skal að festast um of í bókunum og leitast við að hafa fjölbreytt og skapandi verkefni í bland við „hefðbundna“ vinnu. Ferðir vetrarins heppnuðust vel, lífguðu upp á námsefnið og juku þekkingu nemenda. Starf stoðþjónustunnar; sérkennara, þroskaþjálfara, námsráðgjafa, deildarstjóra og viðbótarkennara var mikil stuðningur. Kennurum árgangsins þykir færnimiðað nám í stærðfræði og ensku skila betri námsárangri og vilja alls ekki hverfa frá því. Almennu gekk skólastarfið ótrúlega vel fyrir sig miðað við fjölda í bekkjunum og sértæk vandamál sem margir nemendur eru að kljást við. Bekkjarandinn er almennt góður og mikil samstaða í hópunum, gleði, hlátur og góð samvinna. Skiptingar í hópa í list- og verkgreinum og færnimiðuðu námi eykur blöndun innan árgangsins sem verður til þess að nemendur þekkjast mjög vel innbyrðis og gefur það þeim færi á að mynda tengsl við fleiri nemendur. Frábærir krakkar, frábærir samstarfsaðilar, frábær vetur.

Anna Magnea Harðardóttir og Bergljót Vilhjálmsdóttir

Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk

Nemendur í 7. bekk voru alls 58 í þremur umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Lilja Karlsdóttir, Ólafur Pétursson og Ölrún Marðardóttir. Auk þess fylgdu árganginum Agnes Kragh, Anna Laxdal og Sigurveig Björnsdóttir stuðningsfulltrúar, Bryndís Guðmundsdóttir þroskaþjálfari og Guðrún Dögg Jóhannsdóttir sérkennari. Um sérkennslu sá Brynja Jónsdóttir. Hún sá einnig um námskeið í íslensku.



Helstu áherslur árgangsins

Stuðst var við *Aðalnámskrá grunnskóla* og reynt að ná sem flestum markmiðum sem þar eru sett fyrir aldurstigið.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Árganginum var skipt í þrjú bekkir og kenndi umsjónarkennari sínum bekk allflestar námsgreinar. Raðað var eftir færni í stærðfræði og ensku og varð þá mikil blöndun milli bekkja. Einnig var um blöndun að ræða í list- og verkgreinum og sundi og var þá enn önnur hópaskipting í gangi og má því segja að árgangurinn hafi blandast töluvert og sé farinn að kynast vel eftir þrjú ár í svipuðu kerfi. Þrír nemendur voru með einstaklingsnámskrá og unnu alfarið út frá henni en fleiri nemendur tóku stundum aðlöguð próf miðað við sína námsgetu.

Kennsluhættir voru nokkuð fjölbreyttir og námsmat einnig. Nemendur unnu oft einstaklingslega að verkefnum í vinnubókum, hlustuðu á kennara fræða þá um ýmis mál, en einnig unnu nemendur saman í pörum og hópum að verkefnum af ýmsum toga. Sem dæmi má nefna vinnu með *Vítahring* í bókmenntum en þar unnu nemendur verkhöppu með fjölbreyttum verkefnum t.d. ljóð, myndasögur, persónulýsingar, dagbækur, spurningar og bókrýni. Í Evrópu unnu sumir nemendur hópverkefni í *power point* eða *publisher* þar sem búin var til kynning á einu Evrópulandanna. Nemendur sömdu þó nokkuð af ljóðum af ýmsum toga og fluttu fyrir bekkinn. Þeir unnu fjölbreytt verkefni úr frjálslestrarbókum sem komu afar vel út t.d. flettibækur, bréf til höfunda, fótspor eða „pizzur“ úr atburðarásinni, þrívíddarkassa með umhverfi bókarinnar o.fl. Nemendur unnu fjölbreytt ritunarverkefni t.d. um ferðina á Reyki, skáldritun og minningar úr Hofstaðaskóla. Námsmat var iðulega samsett úr mögum þáttum, prófum, könnunum, verkefnavinnu, sjálfsmati, vinnubókum og mati á virkni og vinnubrögðum.

Heimanám

Heimanám var fyrir fjóra daga vikunnar. Lesa átti fyrir hvern dag og læra heima í mest tveimur fögum fyrir hvern dag en reynt var að sleppa heimanámi um helgar. Einnig var reynt að setja nemendum fyrir viku fram í tímann.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var unnið með nokkuð fjölbreyttum hætti og oft var námsmat sett saman úr nokkrum þáttum, próf, kannanir og verkefnavinna af einhverjum toga. Próf voru flest með hefðbundnum hætti en einnig gagnvirk próf í tölvu þar sem mátti hafa námsgögn með sér og leita upplýsinga.

Unnin var verkefnavinna af ýmsum toga sem metin var sem hluti af námsmati. Í *Vítahring* unnu



nemendur t.d. alls kyns fjölbreytt verkefni og söfnuðu saman í möppu sem metin var. Nemendur lásu fjórar kjörbækur sem þeir skiluðu fjölbreyttum verkefnum úr sem giltu sem hluti af námsmati í íslensku. Vinnubækur voru metnar sem hluti af námsmati í nokkrum námsgreinum. Í landafræði Evrópu unnu nemendur verkefni um eitt Evrópuland í litlum hópum. Í trúarbragðafræði unnu nemendur vinnubók um trúarbrögð fjallað var um, hindúisma, Búddisma, Íslam og Gyðingdóm. Í ensku voru unnin ýmis konar verkefni og ritgerðir sem metnar voru. Í stærðfræði voru kannanir teknar reglulega og giltu þær ásamt sjálfsmati 50% á móti prófi.

Í árganginum eru nokkrir nemendur sem kljást við námserfiðleika af ýmsum toga og unnu eftir einstaklingsnámsskrá. Nokkuð var um að próf væru einfölduð og aðlöguð að þeirra þörfum. Einnig fengu sumir nemendur lengri próftíma, lesara eða skrifara til aðstoðar í prófum.

Próunarstarf og nýbreytni

Ákveðið var að breyta náttúrufræðikennslunni í vetur. Það var gert með þeim hætti að taka náttúrufræðina úr hringekjuckerfinu til þess að auka veg hennar og bæta við kennslustundum. Eðlisvísindi, tölvufærni og Íslandssaga voru því ekki kennd í hringekju í vetur.

Lestrarverkefni

Að hausti var útbúinn hugmyndalista fyrir nemendur með fjölbreyttum verkefnum sem þeir gátu valið úr. Nemendur áttu að lesa fjórar bækur að eigin vali yfir veturinn, tvær á haustönn og tvær á vorönn og vinna úr þeim skilaverkefni af listanum sem giltu sem hluti af námsmati í íslensku. Verkefni voru mjög mismunandi t.d. var hægt að vinna kassa með umhverfi sögunnar, skrifa höfundu bréf, gera flettibók, setja fram atburðarás sem "pizzu" eða fótspor, gera hefðbundna bókrýni o.fl. Nemendur máttu einungis skila einu verkefni af hverri gerð og þurftu því að vinna fjölbreytt verkefni yfir veturinn. Síðasta verkefnið var reyndar hefðbundin kjörbókarritgerð nema hvað að þessu sinni voru nemendur látnir vinna hana alfarið sjálfir í skólanum.

Þessi vinna reyndist skemmtilegri en búist var við í raun. Nemendur voru tregir í taumi í fyrstu en eftir því sem leið á veturinn og þau sáu verk hinna kom upp metnaður og hugmyndaauðgi jókst. Verkefni urðu mörg afar vönduð og skemmtileg.

Útikennsla og umhverfisfræðsla

Útbúin var sérstök útikennsluáætlun og farið að hluta til eftir henni. Útikennslan fór mest fram á haust- og vordögum, þá var aðeins rætt um umferðarreglur í tengslum við hjólaferðir og nokkuð var um útivist og leiki. Jafnframt fóru kennarar með sinn bekk eða færnimiðaðan hóp í stærðfræði í verkefni úti sem tengdust náminu.



Lífsleikni

Í 7. LK var unnið eftir aðferðinni *Uppeldi til ábyrgðar* (Restitution) allan veturinn með góðum árangri. Nemendahópurinn gaf iðulega tilefni til umræðna um hin ýmsu mál er varðar samskipti, hegðun og lífsleikni almennt. Elva Björk og Rakel námsráðgjafar héldu námskeið í námstækni. Þær hittu einnig suma nemendur einstaklingslega eða í minni hópum til að aðstoða við félagsfærni, námstækni eða önnur mál. Hjúkrunarfræðingurinn kom í tvær heimsóknir og ræddi um tannheilsu, *H-in 6* og hugrekki og sjálfsmynd. Miklar umræður spunnust oft í kringum vinnu við *Mannslíkamann* og viðfangsefni tengd henni. Jafnframt var fjallað um fíkniefni og forvarnir. Allir bekkirnir tóku þátt í *Reyklaus bekkur*. Mikið var rætt við nemendur um netnotkun og öryggi

á netinu og stuðst var við námsefni SAFT. Fulltrúar frá samtökunum '78 komu og héldu fyrirlestur fyrir árganginn. Árgangurinn sá um jólaskemmtun og fór mikill tími í undirbúning og æfingar. Einnig fór nokkur tími í umræður og undirbúning fyrir Reykjaferð og var sú ferð í heildina mikil lífsleikni og skemmtun fyrir nemendur.

Skemmtanir og félagslíf.

Diskótek/Hrekkjavökuball, var haldið og nemendum Flataskóla og Sjálandsskóla boðið. Hvorki Sjálandsskóli né Flataskóli bauð á skemmtun. Athuga þarf hvort hægt sé að auka samstarf á milli skólanna á þessu sviði. Nemendur sáu sjálfir um tónlistina og veittu viðurkenningar fyrir bestu búningana. Allir nemendur komu með eitthvað á hlaðborð. Þetta tókst mjög vel. Árshátíð árgangsins var haldin í apríl og var „Prom“ þema hátíðarinnar. Nemendur sáu um allan undirbúning hennar undir stjórn kennara og deildarstjóra og buðu foreldrum sínum til veislu. Byrjað var á hæfileikakeppni, síðan var borinn fram mexíkóskur matur og að lokum dönsuðu nemendur en foreldrar fóru og fengu sér kaffi og konfekt á kaffistofu starfsmanna eða fóru heim.



Farið var að Reykjum í Hrutafirði dagana 7.-11. mars og dvalið þar í góðu yfirlæti í viku (fimm virka daga). Ferðin heppnaðist einstaklega vel og eru kennarar afar stoltir af framgöngu nemenda sinna þar. Í ferðinni sást vel hversu mikill félagslegur ávinningur er af því að blanda nemendum árgangsins í tímum t.d. í list- og verkgreinum og færnimiðuðu námi. Þeir þekktust vel innbyrðis og blönduðust í hópa óháð bekkjum og ekki var sjáanlegt að nokkur væri hafður útundan. Starfið á Reykjum er mjög fjölbreytt og skemmtilegt. Aðstaða og aðbúnaður var góður, maturinn frábær, starfsfólkið yndislegt og kvöldvökurnar eftirminnilegar. Fréttir og myndir voru settar inn á vef Hofstaðaskóla reglulega meðan á dvöl stóð. Vakti það mikla ánægju hjá foreldrum, sem gátu þannig fylgst með barni sínu. Nemendur unnu ritgerð upp úr dagbók sem þeir héldu á Reykjum.

Vorferð var farin á slóðir *Vítahrings* í Hvalfirði. Farið var í hjóla- og gönguferðir m.a. í Nauthólsvík.

Foreldrasamstarf

Foreldrasamstarf gekk ágætlega í vetur og voru foreldrar viljugir að mæta þegar þeim var boðið í skólann. Bekkjarfulltrúar voru fengnir í ýmis hlutverk á skemmtunum s.s. á árshátíðinni og á hrekkjavökudiskótekinu. Bekkjarvöld voru haldin í bekkjunum og voru með misjöfnu sniði. Misjafnt var eftir bekkjum hversu oft nemendur hittust með foreldrum og gerðu eitthvað saman.



Mat á starfi vetrarins

Námsefni 7. bekkjar þykir kennurum almennt vera frekar skemmtilegt og mörg áhugaverð viðfangsefni sem hægt væri að vinna endalaust með t.d. *Evrópu*, *Mannlíkamann* og *Vítahring*. Reynt að halda því sem þótti virka vel af því sem áður var gert en einnig fundnar nýjar leiðir að hluta til.

Íslenska og stærðfræði þyngist nokkuð mikið í 7. bekk og skynsamlegt þykir að fara heldur hægar og betur yfir en ella. Margt nýtt kemur inn sem vefst nokkuð fyrir nemendum. Starfið þykir einnig hafa tekist ótrúlega vel og flest viðfangsefni gengið upp eins og lagt var að stað með þótt krefjandi væru. Sérstaklega minnisstæð er ferðin í skólabúðirnar að Reykjum. Í stærðfræðinni er svolítið verið að keppa við tímann og mætti endurskoða áætlunina.

Lilja Karlsdóttir, Ólafur Pétursson og Ölrún Marðardóttir



Prúðbúnir piltar á árhátíð

Kennsla í erlendum tungumálum

Danska

Markmið

Dönskukennsla hefst í 7. bekk og er fyrsta markmiðið þennan fyrsta vetur að kynna tungumálið fyrir nemendum og byggja upp ákveðinn grunn í málinu sem unnt er að byggja ofan á síðar. Eins er lögð áhersla á að kynna Danmörku og menningu landsins.

Uppbygging kennslunnar

Kenndar voru þrjár kennslustundir á viku í dönsku þar sem hver kennslustund var 40 mínútur. Ester Jónsdóttir kenndi ÓP bekknum og Lilja Karlsdóttir kenndi LK og ÖM bekkjunum.

Kennsluaðferðir

Notast var við fjölbreyttar kennsluaðferðir en í upphafi var mikið stuðst við bókina og hlustun úr henni. Þegar nemendur höfðu svo náð ákveðnum grunni í dönskunni var breytt til og farið í hópvinnu, unnin verkefni í tölvum, hópverkefni: *Mig selv, Danmark* og ýmsa aðra vinnu.

Námsefni

Bókin *Klar Parat* var kennd og teknir fyrir kaflar 1 til 6 fyrir jól og auk þess sem unnið var stórt verkefni um *Mig selv* og Danmörku. Eftir jól voru teknir kaflar 7 til 12 en einungis var prófað úr köflum 1 til 10. Minni áhersla var lögð á hlustun eftir jól og reynt að leggja áherslu á sjálfstæð vinnubrögð og önnur verkefni.

Námsmat

Nemendur tóku kaflapróf, en þess á milli voru unnin verkefni sem voru hluti af símati. Einnig er vinnubók metin til einkunnar.

Ester Jónsdóttir og Lilja Karlsdóttir dönskukennarar

Enska

Markmið

Enskukennsla hefst í 1. bekk og samanstendur fyrstu árin af kynningu á tungumálinu í gegnum leiki og söngva. Markmiðið er að gera nemendur jákvæða og móttækilega fyrir enskunnni og byggja upp orðaforða. Þegar nemendur koma á miðstig verður kennslan markvissari þar sem kennt er eftir þeim og farið að taka fyrir helstu þætti tungumálsins sem eru lestur, ritun, talað mál og hlustun auk þess sem málfræði kemur lítillega inn í 6. og 7. bekk þar sem það á við.

Kennsluaðferðir

Kennsla á yngra stiginu er mikið byggð upp á söngvum, leikjum og léttum verkefnum. Kennslumyndbönd eru notuð auk forrita af ýmsum toga.

Á eldra stigi er stuðst við ákveðin þemu og byggja nemendur þannig markvisst upp orðaforða í kringum þau. Verkefni sem þjálfra ýmsa þætti tungumálsins eru einnig unnin. Kynningar, veggspjaldagerð, ritunarverkefni og lestur smásagna svo eitthvað sé nefnt.

Námsmat

Á yngra stigi fá nemendur umsagnir en á eldra stigi er meira um símat. Nemendur í 5. bekk tóku próf til að nota við röðun í hópa í 6. bekk. Í 6. og 7. bekk er færnimiðað nám og kennslan skipulögð í samræmi við stöðu hvers hóps.



Skapandi vinna

Uppbygging kennslunnar í hverjum árgangi fyrir sig

1. bekkur

Enskukennslan var í formi leikja, söngva og léttra verkefna. Verkefnin í ensku voru einnig tengd því námsefni sem unnið var með eins og líkamann, liti, veður árstíðir og umhverfið. Nemendur söfnuðu nýjum orðum í orðabók sem þeir bjuggu til.

2. bekkur

Unnið var með markvissum hætti eftir ákveðinni kennslubók. Enskukennslan tengdist oft þeim þemaverkefnum sem unnið var að hverju sinni yfir veturinn. Lögð var áhersla á að hafa verkefnin sýnileg á veggjum skólans.

3. bekkur

Áhersla var lögð á aukinn orðaforða, talað mál og hlustun. Notast var við námsefnið *Right on* og *Muzzy*. Börnin lærðu að nýta sér orðabækur. Þeir unnu ýmis ljósrituð verkefni af neti, spil og útiverkefni.

4. bekkur

Vann með námsefnið *Winny the Witch* og verkefni sem fylgja þeim bókaflokki, *Hickory, Dickory og Doc* bækurnar, vefurinn *English game*, og fleiri forrit, ljósritað námsefni og spil voru einnig notuð.

5. bekkur

Kennt var eftir þemum sem voru fyrirfram valin. Ýmis verkefni voru unnin úr hverju þema og í lok skólaárs var lagt fyrir próf þar sem orðaforði úr þemunum var kannaður. Lagt var upp með að hafa verkefni fjölbreytt og leggja áherslu á orðaforða, hlustun og talað mál en auk þess var byrjað á einföldum lesskilningi og ritun. Þemu sem kennd voru í vetur voru: *busy town, animals, pirates, family, school, clothes og body parts*.

6. bekkur

Í ensku var færnimiðað nám og misjafnar áherslur á milli hópa. Unnið var í þemum og voru bækurnar *Build up* notaðar.

Blár hópur: Þemahefti, Portfolio þemabækur. Jafnframt var lögð meiri áhersla á lestur bóka, smásagna og texta af ýmsum toga, rétta stafsetningu, málfræði, ritun og munnlega tjáningu á ensku. Nemendur unnu verkefni á vef *eTwining* um þjóðsögur og ævintýri í löndunum.

Rauður hópur: Þemakennsla, valin þemu voru tekin fyrir og verkefni unnin úr þeim. Jafnframt var lögð meiri áhersla á lestur bóka, smásagna og texta af ýmsum toga. Lögð var áhersla á munnlega tjáningu og ritun ásamt því að vinna með rétta stafsetningu og málfræði.

Gulur hópur: Þemahefti. Farið var í Portfolio þemabækur, *Build up* vinnubók, *Dickory* og *Myndaorðabók*. Jafnframt var lögð áhersla á lestur texta af ýmsum toga, rétta stafsetningu, málfræði, ritun og munnlega tjáningu á ensku.

7. bekkur

Í ensku var nemendum skipt í færnimiðaða hópa í bláan, rauðan, fjólubláan eða gulan hóp allt eftir færni hvers og eins. Allir kennarar fengu möppu með hugmyndum að vinnu yfir veturinn. Unnið var eftir þemum sem allir hóparnir tóku þátt í fyrir utan grænan hóp sem tók hluta af efninu. Þemun voru oftast byggð á *Topic books*, stundum notuðu kennarar þær og stundum notuðu þeir annað efni sem tengdist sama þema. Þemun sem farið var í voru:

- *Children of the world* og *Heroes*
- *Oliver Twist*, verkefni og ritgerð, upplestur og umræður.
- *Halloween*, þá fræddust nemendur um hefðir og siði í Bretlandi og Bandaríkjunum í kringum þessa hátíð og héldu svo Hrekkjavökuball.
- Lestraráttak þar sem nemendur lásu bækur sem hentuðu þeirra getustigi.
- *Christmas Carol*, þá var horft á mynd byggða á samnefndri sögu sem er eftir Charles Dickens og unnin verkefni út frá því.
- *White Death*, kennarar lásu söguna fyrir nemendur eða þeir hlustuðu á söguna af geisladiski og svo var unnið verkefni samhliða því.
- *Going places*, mismunandi var hvernig kennarar unnu með þetta þema. Það fól í sér kynningar á ýmsum löndum og einnig var þemabókin notuð samhliða.

Blár hópur vann til viðbótar í bókinni *Write right*. Önnur atriði eins og meiri ritun, lestur og málfræði voru tekin samhliða eftir þörfum hvers og eins hóps. Allir hópar unnu þessi verkefni á aðlagðan hátt. Tölvustofan var vel nýtt svo og fartölvuvagninn til þess m.a. að vinna ritunarverkefni og önnur verkefni á netinu.

Björg Jónsdóttir fagstjóri í ensku

Skýrsla fagstjóra í náttúrufræði

Fyrsta verkefni fagstjóra á þessu ári var að endurvinnna kennsluáætlun fyrir 7. bekk þar sem breyting var gerð á fyrirkomulagi kennslunnar þar en *Auðvitað 3* hafði verið kennd í 20 stundir í hringekju en nú var þetta námsefni heillar annar kennt í bekkjunum í þrjár stundir á viku. Námsmátið breyttist líka í kjölfarið. Lögð voru fyrir þrjú stutt gagnvirk könnunarpróf í stað eins lengra prófs. Með breyttu skipulagi var hægt að fara yfir allt námsefnið en áður hafði eingöngu eðlisvísindabátturinn verið tekinn fyrir. Þetta fyrirkomulag kom miklu betur út. Einkunnir úr faglega hlutanum sýndu að nemendur náðu betur að tileinka sér námsefnið enda mun lengri tími gefinn til að vinna með hugtök og niðurstöður verkefna. Til að þessi breyting gengi vel fyrir sig var bætt inn viðbótarkennara í þrjá tvöfalda tíma hjá hverjum bekk þar sem unnar voru stærri tilraunir námsefnisins. Þetta var mjög góð þjónusta við nemendur og kennara en í framtíðinni er lagt til að hver bekkur hafi vikulega tíma í náttúrufræðistofunni. Þá hafa kennarar betri tíma til að skipuleggja hvenær þeir vinna verkefni og geta frekar tekið kaflana meira fyrir í lotum, þ.e. nýtt fleiri en þrjá tíma á viku og svo tekið hlé á milli. Með góðum undirbúningi getur bekkjarkennarinn vel sinnt þessari kennslu án utanaðkomandi aðstoðar.



Lifandi kennsla – fiskapema

Fagstjóri fundaði með kennurunum sem kenndu 3. og 4. bekk um áætlun í eðlisvísindum. Beðið var um aðstoð við að endurmeta áætlanirnar til að fá betri samfellu milli ára í 3., 4. og 5. bekk. Tímabært er orðið að endurskoða kennsluáætlanir í þessum árgöngum. Vegna mikillar og markvissrar kennslu í efninu á fyrstu fjórum árunum eru verkleg verkefni í 5. bekk ekki nógu krefjandi fyrir nemendur í hluta af námsefninu. Þessi endurskoðun er komin stutt á veg en vonir bundnar við að takist að ljúka henni á næsta skólaári.

Í desember var haldinn fagfundur með kennurum þar sem starf fagstjóra síðasta árs var kynnt ásamt hugmyndum um áherslur næstu ára í faginu. Sá fundur tókst vel.

Á vorönn var mikið rætt um námsefni í 6. og 7. bekk og samfellu þar á milli þar sem endurútféfið efni um líkamann sem áður var kennt í 7. bekk var nú skrifað fyrir 6. bekk. Þar með var orðið of mikið af námsefni í 6. bekk en lítið í 7. bekk. Það voru ekki haldnir formlegir fundir

um þetta heldur rætt reglulega við deildarstjóra eldri deilda og hugmyndum kastað á milli. Loks var fjallað um niðurröðun námsefnis á stigsfundi eldri deilda. Þar var tekin ákvörðun um breytingar sem m.a. þýddi að verkefnið um Vífilsstaðavatn verður fært í 7. bekk.

Á stigsfundinum var einnig tekin ákvörðun um breytingu á námsefni 5. bekkjar. Skoðaður var vefurinn *Heimurinn minn* á www.nams.is. Efninu var síðan raðað niður á yngra og miðstig 5. bekkur nýtti sér hluta af vefnum og tók fyrir vatnið á jörðinni og í kjölfarið votlendi en það hentar mjög vel að taka þetta efni fyrir að vori því miklir möguleikar eru á skemmtilegum vettvangsferðum. Einnig var stutt fræðsla um *Grænfánann* og hvert skolpið fer en það tengdist verkefnum í tengslum við Arnarneslækinn.

Það er mat undirritaðrar að enn sé þörf fyrir fagstjóra í eðlisvísindum í skólanum. Fagleg þekking innan skólans sé ekki nægilega góð og því hætta á að markmið í greininni víki fyrir öðrum greinum ef ákveðin umgjörð og aðhald er ekki fyrir hendi. Einn aðili þurfi að stýra endurskoðun kennsluáætlana og fylgja nýjungum úr garði. Á meðan kennarar innan skólans sýni þessari grein ekki meiri áhuga og athygli er nauðsynlegt að fagstjóri í náttúrufræði sé til staðar.

Ragnheiður Stephensen fagstjóri í náttúrufræði

Skýrsla Bókasafns Hofsstáðaskóla

Húsnæði

Húsnæði safnsins er 94 fermetrar auk 30 fermetra bókalofts en þar eru 12 tölvur sem nýtast nemendum. Einnig eru þrjár tölvur sem ætlaðar eru nemendum til upplýsinga- og heimildaleitar staðsettar á neðri hæð safnsins. Þangað geta nemendur komið og unnið smærri verkefni í samráði við starfsmann safnsins.

Starfsmenn

Á safninu starfa tveir starfsmenn annar er bókasafns- og upplýsingafræðingur í 75 % starfi og starfssvið hans er að sjá um útlán, aðföng og allt það sem til fellur á safninu. Hinn er skólaliði sem vinnur á safninu fimm klst. á viku á við útlán og frágang bóka.

Bókakostur


Í dag eru 12.700 skráð eintök á safninu sem skiptast niður í um 11.300 bækur og 1.400 eintök af annars konar efni eins og tímaritum, geisladiskum og hljóðbókum. Á síðastliðnu ári voru lánaðar út um 13.800 bækur og er 10% aukning á útlánum frá fyrra ári.

Starfssemi

Á skólasafninu gilda ákveðnar umgengnisreglur:

- Öllum er frjálst að skoða og lesa bækur á safninu.
- Ætlast er til að nemendur gangi hljóðlega um og séu ekki með háreysti.
- Fara á vel með bækur og önnur gögn. Vera hrein á höndum og fletta rólega.
- Setja skal bækur og tímarit aftur á sinn stað í hillur eftir notkun.
- Ekki borða eða drekka á skólasafninu.
- Mælt er til þess að kennarar sendi ekki fleiri en þrjá til fjóra nemendur í einu úr hverjum bekk.

Útlán safnsins hafa aukist jafn og þétt sjá töflu hér á næstu síðu.



Fræðsla og kynningar

Bókasafnsfræðsla var hluti af hringekju í 2. bekk og fór fram á safninu eina klukkustund á viku. Markmið kennslunnar var að fara yfir helstu umgengisreglur safnsins og einnig var þemavinna í gangi. Þema vetrarins var kynning á danska rithöfundinum H.C. Andersen og sögum hans. Nemendur unnu vinnubók upp úr völdum sögum.

Bókasafnið kom að verkefnavinnu í tengslum við *eTwinning*, en *eTwinning* er áætlun um rafrænt skólasamstarf í Evrópu. Starfsmaður safnsins aðstoðaði nemendur við upplýsingaleit og verkefnavinnu ásamt öðrum kennurum.

Sama fyrirkomulag var á opnunartíma safnsins þ.e.a.s. að útlánatíminn var stytur og hægt var að panta safnið undir hina ýmsu vinnu í samráði við starfsmenn. Þetta fyrirkomulag gafst vel og býður upp á ýmsa möguleika varðandi betri nýtingu á safninu og samstarf við nemendur og kennara. Samstarfið eflist jafnt og þétt þegar kom að þemaverkefnum hjá árgöngunum.

Börn í 1. bekk sem voru í hringekju komu á safnið í stutta 20 mín. heimsókn þar sem lesin var fyrir þau saga og farið yfir reglur safnsins. Það tókst mjög vel.

Í byrjun vetrar tók safnið þátt í *Alþjóðlega bangsadeginum* sem haldin er hátíðlegur þann 27. október og lesin var bangsasaga fyrir yngstu börnin. *Norræna bókasafnsvikan* í ljósaskiptunum var haldin hátíðleg vikuna 8.–14. nóvember lesin var *Sagan af Bláa hnettinum* eftir Andra Snæ Magnason. Börnum í 3. bekk var boðið á safnið að hlusta á upplestur. Þorgrímur Þránínsson kom í heimsókn þann 1. desember og las úr bókum sínum fyrir nemendur. *Dagur barnabókarinnar* var haldinn hátíðlegur þann 31. mars allir nemendur skólans hlustuðu á söguna *Hörpuslátt* eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, sögunni var útvarpað og hluti af nemendum hlustaði á söguna á bókasafninu.



Frá heimsókn Þorgríms Þránínssonar

Sérstakir aðgangspassar eru fyrir þá sem vilja koma á safnið og fékk hver bekkur þrjá slíka til sín. Með þessu fyrirkomulagi er verið að jafna þann fjölda sem er á safninu af börnum hverju sinni

Það eru aldrei fleiri en þrír í einu frá sama bekk. Þetta gefst mjög vel og því verður haldið áfram næsta vetur.

Safnið fékk til afnota skjávarpa, tjald og tölvu sem eykur möguleika í verkefnavinnu. Haldið var áfram vinnu í að endurskipuleggja safnið, ganga frá gömlu efni og hreinsa til. Markmið safnsins er að vera með a.m.k. einn ákveðinn atburð á safninu fyrir hvern árgang.

Unnið er markvisst að því að gera safnið meira aðlaðandi og byrjað á að taka bókaloftið í gegn. Auka á samstarf við bæjarbókasafnið í Garðabæ. Útbúið verður viðburðadagatal yfir starfsemi safnsins og markmiðið er að gera það meira lifandi og að það slái þannig í takt við það sem er að gerast hverju sinni í skólstarfinu.

Gréta Björg Ólafsdóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur

Skýrslur kennara í list- og verkgreinum

Nemendur í 1.-7. bekk fá kennslu í list- og verkgreinum í 10-13 manna hópum. Kennt er í lotum og skipta nemendur um námsgrein fjórum til sex sinnum á vetri. Undantekning frá því er kennsla í tónmennt í 1.-6. bekk sem kennd er í heilum bekkjum ýmist eina eða tvær stundir á viku. Kennsla í nýsköpun fellur undir list- og verkgreinar og fer einkum fram í 5. bekk. Sjá nánar í skýrslu um hverja námsgrein. Taflan hér að neðan sýnir skipulag og fjölda kennlustunda í hverri grein, á viku, í hverri lotu í list- og verkgreinaskipulagi. Í 1.-7. bekk kemur sundkennsla inn í list og verkgreinar sjá nánar í umfjöllun um íþróttir.

	Fjöldi hópa í árgangi	Smiði	Textílmenn	Heimilisfræði	Myndmennt	Eðlisvísindi	Sund	Tölvufærni	Bókasafn, gagnv.lestur, enska, leikr. tjáning, Ritun
1. b	5	3	3	1,5	1,5	1,5	2	1	0,5
2. b	5	4	4	4	4		2		
3. b	5	4	4	4	4		2,5		
4. b	6	4	4	4	4	1,5	2,5	1	1,5
5. b	6	4	4	4	4	1	3	1	1
6. b	4	4	2	4	2		3		
7. b	5	4	4	4	4		3		

Heimilisfræði

Helstu markmið

Aðalnámsskrá grunnskóla er höfð til hliðsjónar. Helstu markmið eru þau að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að borða fjölbreyttan og hollan mat. Átti sig á því að hreinlæti við matargerð sé mikilvægt. Kunni skil á fæðuhringnum. Kunni að mæla með dl. máli og mæliskeiðum. Að þeir geti gengið frá eftir sig og verið sjálfbjarga heima fyrir og temji sér góða siði. Að námið verði heilsteypt.



Allir byrja á að þvo sér um hendurnar

Uppbygging kennslunnar

Stöðugt er byggt ofan á fyrri þrep í náminu. Það sem nemendur læra í 1. bekk er í fullu gildi í 7. bekk. Verkefni verða flóknari og nemendur eldri bekkja gera mest allt sjálfir, þarverkefni, einstaklingsverkefni, meðan yngstu nemendurnir vinna að mestu í hópvinnu með kennara, sérstaklega þegar hóparnir eru stórir.

Kennsluaðferðir

Munnleg innlög er í hverjum tíma. Sýnikennsla er í flestum verkefnum. Nemendur vinna í hópum, tveir og tveir saman og/eða einir. Verklegr kennsla er í fyrirrúmi en bóklegri kennslu blandað saman við.

Námsefni/gögn

Námsefni fyrir heimilisfræði fyrir 1.–7. bekk og *Næringarfræði matvæla* útg. Námsgagnastofnun. *Fæðuhringurinn* útg. Lýðheilsustofnun. *Með allt á hreinu í eldhúsinu* útg. Félag heimilisfræðikennara. Krossgátur.

Námsmat

Sú breyting átti sér stað í byrjun skólaárs að list- og verkgreinakennarar tóku upp námsmat í námsframvindu í *Mentor*. Að mati kennara var þetta stórt skref til betri vegar. Mun léttara og skemmtilegra á allan hátt.

Nýbreytni

Í vetur voru tveir kennarar um að kenna heimilisfræði. Það þýðir alltaf ákveðna nýbreytni, samstarf og skoðanaskipti.



4. bekkur býr til hollt músli

Hvað hefur gengið vel – má betur fara

Veturinn hefur í stórum dráttum gengið vel. Nemendur eru yfirleitt ánægðir þegar þeir yfirgefa kennslustofuna. Hegðunarvandamál hafa ekki verið stórvægileg, en eru þó alltaf til staðar.

Húsnæði – aðstaða

Vinnuaðstaða kennara er slæm. Gott væri að hafa sér þvottahús og þ.h. Það truflar kennslustundir að hafa þvottavél eða þurrkara í gangi. Einnig væri gott að hafa stórt og gott sýnikennsluborð.

Aðstaða til að matast gæti verið ákjósanlegri. Gott væri að hafa almennilega aðstöðu fyrir tölvu og fá stóra og góða veggstöflu. Eldhúsið er bjart og mikil og góð lýsing sem væri gott að geta dempað aðeins niður suma daga.

Annað

Hafa þarf í huga að þegar verið er að hanna heimilisfræðistofu eða annað sérhæft vinnusvæði þá er nauðsynlegt að hafa fagaðila með í ráðum. Það var ánægjulegt að ósk um að eldaveilar og vaskar voru tekin upp og allt hreinsað og fest aftur þannig að óhreinindi setjist ekki undir brúnir.

Áslaug Þorgeirsdóttir kennari í 1.-4. og 6.-7. bekk

Björk Ólafsdóttir kennari í 5. bekk

Myndmennt

Skipulag kennslunnar

Myndmennt hefur verið kennd í námskeiðaformi eins og aðrar verklegar greinar. Flestir nemendur hafa mætt tvisvar í viku, tvo tíma í senn, í sex vikur. 1. og 6. bekkur komu einu sinni í viku, fengu helming á við aðra nemendur. Námskeiðaformið hefur reynst mjög vel, sérstaklega vegna þess að nemendur koma tvisvar í viku og góð kynni skapast á milli kennara og nemenda. Nemendur eru líka fljótir að koma sér að vinnu þegar ekki líður lengri tími á milli kennslustunda.



Myndverk eftir nemanda


Kennsluáætlanir í myndmennt reyndust raunhæfar. Flest allir nemendur náðu að skila fyrirfram ákveðnum verkefnum og margir náðu að gera aukaverkefni. Í 1. bekk byrjar kennslan á að nemendur læra að byggja upp mynd með hjálp grunnformanna, litافرæði er bætt við í 2. bekk þar sem myndbygging skipar stóran sess. Í 3. bekk er haldið áfram og farið lengra með efnið og

litafræðina. 4. bekkur fer dýpra, meira farið í uppbyggingu kyrralífs og fjarvídd tekin fyrir. 5. og 6. bekkur nýtir sér gulliðsnið Leonardós. Þannig var haldið áfram, nemendur leiddir áfram með það í huga að byggja ofan á fyrra nám. Mismunandi aðferðir í leirmótun eru kenndar í 1.-5. bekk. 7. bekkur vinnur í glerbrennslu.

Lögð er áhersla á að kynna listamenn og listastefnur í myndmennt. Þeir listamenn sem eru sérstaklega kynntir, fjallað um og unnið út frá eru: Kristín Jónsdóttir, Ásgrímur Jónsson, Kjarval, Erró, Van Gogh, Leonardó, Picassó o.fl.

Til að færa listina nær nemendum eru útilistaverk í Garðabæ skoðuð á netinu og í nánasta umhverfi.

Fjölgreindarleikar voru á þemadögum í nóvember. Nemendur unnu klippimyndaverkefni, þrjá glugga sem prýða anddyri skólans. „Glugga framtíðar“ einn gluggi er fyrir vináttu, annar fyrir gleði og sá þriðji fyrir samvinnu.



Þorrablót 6. bekkinga var haldið með stæl að vanda. Hlutverk nemenda í myndmennt var að skreyta salinn með furðurollum.



Þessi mætti á þorrablótið!

Árshátíð 7. bekkinga er einnig árlegur viðburður. Nemendur skreyttu salinn í „Glamúrstíl“. Gamli endurnýttir geisladiskar voru notaðir til að skreyta salinn og á borðum voru geisladiskar

ásamt litríku efni notað til skrauts. List- og verkgreinagangurinn var lagður rauðum dregli, dúkar þöktu vegg og geislandi diskar gáfu líflegt yfirbragð.



Myndlistasamkeppnir

Nemendur í 7. bekk tóku þátt í klippimyndasamkeppni sem Listasafn Reykjavíkur stóð fyrir. Hugmyndin var að kynna fyrir nemendum klippimyndir og þá sérstaklega Erró og hans verk. Verðlaun voru í boði fyrir þrjá nemendur á aldrinum 12–16 ára. Erró afhenti vinningshöfum myndir eftir sig. Því miður átti skólinn ekki vinningshafa en eftir stendur þekking nemenda og mappa sem vonandi nýtist þeim fyrir teikningar sínar í framtíðinni.

Nemendum í 4. bekk var boðið að taka þátt í teiknimyndakeppni í tilefni *Skólarmjólkurdagsins*. „Mjólker góð“, var slagorð keppinnar. Sextíu skólar tóku þátt og innsend verk voru 1300. Veitt voru verðlaun fyrir 10 bestu myndirnar. Verðlaun fyrir hverja mynd voru 25.000 kr. sem runnu í bekkjarsjóð vinningshafa. Einn af nemendum skólans fékk verðlaun og peningarnir verða nýttir í eitthvað skemmtilegt fyrir bekkinn.

Skólanum var einnig boðið að taka þátt í alþjóðlegri málverkasamkeppni fyrir börn og unglinga „Kids Parliament“. Tólf lönd tóku þátt að þessu sinni, en úrslit verða ekki kunn fyr en í haust. Nemendur hafa unnið málverk sem bíða eftir að verða sótt og send úr landi.



Verðlaunamyndin

Námsmat

Námsframvinda er nýjung sem tekin var upp á haustdögum. Í stað einkunnagjafar fær hver nemandi umsögn og markmiðabundið námsmat. Námsframvindan hefur gefist vel í myndmennt en spurningin er hvort bagalegt sé að nemendur fái ekki einkunn í list- og verkgreinum á útprentuðu vitnisburðarblaði.

Margmiðlun

Í vetur hefur skjávarpi verið mikið nýttur í kennslunni. Nemendur og kennari hafa ferðast vítt og breytt á netinu. Fræðst enn frekar um listamenn sem fjallað er um, „Googlað“ hugtök, farið á söfn, skoðað útilistaverk í Garðabæ og fleira. Að hafa fastan skjávarpa í myndmenntstofunni er nauðsynlegt til að geta fylgt nútímalegum kennsluháttum eftir.

Myndmenntakennari kom til starfa á ný í haust að loknu námsleyfi. Hún var í meistaranám í HÍ. Leyfið nýttist vel til þess að endurnýja orkuna og gefa innsýn í nýngar í myndlistarkennslu, sérstaklega tölvur og kennslu sem tengist netinu og nýjum forritum.

Sólrún Guðbjörnsdóttir myndmenntakennari

Textílmennt

Helstu markmið kennslu í textílmennt eru:

- Að nemendur njóti sín í tímum
- Að nemendur læri á þau verkfæri sem notuð eru tímum
- Að nemendur byggi ofan á fyrri reynslu
- Að nemendur ljúki verkefnum sem unnið er að

Uppbygging kennslunnar

Innlögn er í byrjun hverrar lotu. Farið er yfir verkefnið sem vinna á með nemendum, efni og verkfæri sem þeir koma til með að nota og hvernig þeir nota það. Hver og einn nemandi vinnur á sínum hraða sem hentar hverjum og einum. Kenna þarf nemendum samvinnu, tillitsemi, hjálpsemi og þolinmæði. Mikil áhersla er lögð á að nemendur nái að ljúka verkefnum sínum.

Kennsluaðferðir

Áhersla er lögð á samvinnu nemenda og samvinnunám. Tveir eða fleiri nemendur vinna saman, sá nemandi sem er á undan með verkefnið hjálpar þeim sem er á eftir. Byrjað er á þessu strax í fyrsta bekk. Í textíl fer fram bæði samvinnunám og einstaklingsmiðað nám. Hver og einn nemandi fær leiðsögn eftir þörfum.

Námsefni/gögn

Verkefni og sýnishorn frá kennara, ýmsar bækur og blöð.

Námsmat

Námsframvinda er nýjung sem tekin var upp á haustönn 2010. Í stað einkunna fær hver nemandi markmiðabundið námsmat og umsögn í *Mentor*.

Hvað hefur gengið vel

Yfir höfuð hefur kennslan gengið vel og markmiðum verið náð. Verkefnaval hentaði fyrir hvern árgang. Merkja má aukinn áhugi drengja á þróni.

Annað

Þorablót 6. bekkinga gekk vel að vanda. Nemendur í textíl sáu um borðdúka og borðskraut í samvinnu við hóp nemenda í smíði. Árshátíð 7. bekkjar er einnig orðin árlegur viðburður og sáu nemendur í textíl og smíði um skreytingar í sal, á list- og verkgreinagangi, borðskraut og borðdúka.

Ester Jónsdóttir textílkennari



Stolt af verkefninu sínu

Smíði

Helstu markmið

Að nemendur gangi um smíðastofuna af virðingu, læri að umgangast og nota ákveðin verkfæri m.t.t. aldurs. Þeir vandi sig og fari stoltir og ánægðir heim með verkefni sem þeir hafa unnið.

Uppbygging kennslunnar

Innlögn er í byrjun hvers tíma. Farið er yfir með nemendum yfir hvaða verkfæri og eða efni þeir koma til með að nota og hvernig. Hver og einn nemandi vinnur að sínu verkefni og á sínum hraða. Samvinnunám á stundum við, þá miðlar sá nemandi sem kominn er lengra til annarra nemenda. Mikil áhersla er lögð á að í sem flestum verkefnum geti nemendur ráðið hugmynd og útliti verkefnisins og gert það að sínu.

Kennsluaðferðir

Sýnikennsla. Í byrjun hvers verkefnis fá nemendur að sjá sýnishorn af fullbúnu verkefni, hlut sem þeir eru að fara að búa til. Mikil áhersla er lögð á að nemendur setjist niður áður en þeir byrja á nýju verkefni og þeir skissi upp hugmyndir og útlit áður en hafist er handa. Þeir geri sér grein fyrir því hvað þeir eru að fara að gera og hvernig þeir vilja að hluturinn líti út. Í smíði fer fram einstaklingsmiðað nám. Hver og einn nemandi fær leiðsögn eftir þörfum.

Námsefni/gögn

Verkefni og sýnishorn frá kennara.

Námsmat

Símat er allsráðandi í smíði. Þeir þættir sem einkum eru hafðir til grundvallar eru: sjálfstæð vinnubrögð, vandvirkni, hegðun, hirðusemi og vinnusemi. Námsframvinda er nýjung sem tekin

var upp á haustönn 2010. Í stað einkunna fær hver nemandi markmiðabundið námsmat og umsögn í *Mentor*.

Árangur

Að mati kennara hentaði verkefnaval fyrir hvern árgang fyrir sig vel og gekk upp samkvæmt kennsluáætlun. Aukning er á innsendum hugmyndum í *Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna*. Góður árangur var í *Lampakeppni Hofsstáðaskóla* og miklar framfarir urðu og aukinn áhugi hjá nemendum í 6. bekk.

Húsnæði - aðstaða – verkfæri.

Mikil þrengsli eru í smíðastofunni og erfitt að koma nemendum fyrir þar sem þeim hefur fjölgað við. Nokkrir hópar eru óþægilega stórir. Lélegt aðgengi er að vélum, sem skapar mikla hættu og óþægindi þegar verið er að vinna við tækin. Tækjakostur er af skornum skammti. Vegna þrengsla vantar t.d. borðsög, rennibekk o.fl. Efnisgeymsla er ófullnægjandi og geymslurými fyrir smærri verkfæri og aukahluti er einnig ábótavant. Smáverkfæri eru farin að ganga úr sér og týna tölunni. Lofttræsting er léleg og er varla hægt að bjóða upp á að brennipenni sé notaður, auk þess vantar útsog frá sög. Loftpressu vantar tilfinnanlega svo hægt sé að blása ryk af hlutum áður en málað er og af fatnaði áður en farið er út úr smíðastofunni.

List og verkgreinar eru allar á sama gangi og hentar það vel. Það auðveldar samvinnu á milli list- og verkgreinakennara og gerir það að verkum að þeir geta samnýtt efni þegar það á við. Þörf er á að stækka rýmið fyrir smíði eins og kom fram hér á undan. Oft er erfitt að finna pláss fyrir þá starfsemi sem þar á að fara fram auk þess sem fjölga mætti tækjum. Smíðin og myndmenntin deila með sér herbergi þar sem leirofn, glerofn, sagir, borvélar og geymsla fyrir timbur, frauð, málma, gler leir o.fl. er allt saman í litlu rými. Ekki fer vel að fá sag og ryk í glervinnu og hitann af ofnum, ásamt ólofti sem frá þeim kemur leggur inn í smíðastofuna og er óæskilegt fyrir lungu kennara og nemenda.

Annað

Þorablót 6. bekkinga var haldið með stæl að vanda. Hlutverk nemenda í smíði var að sjá um borðdúka og borðskraut í samvinnu við hóp nemenda úr textíl. Árshátíð 7. bekkinga er einnig orðinn árlegur viðburður og sáu nemendur í smíði og textíl um skreytingar í sal, á list og verkgreinagangi, borðskraut og borðdúka.

Lampakeppni Hofsstáðaskóla

Nemendur í 6. bekk bjuggu til og hönnuðu lampa. Í lampann fengu nemendur 20 ljósa seríu og endurnýttu ýmislegt tilfallandi efni í skólanum eða komu með umbúðir leikföng og annað dót að heiman. Að lokum fóru allir lamparnir í *Lampakeppni Hofsstáðaskóla*. Veitt voru 1., 2. og 3. verðlaun auk þess valinn var *Hönnuður Hofsstáðaskóla*. *Marel* gaf verðlaun í þessa keppni. Ástþór Ragnarsson úr Iðnskólanum í Hafnarfirði valdi vinningslampana.



1. verðlaun í lampasamkeppni

Nýsköpun

Í 5. bekk var kennd nýsköpun og fá nemendur 60 mínútur vikulega í átta skipti. Nemendur vinna hver og einn að sinni hugmynd, vinna veggspjald og gera jafnvel sýnishorn af hugmyndinni. Að vori er haldin *Nýsköpunarkeppni Hofstaðaskóla* og í ár gefur *Marel* vegleg verðlaun fyrir bestu hugmyndirnar.

Nýsköpun er auk þess kynnt fyrir öllum nemendum skólans. Ef nemendur eiga afgangstíma í smíði vinna þeir hugmynd í nýsköpun og senda hugmyndina sýna í *Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna*. Í ár var þátttakan mjög góð.



Verðlaunahafar með hugmyndirnar sínar

Árangur

Í *Nýsköpunarkeppni grunnskólabarna* 2009-2010 bárust 1600 hugmyndir og átту nemendur úr Hofstaðaskóla 450 af þeim. Meðþátttaka var hjá nemendum skólans. Síðastliðið haust voru úrslit tilkynnt og hlaut Hofstaðaskóli gullverðlaun og bikar til varðveislu í eitt ár. Tíu nemendur frá skólanum komust í vinnusmiðjur og fjórir af þeim unnu til verðlauna sem er frábær árangur.

Sædís S. Arndal smíðakennari



Verðlaunahafar í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna

Tónmennt

Unnur Þorgeirsdóttir tónmenntakennari kenndi tónmennt í 1.-6. bekk og sá einnig um samsöng í 1.-7. bekk.

Helstu markmið

Unnið er samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* og skólanámskrá sem birtist í námsvísunum.

Uppbygging kennslunnar

Mikil áhersla er lögð á söng, hreyfingu og hljóðfæraleik.



Söngur í jólamessu skólans

Kennsluaðferðir

Kennsluhættir eru fjölbreyttir. Einstaklingsverkefni eru unnin og síðan er talsvert um samvinnunám. Áhersla er lögð á söng, nótnaskrift í vinnubók, hreyfingu og hljóðfæraleik. Þemaverkefni eru unnin og oft í samvinnu við bekkjarkennara. Sem dæmi má nefna álfar og tröll í samvinnu við 1. bekk. Fjallað er um tónskáld og gerðar stuttmyndir í 6. bekk.

Námefni/gögn

Námsefni í tónmennt er frá Námsgagnastofnun, efni úr smiðju kennara, tónlist af diskum, myndbönd o.fl.

Námsmat

Matið er innbyggt í vinnuferlið, og framlag nemanda er metið jafnóðum. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þannig að endurgjöf til nemenda er tíð. Tekið er tillit til virkni, samvinnuhæfni og árangurs. Vitnisburður að vori er gefin í orðum í yngri bekkjum og í tölum í eldri bekkjum og byggir á símati vetrarins auk lokakönnunar í sumum tilvikum.

Húsnæði – aðstaða

Aðstaðan er góð, gott pláss er fyrir hljóðfæraleik og dans. Huga þarf að því að setja upp hljóðeinangrað hljóðfæra/hljómsveitarherbergi í skólanum.

Veturinn gekk vel, allir árgangar voru jákvæðir og tóku virkan þátt í söng og hljóðfæraleik. Samvinna milli bekkjarkennara og tónmenntakennara hefur aukist og sungin eru lög og samin tónverk sem tengjast þeim sem árgangurinn er að vinna.

Skólakór

Kórinn hóf starfsemi sína í janúar, æft var einu sinni í viku, 60 mín í senn og oftast þegar þörf var á. Unnið var að því að byggja upp söng og sönggleði og þjálfu hlustun á sjálfan sig og aðra. Einnig var unnið með samvinnu, það að vera í hóp, framkoma er þjálfuð, sungnir keðjusöngvar og tveggja radda lög. Sungin er tónlist frá öllum tímum og á nokkrum tungumálum. Kórinn syngur hreint og sönggleði er nokkuð mikil. Ekki er gefin einkunn fyrir þátttöku í kórnum.

Kórinn tók þátt í Landsmót íslenskra barnakóra í apríl þar sem æfðar voru íslenskar söngperlur. Settur var upp söngleikurinn *Grease* og fékk hann mjög góðar viðtökur. Aðstaðan er mjög góð, æft var í tónmenntastofunni og í salnum þegar söngleikurinn *Grease* var sýndur.

Á næsta ári mun kórinn taka þátt kóradegi í Garðabæ ásamt öllum starfandi kórnum í bænum. Söngleikur verður settur upp á vorönninni.

Unnur Þorgeirsdóttir tónmenntakennari



Kórstjórnin Unnur með leikurum í Grease

Íþróttir

Helstu markmið

Að nemendur læri helstu grunnhreyfingar, nái færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifi tap og sigra. Að nemendur upplifi hreyfingu á jákvæðan hátt og allir taki þátt og fái útrás fyrir hreyfiþörf sína. Að nemendur tileinki sér helstu reglur í leikjum og gildandi umgengnisreglur í íþróttahúsi.

Uppbygging kennslunnar

Allir nemendur fá tvisvar sinnum 40 mínútur á viku í íþróttum. Kennt er í Mýrinni og úti að hausti og vori.

Kennsluaðferðir

Kennsla fer aðallega fram í leikjaformi, hring- og stöðvaþjálfun og „sýna- herma“ aðferðinni.

Námsefni/gögn

Allt það sem til er í íþróttahúsinu.



Íþróttadagur 2010 – 2011

Námsmat

Í 1–3. bekk er námsmat byggt á símati þar sem metið er virkni í tímum, hegðun, áhugi, samskiptafærni í leikjum og er matið huglægt. Í 4.–7. bekk er námsmat byggt á símati þar sem virkni í tímum, hegðun, áhugi, samskiptafærni í leikjum (huglægt mat) gildir 60% af annareinkunn. Almennir þættir hreyfifærni þ.e. samhæfing, þol og kraftur eru metnir og gilda 40% af annareinkunn.

Húsnæði – aðstaða

Íþróttakennsla fer ýmist fram í hálfum eða öllum sal Mýrarinnar. Salurinn er stór og góður en það glymur mikið og kom hann ekki vel út úr hávaðamælingu sem gerð var á vegum Vinnueftirlitsins. Hægt er að nota hljóðnema við kennslu sem er kostur þegar ná þarf til alls hópsins sem er dreifður um salinn. Hátalarakerfi nýtist vel við notkun tónlistar í kennslu.

Annað

Hreyfiþroskaprófið “MOT 4-6” eftir *Zimmer* og *Volkamer* frá árinu 1984 var lagt fyrir 1. bekk á haustdögum. Prófið mælir hreyfiþroska barna á aldrinum 4-6 ára. Það inniheldur 18 verkefni sem kanna líkamslíðleika, samhæfingu, færni, fínhreyfingar, jafnvægi, viðbragðshæfni, stökkkraft, hraða og nákvæmni hreyfinga. Prófið var framkvæmt í íþróttatímum með aðstoð stuðningsfulltrúa. Hver og einn hafði umsjón með ákveðnum verkefnum og var því prófið framkvæmt af sama aðila á hverri stöð. Niðurstöðum úr prófinu var komið áfram til deildarstjóra sérkennslu. Foreldrar nemenda sem komu illa út úr prófinu fengu sendan póst og áttu kost á að koma og skoða prófið.

Danskennsla var í íþróttum í tvær vikur eftir áramót. Þorrablót 6. bekkinga var haldið 9. febrúar, þar sem nemendur gátu nýtt kunnáttu sína og sýnt foreldrum. Danskennslan gekk vel fyrir sig og væri mjög þarft að setja danskennslu reglulega inn í stundaskrá nemenda.

Hið árlega *Vímuvarnarhlaup Lions* var haldið 10. maí og kepptu 5. bekkingar innbyrðis. 5. BÓ sigraði þetta árið. Lionskonur komu og voru viðstaddar hlaupið ásamt því að veita verðlaunabikar.



Vinningsliðið ásamt Lionskonum

Íþróttadagur var haldinn 3. júní og gekk mjög vel. Í ár var deginum skipt niður á fjórar stöðvar fyrir yngri hópinn, 1.-4. bekk og fjórar stöðvar fyrir eldri hópinn 5.–7. bekk. Hver stöð tók 20 mínútur og fengu nemendur fimm mínútur til þess að skipta um stöð. 1.–4. bekkur fór á sýningu kórsins á Grease fyrir kaffi og 5.–7. bekkur eftir kaffi. Dagurinn endaði síðan með samveru allra nemenda og kennara í íþróttahúsinu þar sem fram fór keppni milli kennara og nemenda í 7. bekk.

Nemendur í 6. og 7. bekk tóku þátt í *Skólalþíbraut FRÍ*. Keppt var í 120 metra hlaupi, hástökki og kúluvarpi og voru greinarnar stundaðar í íþróttatímum. Árangurinn var skráður á heimasíðu FRÍ. Landinu var skipt upp eftir sjö svæðum, líkt og kjördæmaskipan landsins. Skólarnir kepptu innbyrðis í hverjum landshluta. Lokamótinu var síðan frestað af óviðráðanlegum orsökum og fékkst ekki frekari skýring á því.

Hreinn O. Karlsson og Ragnheiður Þ. Ragnarsdóttir



Fjör í íþróttum

Sundkennsla

Helstu markmið

Að nemendur nái færni í öndun, köfun, floti og sundtökum í helstu sundgreinum.

Uppbygging kennslunnar:

1. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 13 – 14 manna hópa sem fengu 20 – 21 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
2. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 13 – 15 manna hópa sem fengu 20 – 21 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
3. bekkur: Nemendum var skipt upp í fimm 11 – 12 manna hópa sem fengu 13 – 14 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 50 mínútur.
4. bekkur: Nemendum var skipt upp í sex 11 – 12 manna hópa sem fengu 17 – 18 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 50 mínútur og einu sinni 40 mínútur.
5. bekkur: Nemendum var skipt í sex 11 – 12 manna hópa sem fengu 16 - 17 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur og einu sinni í 40 mínútur.
6. bekkur: Nemendum var skipt í fjóra 12 - 13 manna hópa sem fengu 16 skipi hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur.
7. bekkur: Nemendum var skipt í fimm 11 – 12 manna hópa sem fengu 12 – 13 skipti hver. Kennt var tvisvar í viku í 60 mínútur.

Kennsluaðferðir

Kennsla fór fram með hefðbundnum hætti. Æfingar í leikjaformi, stöðvaþjálfun og niðurbrot sunds þar sem að einstaka þættir sundsins voru þjálfaðir.

Námsefni/gögn

Allt það dót sem fylgir sundlauginni í Mýrinni.

Námsmat

Nemendur voru prófaðir eftir samræmdum sundstigum úr námsskrá og einkunn gefin fyrir hvern þátt í námsframvindunni í *Mentor*.

Húsnæði – aðstaða

Sundlaugin í Mýrinni er lítil kennslulaug 10 x 16 metrar. Hún er búin hinum ýmsu tækjum sem hægt er að nota til aðstoðar við sundkennslu. Laugin hentar mjög vel til kennslu en er þó helst til lítil fyrir elstu nemendurna. Ný reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum tók gildi 1. janúar 2011. Í kjölfarið voru haldin námskeið í sundlaugabjörgun og skyndihjálp.

Hreinn O. Karlsson og Ragnheiður Þ. Ragnarsdóttir

Skýrsla deildarstjóra sérkennslu

Í vetur voru tveir sérkennarar starfandi við sérkennslu, þær Margrét Einarsdóttir deildarstjóri sérkennslu sem kenndi aðallega í 3.-5. og 7. bekk og Guðrún Dögg Jóhannsdóttir sem kenndi í 1., 2. og 3. bekk ásamt því að halda utan um nám nemanda í 7. bekk. Brynja Jónsdóttir kennari, kenndi í 2. bekk ásamt nýbúakennslu. Ólöf Harpa Gunnarsdóttir kenndi sérkennslu og nýbúakennslu í 2. og 4.-7. bekk. Sérkennslu í stærðfræði í 7. bekk kenndi Ölrún Marðardóttir. Björg Jónsdóttir var með sérkennsluhóp í 6. bekk í samfélagsfræði og íslensku. Sérkennsla fór bæði fram inn í bekkjarstofum og í sérkennslustofum. Tveir þroskaþjálfar voru starfandi við skólann, Ragnhildur Sigurðardóttir og Bryndís Guðmundsdóttir. Fjórir stuðningsfulltrúar voru starfandi við skólann. Það voru þær Agnes Kragh, Anna Laxdal, Sigríður Kragh og Sigurveig Björnsdóttir. Elva Björk Ágústsdóttir hefur verið námsráðgjafi við skólann. Rakel Hallgrímsdóttir leysti hana af í fæðingarorlofi frá september til apríl. Gréta E Pálsdóttir talmeinafræðingur og Trausti Valsson skólasálfræðingur komu a.m.k. vikulega í skólann.

Viðfangsefni sérkennslunnar eru einkum kennsla, stuðningur, ráðgjöf, samstarf við nemendur, foreldra, bekkjarkennara og aðra sérfræðinga innan og utan skólans (teymisvinna). Þroskaþjálfar og sérkennarar vinna í samvinnu við kennara að gerð einstaklingsnámskrár og aðlögun námsefnis/prófa. Þroskaþjálfar og sérkennarar sjá einnig um greiningu námserfiðleika og þeir taka stöðu nemenda. Gerð er skýrsla um alla þá nemendur sem fá þjónustu innan sérkennslunnar

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda og kyn þeirra nemenda sem fengu þjónustu sérkennslunnar og í hverju sú þjónusta fólst. Í sumum tilvikum er um að ræða sama nemandann sem fær mismunandi þjónustu.

Sérkennsla og sérfræðiþjónusta á skólaárinu

Árgangur	Íslenska		Stærðfræði		Nýbúa- þjónusta		Greining sérkennara				Greining/ þjónusta sálfræðings			Talkennari	
							Íslenska		Stærðfræði						
	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Í bið	Dr.	St.
1.	5	3			1		1	1				1	2	7	6
2.	5	6	3	4		3	1				4	2		2	2
3.	8	6	2	5	2	1	1						3	2	1
4.	9	4	8	4	1	1	2				2			3	
5.	11	5	3	4	2	1	3	2			1	2	1		
6.	5	8		5	1							11			
7.	10	5	3	2	1			1			3	1			
Alls	53	37	19	24	8	6	8	4			10	17	6	14	9

Önnur þjónusta

Frávíkspjónusta í prófum hefur verið veitt hjá sérkennurum. Hún felur í sér m.a. lengri próftími, lesara, skrifara, munnlegt próf, aðlagað próf, notkun hjálpargagna s.s. upptökutæki, tölvu, vasareikni o.fl. Hafi nemandi tekið aðlagað próf eða ef tekið er tillit til stafsetningar, kemur það fram á vitnisburðarblaði. Sérkennarar koma að aðlögun námsefnis fyrir nemendur í bekkjaraðstæðum þar sem það á við, í samvinnu við umsjónarkennara. Þroskaþjálfar koma að aðlögun náms- og vinnuumhverfis fyrir nemendur í samvinnu við kennara þar sem það á við. Þroskaþjálfar sjá einnig um að vinna með félagsleg samskipti nemenda.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum. Nemendaverndarráðsfundir voru haldnir einu sinni í viku allan veturinn. Deildarstjóri sérkennslu, deildastjórar yngra og eldra stigs, námsráðgjafi, skólastjóri og sálfræðingur sátu alla fundina. Þegar mál ákveðinna nemenda voru rædd voru umsjónarkennarar látnir vita og þeim boðið að sitja fundinn. Oft höfðu umsjónarkennarar frumkvæði að því að mál nemenda þeirra væru tekin fyrir. Anna Karin Júlíussen félagsráðgjafi, Hanna Rut Jónasdóttir hjúkrunarfræðingur og Helga Ágústsdóttir fulltrúi frá heilsugæslunni voru boðaðar mánaðarlega á fundi í allan vetur.

Samráðsfundir

Sérkennarar funduðu a.m.k. einu sinni í viku. Deildarstjóri sérkennslu og stuðningsfulltrúar funduðu mánaðarlega. Deildarstjóri sérkennslu og þroskaþjálfar funduðu a.m.k. einu sinni í mánuði á skólaárinu. Vikulegur fundur var með kennurum sem kenndu sérkennslu og deildarstjóra sérkennslu. Deildarstjóri sérkennslu fundaði auk þess reglulega einn með námsráðgjafa, sálfræðingi og talmeinafræðingi.

Lestrarpróf

Allir nemendur skólans voru lestrarprófaðir þrisvar sinnum á árinu og þeir sem voru undir viðmiðum árgangs voru prófaðir fimm til sex sinnum. Sérkennarar skólans sáu um að raddlestrarprófa alla nemendur í 2.-7. bekk að hausti og í maí og nemendur undir viðmiðum í mars. Umsjónarkennarar sáu um að lestrarprófa alla nemendur undir viðmiðum í október og alla nemendur í janúar. Umsögn er gefin með lestrinum í janúar og maí fyrir alla nemendur skólans. Í lestrarprófum er alltaf gefinn upp atkvæðafjöldi og villuprósentu eða nákvæmnislestur og er miðað við að ásættanlegt sé að nemendur lesi með færri en 3% villum. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall þeirra nemenda sem ná viðmiðum hvers árgangs í lestri undanfarin 3 ár.

Fjöldi nemenda skólaárin 2009 – 2011 sem náðu viðmiðum árgangs í lestri (atkvæðum á mínútu).

Skólaárið 2011

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv./mín	60	134	170	200	220	250	270
Hlutfall nemenda í maí 2011		77%	60%	63%	75%	65%	49%	36%

Skólaárið 2010

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv./mín	60	134	170	200	230	270	300
Hlutfall nemenda í maí 2010		69%	67%	61%	50%	46%	10%	17%

Skólaárið 2009

		1.b	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7. b.
Viðmið	Atkv./mín	60	134	170	200	230	270	300
Hlutfall nemenda í maí 2009		62%	61%	48%	45%	53%	23%	16%

Einstaklingsnámskrágerð

15 nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá í vetur. Þverfagleg samvinna var á meðal umsjónarkennara, sérkennara og þroskaþjálfra. Miðað var við að þeir nemendur fengju einstaklingsnámskrá sem vikju verulega frá í allt að þremur námsgreinum og/eða nemendur sem voru með veruleg frávík í hegðun. Allar einstaklingsnámskrár voru gerðar með samþykki og samvinnu foreldra. Lokaskýrslur voru unnar fyrir alla nemendur sem unnu samkvæmt einstaklingsnámskrám.

Yfirlit yfir starf með hverjum árgangi

1. bekkur

Í upphafi skólaárs var deildarstjóri sérkennslu með kynningarfyrirlestur fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. M.a. var fjallað um lestur, hlutverk skólans í lestrarkennslunni og hlutverk foreldra.

Í fyrsta bekk var lögð áhersla á undirstöðupætti lestrarkennslunnar. Bekkjarkennarar skiptu í hóp á „Markvissri málörvun“ í samráði við talmeinafræðing og deildarstjóra sérkennslu og fór hluti kennslunnar fram hjá sérkennara. Hóparnir voru fjórir fram í lok nóvember en þá var þeim skipt aftur niður á bekki en einn hópur úr öllum bekkjum hélt áfram í sérkennslu daglega. Sérkennari tók stafa- og lestrarkönnun á þeim nemendum sem ekki voru orðnir öruggir á lestrinum í október. Allir nemendur í 1. bekk voru raddlestrarprófaðir í janúar og að vori, gefin voru upp atkvæði með umsögn. Málþroskaþrófið *TOLD-2P* var lagt fyrir fjóra nemendur.

Talmeinafræðingur lagði fyrir lestrarskimun *LES I* í apríl 2010. Bekkjarkennarar lögðu lestrarskimunarpróf fyrir nemendur; *Læsi I* í nóvember, *Læsi II* í febrúar, *Les I* í mars og *Læsi III* í maí. Veitt var ráðgjöf varðandi námsefni o.fl. Sjá niðurstöður úr *Læsi* hér fyrir framan í skýrslunni á bls. 32. Einn nemandi fékk nýbúakennslu.

2. bekkur

Sérkennsla í 2. bekk miðaði að því að halda áfram þar sem frá var horfið í lestrarkennslu í 1. bekk. Lögð var áhersla á lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að

hausti og nokkra nemendur að vori. Bekkjarkennarar lögðu Lestrarskimunarpróf fyrir nemendur *Læsi I* í nóvember og *Læsi II* í febrúar. Sérkennari sá um prófafrávik í árganginum. Málþroskapróf *TOLD-2P* var lagt fyrir þrjá nemendur. Þrír nemendur fengu nýbúakennslu. Lestraráttak „*Lesum saman*“ (samstarf foreldra og nemenda) var í gangi á vorönn. 9 nemendur tóku þátt. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur.

3. bekkur

Í sérkennslu í 3. bekk var lögð áhersla á lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund og stærðfræði. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra nemendur að vori. Málþroskaprófið *TOLD-2P* var lagt fyrir einn nemanda og *LOGOS lestrargreiningarpróf* var lagt fyrir einn nemanda. *LH-60* lestrarhæfnipróf var lagt fyrir alla nemendur í september. Þrír nemendur fengu nýbúakennslu. Sérkennari sá um prófafrávik í árganginum. Lestraráttak (samstarf foreldra og nemenda) var í gangi á vorönn fyrir 11 nemendur. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur.

4. bekkur

Sérkennsla í 4. bekk fór fram í sérkennslustofu. Lögð var áhersla á lestrarþjálfun, ritun, mál- og hljóðkerfisvitund í íslensku. Í stærðfræðihópunum var lögð áhersla á að efla skilning og sjálfstraust, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð í að finna sem fjölbreyttastar leiðir til að skilja og finna lausnir. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra nemendur að vori. *LOGOS lestrargreiningarpróf* var lagt fyrir tvo nemendur. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir í september. Deildarstjóri sérkennslu í samráði við bekkjarkennara og forráðamenn nemenda sá um að meta og sækja um frávíkspjónustu. Sótt var um frávík fyrir fjóra drengi og tvær stúlkur í íslensku og stærðfræði. Fimm nemendur fengu auk þess að taka prófin í rólegum aðstæðum. Boðið var upp á tvenns konar lestrarátak (samstarf foreldra og nemenda) á vorönn, tíu nemendur tóku þátt. Foreldrar voru boðaðir á kynningarfund og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur. Deildarstjóri sérkennslu kynnti lesskilningsverkefni í öllum 4. bekkjunum, bekkjarkennarar fylgdu þessum verkefnum eftir á vorönn. Fimm nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá. Tveir nemendur fengu nýbúakennslu.

5. bekkur

Sérkennsla í íslensku fór fram í sérkennslustofu og inni í bekk. Áhersla var lögð á lestur, lesskilning, ritun og stafsetningu. Stafsetningarpróf (*Aston Index*) var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nokkra að vori. *LOGOS lestrargreiningarpróf* var lagt fyrir fimm nemendur. *LH 40* lestrarhæfnispróf var lagt fyrir alla nemendur í 5. bekk að hausti. Þrír nemendur í árganginum fengu nýbúakennslu.

Í 5. bekk var færnimiðað nám í stærðfræði. Nemendum var skipt í fimm færnimiðaða hópa. Námsfni, próf og kannanir voru aðlagðar að þörfum sérhvers nemanda. Nemendur fengu að hafa hjálpargögn í könnunum og prófum. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Tveir nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá.

6. bekkur

Sérkennsla í íslensku fór fram í sérkennslustofu og inn í bekk. Áhersla var lögð á lestur, lesskilning og stafsetningu. Einn nemandi fékk nýbúakennslu.

Stafsetning (*Aston Index*) stakra orða var lagt fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst og nokkra í maí. *TOLD 2-1* málþroskapróf var lagt fyrir einn nemanda. Boðið var upp á færnimiðað nám í

stærðfræði og ensku. Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Fimm nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá.

7. bekkur

Sérkennsla í íslensku fór fram í sérkennslustofu. Unnið var með lestur og lesskilning, stafsetningu, málfræði, setningafræði og málnotkun. Unnið var í samvinnu við bekkjarkennara (innlögn, upprifjun) og tekið mið af stöðu nemenda hverju sinni. Stafsetning (*Aston Index*) stakra orða var lögð fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst og nokkra í maí. *LOGOS* lestrargreiningarpróf var lagt fyrir einn nemanda. Einn nemandi fékk nýbúakennslu.

Boðið var upp á færnimiðað nám í stærðfræði og var kennslan aðlöguð persónulegum þörfum nemenda. Kannanir og próf voru unnin úr kennsluefni hópsins.

Frávíkspjónusta vegna prófatöku nemenda var í boði þegar þörf var á. Samræmd próf í íslensku og stærðfræði voru lögð fyrir í september. Deildarstjóri sérkennslu í samráði við bekkjarkennara og forráðamenn nemenda sá um að meta og sækja um frávíkspjónustuna. Sótt var um frávík í íslensku fyrir fimm drengi og fimm stúlkur og í stærðfræði fyrir sama hóp. Þrír nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá.

Margrét Einarsdóttir, deildarstjóri sérkennslu



Hópefli – samvinna

Skýrsla náms- og starfsráðgjafa

Skólaárið 2010-2011 var námsráðgjafi í 50% starfshlutfalli í Hofstaðaskóla í ágúst og september og í 80% starfi frá september til júní. Eftirfarandi þjónusta var í boði: Einstaklingsráðgjöf, hópráðgjöf, aðstoð við bekkjarfundi, vínahópar, námstækniráðgjöf og fræðsla, fræðsla um einelti, vinna samkvæmt eineltisferli skólans, félagsfærnihópar og ráðgjöf og ráðgjöf vegna prófkvíða og prófaundirbúnings. Mikil samvinna var við foreldra/forráðamenn, kennara, sálfræðing, deildarstjóra, aðra starfsmenn og stjórnendur skólans.

Ástæður tilvísana eða þess að nemendur leituðu til námsráðgjafa voru margskonar s.s. námsvandi, félagslegurvandi, tilfinningavandi, vandi með sjálfsmynd, hegðunavandi, prófkvíði, vandi í bekk, fjölskylduvandi, einelti og fleira. Nemendur, forráðamenn, umsjónarkennari eða aðrir starfsmenn óskuðu eftir aðstoð námsráðgjafa á tilteknu eyðublaði eða með öðrum skriflegum hætti svo sem tölvupósti.

Fjöldi nemenda sem fengu aðstoð námsráðgjafa

Nemendur sem leituðu til eða var vísað til námsráðgjafa í vetur voru 70 eða 16,5% af nemendum skólans. Þar af voru drengir 27 talsins eða 38,6% og stúlkur 43 talsins eða 61,4%. Hér eru þó ekki taldir með bekkjarfundir eða fræðsla sem námsráðgjafi tók þátt í eða þegar nemendur komu einu sinni eða tvisvar sinnum til námsráðgjafa. Ekki eru taldir með þeir nýnema sem bættust í nemendahópinn á skólaárinu, en námsráðgjafi hefur hitt hvern nýnema tvisvar sinnum.

Fleiri stúlkur leita til námsráðgjafa en drengir, en ástæður þess eru ekki ljósar. Í einhverjum tilfellum er sótt beint um aðstoð sálfræðings án milligöngu námsráðgjafa. Í öðrum tilvikum eru drengir ekki eins viljugir og stúlkur að leita til námsráðgjafa og stúlkur leituðu mun oft af sjálfsdáðum til námsráðgjafa en drengir. Námsráðgjafi hefur unnið að því að hanna verkefni og fræðslu sem höfða til drengja. Sú vinna hófst á síðasta skólaári og hefur fjöldi drengja (sem hlutfall allra nemenda er leita til námsráðgjafa) farið úr 29% upp í tæplega 39% á þeim tíma. Mikilvægt er fyrir námsráðgjafa að halda áfram þeirri vinnu, að hanna verkefni og aðferðir í ráðgjöf fyrir drengi. Námsráðgjafi þarf einnig að kynna sig og starf sitt vel í bekkjum og auka fræðslu inni í bekk svo fleiri drengir njóti góðs af þjónustu námsráðgjafa.

Skipting nemenda eftir þjónustu

Einstaklingsráðgjöf	40 nemendur
Hópráðgjöf	43 nemendur
Bekkjarráðgjöf	2., 4. og 5. bekkur
Námstækninámskeið	1. bekkur 7. bekkur

Skipting nemenda sem fengu þjónustu eftir árgöngum

Árgangur	Fjöldi nemenda	Hlutfall af heildarfjölda
1. bekkur	3	5%
2. bekkur	11	16%
3. bekkur	7	10%
4. bekkur	10	14%
5. bekkur	21	32%
6. bekkur	10	20%
7. bekkur	8	14%

Hér sést hlutfall þeirra nemenda sem fengu aðstoð námsráðgjafa í hverjum árgangi. Aðeins er talið upp þegar nemandi kemur oftari en einu sinni til tvisvar sinnum til námsráðgjafa. Ekki var unnt að taka saman fjölda nemenda sem koma einstaka sinnum til námsráðgjafa. Í þessari töflu er því aðeins um að ræða frekari aðstoð námsráðgjafa.

Önnur verkefni námsráðgjafa

- Námsráðgjafi hefur tekið á móti nýjum nemendum sem koma úr öðrum skólum. Þessa nemendur hittir hann einu sinni í byrjun og svo aftur þegar tvær til þrjár vikur eru liðnar af skólavistinni. Þetta ferli hefur gefist vel.
- Tengslakönnun er framkvæmd í öllum bekkjum skólans, en það er greiningartæki til að kanna félagatengsl í afmörkuðum hópum. Námsráðgjafi hefur umsjón með fyrirlögn könnunarinnar og les úr niðurstöðum ásamt því að taka þátt í aðgerðum sem fylgja í kjölfarið ef þurfa þykir.
- Í skólanum er starfandi eineltisteymi, sem í sitja námsráðgjafi og deildarstjórar. Ef eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr eineltisteyminu. Námsráðgjafi hefur verið virkur í þessu vinnuferli og fylgt eftir þeim nemendum sem hafa orðið fyrir einelti. Teymið tekur þátt í verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ*.
- Nemendur í 7. bekk fengu kennslu í námstækni. Í 7. bekk fengu nemendur fjórar kennslustundir í námstækni. Þá var bekkjum skipt upp í minni hópa og fræðsla í boði hjá námsráðgjafa. Nemendur fylltu út *Námshringinn* til að fá skýrari mynd af eigin námstækni.
- Nemendur í 1. bekk fengu kennslu í gerð hugarkorta.
- Nemendur í 2. bekk fengu fræðslu um einelti.
- Nemendaverndarráðsfundir eru haldnir hvern mánudag. Námsráðgjafi sat alla fundi nemendaverndarráðs, enda ber honum skv. lögum skylda til að sitja í ráðinu.
- Námsráðgjafar í grunnskólum Garðabæjar hittast reglulega yfir veturinn á faglegum samráðs- og handleiðslufundum.
- Samvinna við kennara, starfsfólk skólans, foreldra, nemendur og aðra hefur falist í fundahöldum, símaviðtölum og tölvupóstsamskiptum. Einnig hafa foreldrar notað foreldraviðtalsdaga til að hitta námsráðgjafa.
- Námsráðgjafi skipulagði fræðslu/endurmenntun fyrir kennara. Skólaárið 2010-2011 skipulagði námsráðgjafi ásamt öðrum í eineltisteymi Garðabæjar, fræðslu um einelti meðal barna og unglinga, þar sem Ingileif Ástvaldsdóttir fræddi starfsfólk skóla Garðabæjar um bekkjarfundi og Ingibjörg Auðunsdóttir fræddi starfsfólkið um einelti meðal stúlkna.
- Útbúin hefur verið skýrsla um þá nemendur sem hafa komið reglulega til námsráðgjafa og er hún geymd með öðrum trúnaðargögnum hjá deildastjóra sérkennslu.

Eineltismál í Hofsstáðaskóla 2009-2010

Breytingar hafa orðið á undanförunum árum á meðhöndlun eineltismála eftir að eineltisteymi tók til starfa og verkefnið *Gegn einelti í Garðabæ* hófst, en það er samstarfsverkefni grunnskóla Garðabæjar. Það er skýr stefna í grunnskólum Garðabæjar að taka strax á eineltismálum. Markviss vinna fer í gang þegar eineltismál koma upp.

Við skólann er starfandi eineltisteymi, sem í sitja deildarstjórar og námsráðgjafi. Eineltisteymið fundar reglulega með teyimum úr öðrum grunnskólum Garðabæjar. Þegar eineltismál koma upp hefur umsjónarkennari samband við aðila úr teyminu og haft er samráð um viðbrögð og


aðgerðir. Í meðferð eineltismála er starfað eftir *Handbók starfsmanna* þar sem skilgreindar eru vinnureglur í eineltismálum. Lögð er áhersla á að allir starfsmenn skólans séu meðvitaðir um hvernig eigi að bregðast við.

Í mörgum tilfellum, þegar grunur leikur á einelti, er hægt að koma í veg fyrir einelti með ýmsum úrræðum. Þar má nefna vinalópa og félagsfærniþópa, reglulega bekkjarfundi með nemendum og umsjónarkennurum, fundi með deildarstjórum eða námsráðgjafa og nemendum. Með þessum úrræðum er oft hægt að taka á málum er tengjast samskiptum nemenda áður en þau verða að eineltismálum.

Eineltismál eru mismunandi og haga ber vinnu hvers máls eftir eðli þess. Aðgerðir miðast af því hvort um sé að ræða *grun um einelti* eða *sannanlegt einelti*. Öll mál sem koma upp eru skráð.

Í ágúst árið 2006 hóf námsráðgjafi störf í Hofsstáðaskóla. Frá þeim degi hefur námsráðgjafi haft umsjón með skráningum á þeim eineltismálum sem upp koma, hvort sem um ræðir grun um einelti eða sannanlegt einelti. Mikilvægt er að halda utan um skráningar á einelti til að meta þróun og framfarir í forvörnum og vinnu gegn einelti. Af þeim 9 tilkynningum sem bárust á þessu skólaári reyndust 7 þeirra vera einelti. Unnið var með þau mál skv. eineltisáætlun skólans.

- Skólaárið 2010-2011 voru tilkynnt 9 eineltismál (4.-7. bekkur)
- Skólaárið 2009-2010 voru tilkynnt 7 eineltismál (4.-7. bekkur)
- Skólaárið 2008-2009 voru tilkynnt 9 eineltismál (2.-7. bekkur)
- Skólaárið 2007-2008 voru tilkynnt 3 eineltismál (6.-7. bekkur)
- Skólaárið 2006-2007 voru tilkynnt 2 eineltismál (5.-7. bekkur)



Samkvæmt þessu þá virðist sem eineltismálum fjölgi upp úr 2008 en svo þarf ekki að vera. Samskiptavandamál sem komu þá upp voru oft unnin með félagsfærniþópum, vinalópum eða bekkjarfundum en ekki tilkynnt sem eineltismál. Í dag eru bæði umsjónarkennarar og foreldrar duglegri við að tilkynna svipuð mál sem eineltismál.

Nauðsynlegt er að vinna áfram í málum er tengjast einelti, fræða starfsfólk um einelti sem og nemendur. Regluleg könnun á líðan nemenda, stríðni og einelti er stór þáttur í því að sporna við eineltinu og taka á þeim málum sem upp koma. Forvarnavinna getur verið mjög árangursrík og því mikilvægt að halda bekkjarfundi reglulega, bjóða nemendum og foreldrum upp á vinalópa utan skóla sem og á skólatíma. Fræðsla til nemenda um einelti, stríðni og áhrif þess er mikilvæg. Öll vinna námsráðgjafa og umsjónarkennara í tengslum við einelti er mikilvæg og nauðsynlegt er að styrkja hana enn betur svo sem með aukinni fræðslu til nemenda um einelti fyrir alla

árganga. Félagstengingin fyrir nemendur sem eiga í vanda með félagstengingunni getur nýst nemendum mjög vel þar sem félagstengingin styrkir. Einnig gagnast ráðgjöf fyrir nemendur með aðstoð kennara, deildarstjóra, námsráðgjafa eða sálfræðings. Með aukinni þekkingu nemenda á einelti, áhrifum þess og aukinni virðingu nemenda gagnvart sjálfum sér og öðrum er mögulegt að vinna að bættri líðan nemenda í Hofsstaðaskóla.

Elva Björk Ágústsdóttir náms- og starfsráðgjafi

Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni

Starf kennsluráðgjafa

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni í skólastarfinu. Hann vinnur með nemendum, starfsfólki og foreldrum skólans. Kennsluráðgjafi er einnig í sambandi við tölvudeild og vinnur náið með kennsluráðgjöfum í tölvu og upplýsingatækni í öðrum grunnskólum Garðabæjar.

Upplýsingamiðlun er stór hluti af starfi kennsluráðgjafa því hann hefur umsjón með vef skólans og aðstoðar kennara við upplýsingamiðlun á vefinn og í *Mentor*. Hann útbýr einnig upplýsingar um kennsluefni og leiðbeiningar til að auðvelda starfsfólki að nýta hugbúnað og tækjakost skólans.

Í vetur sat kennsluráðgjafi fundi með sjálfsmatshóp skólans og hafði umsjón með rafrænni könnun sem framkvæmd var í tengslum við sjálfsmat skólans, tók þátt í vinnuhópi sem fjallaði um bókasafn skólans og tók á móti og hafði umsjón með kennaranema frá HÍ.

Kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni við grunnskóla Garðabæjar héldu reglulega fundi og samræmdu námsáætlanir, ræddu um aðstöðu til kennslu, samskipti við tölvudeild, *Mentor*, vefi skólanna, sameiginleg hugbúnaðarkaup og námskeiðahald fyrir kennara. Einnig deildu þeir hugmyndum og kynntu sér hugbúnað sem stóð til boða að hægt væri að nota í skólastarfinu. Kennsluráðgjafi Hofsstaðaskóla, Flataskóla og Garðaskóla sóttu ráðstefnu á Möltu í september 2010.

Aðstaða til kennslu

Í tölvustofu skólans eru 26 nemendatölvur (frá árinu 2007) og kennaratölva sem tengd er við gagnvirka töflu. Auk þess er prentari í tölvustofunni. Kennarar geta stýrt tölvum í tölvustofu með hugbúnaði frá *ReNet*.

Í vetur voru fimm tölvur fluttar úr bekkjarstofum á bókaloft til að halda því gangandi. Þar eru nú 13 nemendatölvur þar af eru þrjár tölvur sem notaðar eru til myndbandavinnslu. Auk þess er þar kennaratölva sem tengd er við skjávarpa. Á vorönn var keypt sýningartjald á bókaloftið og unnið að því að gera aðstöðuna þar meira aðlaðandi.

Á bókasafninu eru þrjár tölvur sem nemendur hafa aðgang að en þær eru einnig notaðar til að „brenna“ hljóðbækur og annað efni á diska.


Þrjár tölvur eru notaðar í sérkennslurýmum en eins og áður kom fram fækkaði tölvum í bekkjarstofum. Kennarar höfðu einnig aðgang að fartölvuvagni (15 tölvur frá árinu 2006). Nokkuð var kvartað vegna hægagangs fartölvanna í vetur. Netsamband í skólanum er að mestu leyti orðið þráðlaust.

Í vetur voru alls fimm gagnvirkar „Smart board“ töflur í notkun. Ein í tölvustofu skólans og tvær sem notaðar voru í kennslu í 5. RS og 5. BÓ. Tvær töflur á hjólum, ein á hvorri hæð skólans, bættust við þetta skólaárið. Mögulegt er að flytja töflurnar milli rýma. Foreldrafélag skólans hefur staðið fyrir fjáröflun til kaupa á gagnvirkum kennslutöflum og mun ein tafla bætast við

haustið 2011. Í skólanum eru 78 nemendatölvur þannig að 5,5 nemendur eru á hverja tölvu. Þrír lausir skjávarpar eru til útláns fyrir kennara.

Fartölvuvagn

Á eftirfarandi mynd má sjá hve margar kennslustundir fartölvuvagninn var notaður síðastliðin þrjú skólaár



Nám og kennsla

Kennsluáætlanir kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni voru hafðar til hliðsjónar við kennslu í tölvu- og upplýsingatækni. Allar kennsluáætlanir voru uppfærðar fyrir skólaárið 2010-2011. Teknir eru fyrir mismunandi þættir í hverjum árgangi og þannig myndaður góður grunnur og samfella tryggð í tölvunámi nemenda. Kennarar eru einnig hvattir til að samþætta markmið upplýsingatækninnar og annarra námsgreina. Allir kennarar skila kennsluáætlunum um notkun tölvu- og upplýsingatækni inn á sameign skólans. Kennsluráðgjafi aðstoðaði umsjónarkennara við kennslu fram að áramótum í 1. bekk og leiddi kennslu í *Wikispaces* hjá 6. bekk.

Keyptur var aðgangur að *Skólavefnum* fyrir alla nemendur skólans en að auki var í vetur keyptur aðgangur að stærðfræðivefnum *Mathletics* fyrir bláan hóp í stærðfræði í 6. bekk. Fjöldi kennara nýtti tækifærið og skráði nemendur til leiks á s.k. *Evrópuleika* á *Mathletics* vefnum sem fram fóru 8. – 15. maí. Nemendur voru mjög áhugasamir og stóðu sig með miklum sóma. Áhugi er fyrir því hjá kennurum að nemendur hafi aðgang að vefnum en greiða þarf áskriftargjald fyrir hvern nemanda.



Í vetur tóku nokkrir af kennurum skólans, undir handleiðslu kennsluráðgjafa, þátt í að prófa nýtt námsefni í upplýsingatækni fyrir yngsta stig. Um var að ræða *Fingrafimi* og *Fingrafimi 2* en

vefirnir eru ætlaðir þeim sem eru að hefja tölvunotkun og vilja ná tökum á lyklaborðinu og *Tölvutrölilið* sem er námsvefur í upplýsingatækni fyrir 1.–4. bekk.

Hver bekkur fékk í vetur eina kennslustund á viku með umsjónarkennara í tölvuveri. Auk þess fengu allir nemendur að undanskyldum 6. bekk kennslu í tölvufærni í smærri hópum. Kennslan fór fram í lotum og var kennslufyrirkomulagið eftirfarandi:

1. bekkur (LV)	Ein kennslustund á viku í 6-7 vikur
2. bekkur (Hringekja)	Ein kennslustund á viku í 8-9 vikur
3. bekkur (Hringekja)	Ein kennslustund á viku í 8-9 vikur
4. bekkur (Hringekja)	Ein kennslustund á viku í 6 vikur
5. bekkur (Hringekja)	Ein kennslustund á viku í 6 vikur
7. bekkur (Hringekja)	Tvær kennslustundir á viku 14 vikur

Í kennsluáætlunum er lögð áhersla á fræðslu um öryggi á netinu. Kennarar eru hvattir til að ræða um örugga netnotkun við nemendur, ræða um þær reglur sem gilda um tölvunotkun í skólanum og fara yfir kennsluefni frá *SAFT*.

Kennsluráðgjafi hafði umsjón með hópi nemenda í 5. og 6. bekk sem tók að sér útbúa og flytja kynningu á skólanum fyrir foreldra nemenda sem hefja eiga skólagöngu í grunnskólum Garðabæjar haustið 2011. Krakkarnir voru skólanum til sóma og er hægt að nálgast kynninguna á vef skólans.

Ritþjálfí – vélritun

Nemendur í 3.-7. bekk fengu kennslu í vélritun. Kennt er á *Ritþjálfí* í Hofi 5 en þar eru tæki fyrir heilan bekk sem tengd eru við kennaratölvu. Kennt var í heilum bekkjum að 3. bekk undanskildum en þar var kennt í smærri hópum í tengslum við list- og verkgreinaskipulag. Nemendur í 7. bekk fóru ekki í Ritþjálfastofu. Þeir notuðu forritið *Ritfinn* og *Typing Master*. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám í vélritun þ.e. hver nemandi vinnur á sínum hraða og fær verkefni við hæfi. Í vetur tóku nemendur í 4.-7. bekk þrjú vélritunarpróf; í október, febrúar og maí. Umtalsverðar framfarir áttu sér nær undantekningarlaust stað í öllum hópum bæði hvað varðar tök á rétttri fingrasetningu og hraða. Kennarar skráðu umsagnir í nýja einingu í Mentor *Námsframvindu*. Á næstu myndum má sjá matið hjá nemendum í 5. bekk annars vegar á þrepi 9 (jan.) og þrepi 10 (maí).

Námsmarkmið		Hofsstaðaskóli í Garðabæ			
Dreifing mats		Þrep 9			
5. BÓ, 5. HK, 5. RS					
Vélritun					
Situr rétt við við vinnu á lyklaborð og beitir sér rétt.		0	18	44	4
Notar rétta fingrasetningu.		3	31	28	4
Hefur náð hraðaviðmiði sem er 70 slög á mínútu (14 orð).		9	8	45	4
Hefur náð tökum á blindskrift og beitir henni af öryggi.		11	49	2	4
Fjöldi alls (264 mót)	23 ▲	106 ○	119 ✓	16	Ekki metið
Fjöldi alls í pr.	8%	40%	45%	6%	

Námsmarkmið		Hofstaðaskóli í Garðabæ			
Dreifing mats		Brep 10			
5. BÓ, 5. HK, 5. RS					
Véiritun					
Situr rétt við við vinnu á lyklaborð og beitir sér rétt.		0	10	56	0
Notar rétta fingrasetningu.		0	24	42	0
Hefur náð hraðaviðmiði sem er 70 slög á mínútu (14 orð).		2	0	64	0
Hefur náð tókum á blindskrift og beitir henni af öryggi.		4	55	7	0
Fjöldi alls (264 mót)	6 ▲	89 ○	169 ✓	0	Ekki metið
Fjöldi alls í pr.	2%	33%	64%	0%	

Búnaður og umgengi

Í vetur voru keyptar þrjár nýjar myndavélar. Myndavélar eru í öllum árgöngum í skólanum. Árgangarnir sjá sjálfir um myndavélar og flutning mynda inn á myndadrif.

Myndbandstökuvélar og skjávarpar eru í umsjón kennsluráðgjafa. Keyptir voru tveir nýir skjávarpar. Fastir skjávarpar eru sex; á bókasafni, tölvulofti, tölvustofu, tónmenntastofu, tómstundaheimili og í sal. Skjávarpar til útláns eru fjórir og tókuvélar í eigu skólans eru þrjár. Pantanir á rými og búnaði eru gerðar í *Outlook*. Það hefur gefið ágæta raun og verður því haldið áfram.

Samskipti heimila og skóla-Mentor


Mikil áhersla er lögð á öflug og góð samskipti heimila og skólans. Ýmsar leiðir eru notaðar til samskipta s.s. fundir með nemendum og foreldrum, símtöl, tölvupóstur, vefur skólans og Fjölskylduvefur *Mentor.is*. Í vetur fólust skyldur kennarar í tengslum við *Mentor.is*:

- Skráningu á ástundun (fjarvist, veikindi, leyfi, seint)
- Skráningu í verkefnabækur
- Skráningu í dagbók
- Birta vikulega heimavinnuáætlun (birt á Fjölskylduvef)
- Sinna tölvupóstsamskiptum (svara erindum og senda a.m.k. eitt bréf á viku til foreldra)
- Skráningu á einkunnum
- Leiðsagnarmati fyrir foreldraviðtöl í október
- Skráningu í *Námsframvindu* sem er ný eining í Mentor
- Fréttaskrif á vef skólans

Skólaritari er lykilmána í ástundunarskráningu nemenda. Hann tekur við tilkynningum og skráir veikindi og leyfi. Forráðamenn og nemendur hafa veflykil sem veitir þeim aðgang að upplýsingum þar sem þeir geta fylgst með ástundun og framvindu námsins. Foreldrar geta tilkynnt og skráð veikindi sjálfir inn á *Fjölskylduvef Mentor*.

Líkt og síðastliðið skólaár var farið fram á að nemendur með aðstoð foreldra sinna fylltu út *Leiðsagnarmat* fyrir foreldraviðtöl í október. Upplýsingarnar vistast í *Mentor* og eru aðgengilegar til upprifjunar og eftirfylgni.

Svörun nemenda eftir bekkjum Leiðsagnarmati í október 2009 og október 2010



Skólaárið 2010-2011 var námsmat í list- og verkgreinum fært úr dagbókum í *Mentor* og yfir í Námsframvindueninguna. Í vetur var *Námsframvinda* nýtt í þeim greinum sem kenndar eru í list- og verkgreinalotu þ.e. smíði, myndmennt, textílmennt og heimilisfræði. Auk þess var hún nýtt í eðlisvísindum þar sem kennt var í lotum, sundi og vélritun. Næsta skólaár verður greinum í *Námsframvindu* fjölgað. Kennsluráðgjafar hafa sett niður markmið fyrir tölvukennslu og áhugi er á að koma fleiri greinum inn í Námsframvinduna á komandi skólaárum.


Vefur skólans

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með vef skólans. Vefurinn er unnin í vefumsjónarkerfinu *Lisu*. Vefurinn gegnir mjög mikilvægu hlutverki í upplýsingamiðlun. Á vefnum er lögð áhersla á að birta allar helstu upplýsingar um skólastarfið ásamt fréttum og myndum úr daglegu starfi. Mikil áhersla er lögð á að birta myndir úr skólastarfinu því þær eru mjög góð heimild um það sem gerist í skólastarfinu, veita foreldrum tækifæri til að tengjast skólanum og ræða við nemendur um það sem er að gerast hverju sinni. Skólastjórnendur og kennarar hafa tekið virkan þátt í upplýsingamiðluninni. Kennarar hafa tekið myndir og skrifað stuttar fréttir í tengslum við starf sitt með nemendum.


Markmiðið er að virkja og efla sem flesta til að koma að miðlun efnis á vef skólans. Ritari skólans og deildarstjórar hafa í vetur skráð atburði í atburðadagatal.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir mánaðarlega notendur að vef Hofstaðaskóla frá því í ágúst 2010 til júní 2011. Notendur eru að meðaltali um 1907 á mánuði en hver notandi er aðeins talinn sem nýr notandi einu sinni í mánuði. Mest skoðuðu síðurnar á vefnum eru forsíðan, fréttir, krækjusaftn og myndasíður. Fast á hæla þeim kemur svo atburðadagatal skólans og myndasíður árganganna. Sjá mynd á næstu síðu.

Yfirlit yfir mest heimsóttu síðurnar á vef Hofstaðaskóla skólaárið 2010-2011



Á myndritinu má sjá mánaðarlegar heimsóknir á vef Hofstaðaskóla skólaárið 2010-2011



Tekið af vef Modernus júní 2011

Samskiptaverkefni

Alls voru fjögur samskiptaverkefni í gangi skólaárið 2010-2011: *Views of children, Give me a hug, Intercultural dialogue through fairy tales, drama and art* og *Give me a hug*. Haustið 2010 hlaut verkefnið *Views of children National Quality* viðurkenningu frá landskrifstofunni og *European Quality label* skömmu síðar. Verkefnið *Seasons* sem lauk haustið 2010 hlaut einnig *National Quality label* viðurkenningu. Samstarf hefur verið milli kennsluráðgjafa, kennara og bókasafnsfræðings í tengslum við rafrænu eTwinning verkefni. Næsta skólaár mun skólinn hefja þátttöku í sínu fyrsta Comeniusarverkefni og ber það heitið *Rainbow Tree*.



Nemundur 3. IS á veffundi

Ráðstefna, námskeið, kynningarfundir o.fl.

Kennsluráðgjafi sótti námskeið og ýmsar kynningar á skólaárinu. Kennsluráðgjafi sat fundi sjálfsmatsnefndar skólans. Hann lagði fyrir tvær kannanir á skólaárinu annars vegar foreldrakönnun í tengslum við tómtundaheimilið Regnbogann og hins vegar foreldrakönnun um nám og kennslu í skólanum. Kennsluráðgjafi sat einnig fundi með öryggisnefnd skólans.

Námskeið fyrir kennara /starfsfólk

Námskeið fyrir kennara/starfsfólk skólans voru haldin með jöfnu millibili á skólaárinu. Styrkir fengust úr *Endurmenntunarsjóði grunnskóla*. Hofstaðaskóli í samvinnu við Flataskóla, Garðaskóla og Sjálandsskóla fékk styrk til að halda símenntunarnámskeið í tölvu- og upplýsingatækni fyrir kennara í Garðabæ. Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir námskeiðin sem haldin voru:

Gagnvirk verkefni og próf (Question writer)	2 kennslustundir
Gagnvirk verkefni og próf (Question writer) Garðaskóli	2 kennslustundir
Wikispaces vefsíðugerð	2 kennslustundir
Myndvinnsla með Picture Manager	2 kennslustundir
Ljósmyndasögur í Movie Maker	2 kennslustundir
Hugakortagerð (Free Mind)	2 kennslustundir
Ritvinnsla uppsetningar prófa og fleira (Word)	2 kennslustundir
Hreyfimyndagerð (Stop motion animation)	2 kennslustundir
Hljóðvinnsla með Audacity	2 kennslustundir

Auk þess fékkst styrkur til að halda námskeið í notkun gagnvirkra kennslutafna. Kennsluráðgjafi í samstarfi við Ragnheiði Stephensen umsjónarkennara í 5. bekk sá um námskeiðahaldið og aðstoð við kennara í tengslum við töflurnar.

Hofsstaðaskóli fékk einnig styrk til að halda námskeið fyrir kennara sem bar heitið Margbreytilegar matsaðferðir-utanumhald um námsárangur nemenda. Kennsluráðgjafi leiddi það verkefni, hélt námskeið og kynningarfundum og aðstoðaði kennara við innleiðingu og vinnu í Námsframvindu nýrri einingu Mentor.

Framtíðarsýn

Hvað skipulag kennslu varðar næsta vetur lítur út fyrir að hún verði með nokkuð svipuðu sniði. Áfram verður unnið að því að innleiða nýtt námsefni í kennsluna og skólinn mun áfram taka þátt í prófunum á verkefnum fyrir Námsgagnastofnun. Haldið verður áfram að efla kennslu í rétttri lykllaborðsnotkun hjá nemendum og kennslan hafinn strax í 1. bekk.

Haldið verður áfram í rafrænum fjölþjóðlegum verkefnum og mun skólinn á komandi skólaári taka þátt í sínu fyrsta *Comeniusar-verkefni*. Áfram verður unnið með Námsframvinduna í *Mentor* og markmiðum í tölvukennslunni komið inn og jafnvel í fleiri greinum.

Útlán á skjávörpum, hátölurum og öðrum jaðarbúnaði hefur aukist mjög mikið. Reynt hefur verið að koma til móts við aukna þörf og áfram er stefnt að því að auka möguleika kennara á að nýta tæknina í kennslu með kaupum á gagnvirkum kennslutöflum, skjávörpum og hljóðbúnaði eftir því sem við á. Stefnt verður m.a. að því að koma upp föstum skjávarpa í myndmenntastofu og sett verður upp gagnvirk tafla í stofu 203. Keypt voru þrjú eintök af *Easy tutor* hugbúnaðinum sem er verkfæri til að aðstoða lesblinda nemendur við námið. Deildarstjóri sérkennslu fékk eintak af hugbúnaðinum og hefur umsjón með innleiðingu hans fyrir þá nemendur sem á þurfa að halda. Komið var upp sameiginlegu drifi fyrir skólana til að vista námsefni í tengslum við hugbúnaðinn og verður áfram unnið að því að efla gagnasafnið. Varðandi annan búnað þá þyrfti að fjárfesta í góðri linsu og flassi á aðal myndavél skólans svo hægt sé að taka góðar myndir við hátíðleg tækifæri á sal.



Margmiðlun og myndbandavinnsla hefur verið nokkuð blómleg líkt og undanfarin skólaár og er ætlunin að halda áfram að þróa þá vinnu. Nemendur hafa búið til myndbönd í tengslum við skólastarfið og vegna skemmtana á sal. Tölvur til myndbandavinnslu eru á bókalofti þar sem ekki er til annað rými til að setja upp aðstöðu til mynd- eða hljóðvinnslu í skólanum. Í framtíðinni væri æskilegt að koma upp slíkri aðstöðu. Fullur hugur er á að halda þessari vinnu áfram og sækja fram. Því þarf aðstöðu þar sem mögulegt er að koma fyrir hópi nemenda við þrjár til fjórar tölvur, nettenging þarf að vera til staðar og þökkaleg hljóðeinangrun. Einnig þurfa einstaklingar og hópar að hafa nokkuð rúmt aðgengi að stofunni (ekki mikið bundin í annarri kennslu) vegna þess að ofangreind vinna er mjög tímafrek. Kennsluráðgjafi hefur hug á að skoða hvort hægt sé að koma á fót samvinnu t.d. við list- og verkgreinakennara skólans í tengslum við hreyfimyndagerð (stop motion animation).

Leggja þarf vinnu í að slípa til verkferli og samskipti við tölvudeild. Verkbeiðnakerfi hefur verið tekið í notkun en innleiðingu þess er ekki lokið. Kennsluráðgjafar skólanna og/eða aðrir starfsmenn skólanna hafa engan aðgang að verkbeiðnakerfinu og hafa því ekki yfirlit yfir stöðu eða framvindu verkefna. Álagið hefur aukist á kennsluráðgjafa skólans í tengslum við samskipti og tæknaaðstoð vegna þess að dregið hefur úr viðveru tölvuumsjónarmanns. Starfsmenn senda

tölvupóst á tölvudeild vegna verkbeiðna og deildin sér um skráningu beiðna. Auk þess er hægt að hafa samband við deildina símleiðis.

Elísabet Benónýsdóttir, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni



Samvinnuverkefni á Fjölgreindaleikum

5. TÓMSTUNDAHEIMILI

Innra starf

Haustið 2010 byrjaði vel í Regnboganum. Búið var að taka gólfið upp í salnum, leggja á hljóðeinangrandi gólfdukk sem gjörbreytti og bætti aðstæður og hljóðvist í salnum. Eins og áður var aðaláhersla lögð á að bjóða upp á fjölbreytt tómskundastarf við allra hæfi. Mikil áhersla var lögð á hreyfileiki svo sem íþróttir, bæði úti og inni í íþróttahúsi og einnig fjölbreytta leiki úti á leikvelli eða í sal skólans. Ýmislegt var fönðrað í vetur svo sem árstíðabundið fönður tengt jólum, páskum, öskudegi og þess háttar en einnig voru hengdar upp myndir eftir börnin sem foreldrar gátu komið og skoðað. Að venju var boðið upp á hefðbundnar tómskundir svo sem spil, kubba, lestur, perlur og annað tilfallandi.

Að venju var farið í vettvangsferðir á skipulagsdögum og á öðrum frídögum skólans. Til dæmis var lögreglan í Hafnarfirði heimsótt og þar fengu börnin m.a. að skoða fangaklefa, handjárn, lögreglubíl og gamalt lögreglumótorhjól. Slökkviliðið í Hafnarfirði var einnig heimsótt. Farið var í heimsókn á Árbæjarsafnið. Þar var gengið um og leikið í nýja dóta- og leikhúsinu sem þar er að finna. Um jólin var farið í bæjarferð í miðbæ Reykjavíkur og endurnar á tjörninni sóttar heim. Nokkrar ferðir voru farnar í sund í Mýrinni fyrir áramót. Eftir áramót voru komnar nýjar reglur um öryggi barna í sundlaugum sem gerðu það flóknara að fara í sund með börnin.

Námskeið í LEGO kubbasmíðum var haldið á haustmánuðum og komust færri að en vildu. Jóhann Breiðfjörð, sem vann sem hönnuður hjá LEGO í Danmörku í mörg ár var með námskeiðið þriðja árið í röð. Námskeiðið mæltist vel fyrir og mætti gjarnan halda það oft.

Stór hluti starfsins í tómsundaheimilinu er að senda börn á hinar ýmsu æfingar og má þá einu gilda hvort það séu íþróttæfingar eða tónlistartímar. Sum barnanna fóru á æfingar í Mýrinni eða innan Hofstaðaskóla, aðrir gengu í Tónlistarskóla Garðabæjar og enn aðrir tóku strætó á æfingar í Ásgarði. Frístundabíll tók svo til starfa eftir áramót og ók hann frá Mýrinni á hálf tíma fresti frá klukkan 14.30 til 17.00 og gerði það börnum kleyft að taka strætó á allar æfingar innan Garðabæjar. Þetta mæltist vel fyrir og voru um 20 börn úr Regnboganum sem tóku bílinn að jafnaði á viku.




Glöð börn í útiveru

Áfram var notað sama skráningarkerfi og á síðasta ári. Börnin voru skráð inn af starfsmanni þegar þau komu og snéru síðan við persónulegu myndaspjaldi til að staðfesta að þau væru komin. Þegar börnin fóru heim var sama upp á teningnum, þau skráðu sig út hjá starfsmanni og


snéru myndaspjaldinu við. Þegar börnin voru í starfi settu þau valmiða á myndina sína svo hægt væri að fylgjast með því hvar þau væru í leik. Þess var gætt að fá öll skilaboð staðfest frá foreldrum en að taka ekki bara á móti munnlegum skilaboðum í gegnum börnin. Einnig var ítrekað við foreldra að allar breytingar og sem flestar tilkynningar kæmu til umsjónarmanns í gegnum tölvupóst fyrir klukkan 13.00 hvern dag eða með SMS skilaboðum eftir þann tíma. Þetta kom í veg fyrir að upplýsingar töpuðust eða gleymdust í dagsins önn. Ef börnin skiluðu sér ekki innan viss tíma var hringt í foreldra þeirra til að athuga hvort einhver breyting hefði orðið.

Skráning og fjöldi

Foreldrar voru mjög samviskusamir með að senda umsóknir inn vorið 2009 og strax um haustið voru komnar um 100 umsóknir. Þennan vetur var metaðsókn í Regnbogann og flest voru börnin um 140 talsins. Um miðbik vetrarins hélst þetta nokkuð jafnt og í lok skólaársins var talan 125.




Í vetur snérust kynjahlutföllin við miðað við síðasta ár og voru stúlkur nokkuð fleiri en drengir. Val á tómsfundum var nokkuð jafnt milli kynja, drengir leituðu aðeins meira út en stúlkur og var þá fótþolti gjarnan fyrir valinu. Það hafði kannski líka eitthvað að segja að nokkur kynjamunur var í starfsmannahópnum í vetur. Karlmennt voru að meðaltali fjórir til fimm yfir veturinn á móti þremur konum. Drengir og stúlkur sóttu álíka mikið í að fara út á leikvöll, leika sér í púðunum og fara í hina ýmsu spilamennsku og borðleiki.



Að venju var Regnboginn opinn alla starfsdaga, skipulagsdaga og aðra frídaga sem féllu á almenna vinnudaga. Nauðsynlegt var fyrir foreldra að skrá börnin sérstaklega fyrir þessa daga og þó nokkur þátttaka var alla slíka frídaga í vetur.

Þann 17. september var skipulagsdagur og þá mættu 24 börn. 18. og 19. október voru bæði skipulagsdagur og foreldradagur og voru þá 36 börn skráð. Í jólaaleyfinu, sem taldi 10 virka daga, mættu í heildina 38 börn og sami fjöldi var skipulagsdaginn 27. janúar. Í vetrarleyfinu voru 33 börn skráð og var það misjafnt hvort börn voru skráð alla daga eða valda daga í vikunni. Sama átti við um jólaeyfið. Venjan er orðin sú að í páskafríinu er minna um skráningar og þetta árið var það einnig svo, einungis 16 börn voru skráð í Regnbogann. Á síðasta skipulagsdegi ársins, þann 7. júní voru svo 24 börn skráð í tómstundaheimilið. Foreldrar voru vel vakandi fyrir því að skrá þurfti börnin sérstaklega þessa daga og lítið sem ekkert var um að foreldrar óskuðu eftir að skrá börnin eftir auglýstan skráningartíma.



Starfsmannamál

Þennan vetur var meiri stöðugleiki í starfsmannahópnum en oft áður, þrátt fyrir smá breytingar um áramótin. Starfsmannahópurinn var þó öðruvísi samansettur en oft áður þar sem fleiri karlmenn voru við störf en konur. Að jafnaði voru fimm karlar á móti þremur til fjórum konum. Auk umsjónarmanns voru átta starfsmenn alla daga vikunnar. Hluta haustannar var nemi í starfsnámi frá Háskóla Íslands við störf í Regnboganum.

Þegar næst að halda stöðugleika í starfsmannahaldi á vinnustaðnum þá er meiri möguleiki á því að bjóða upp á skipulagt starf fyrir börnin og meiri samheldni verður í starfsmannahópnum. Hins vegar er nauðsynlegt að leggja áherslu á að bjóða starfsmönnum upp á ýmis námskeið sem nýtast þeim í starfi. Slíkt verkar hvetjandi á hópinn ásamt því að minnka starfsmannaveltu á ársgrundvelli.

Húsnæði

Tómstundaheimilið Regnboginn er til húsa í kjallara Hofsstáðaskóla og er nú komin tveggja ára reynsla á það húsnæði. Þangað flutti tómstundaheimilið haustið 2009 úr anddyri íþróttahússins, Mýrarinnar. Smátt og smátt hefur húsnæðið orðið vistlegra, myndir á veggjum og listaverk eftir börnin í gluggunum. Síðastliðið sumar var gólfið í salnum lækkað og þá um leið var hljóðvistin löguð. Fram að því var mikið ónæði af óeinöngruðu viðargólfi sem ýtti undir mikinn umhverfishávaða. Þetta breytti mjög miklu fyrir umhverfið og líðan allra á staðnum. Áfram var

svo haldið með úrbætur og framfarið því að settur var upp skjávarpi, tjald og hátalarakerfi sem nýtist bæði Regnboganum og skólanum við bíósýningar.



Verkfræðingar framtíðarinnar?

Framtíðarsýn

Enn á ný er tómstundaheimilið Regnboginn í Hofsstaðaskóla stærsta tómstundaheimilið í Garðabæ. Mjög mikilvægt er að þar sé umsjónarmaður í 100% starfi til að sinna skipulagsvinnu, vefsíðu, fréttablaði og samskiptum við foreldra og samstarfsaðila innan og utan skólans. Framtíðarsýn Regnbogans er björt sem fyrr. Stefnt er að því að vinna áfram með börnunum á lýðræðisgrundvelli þannig að þau hafi val um hvað þau taka sér fyrir hendur. Mikilvægt er að hvetja þau til þess að hafa sjálfstæða hugsun, taka ábyrgð á ákvörðunum sínum og taka tillit til annarra í starfinu. Í svona stórum hópi, er mikilvægt að kenna börnum tillitsemi, þolinmæði og samvinnu svo að öllum líði vel.

Í starfinu með börnum er mikilvægt að bjóða upp á sambland af skapandi starfi, hreyfingu og afþreyingu. Börnin hafa verið í skipulögðu starfi allan daginn og hafa þörf fyrir að tjá sig í sköpun, að hreyfa sig og slaka á í rólegu umhverfi. Í eins barnmörgu tómstundaheimili og Regnboginn er þá er hætta á því að sumir verði undir eða týnist í hópnum. Því er mjög mikilvægt að kynnast börnunum eins vel og hægt er, finna styrkleika þeirra og veikleika og byggja svo ofan á þá með því að hvetja þau áfram í starfi.

Í þessari skýrslu hefur verið stiklað á stóru um starfið skólaárið 2010-2011 í tómstundaheimilinu Regnboganum. Markmiðið er að því að halda áfram því starfi sem þegar er komið af stað og halda uppi þeim stöðlum og stefnum sem þegar hafa verið sett í starfi með börnunum. Þetta verður gert með úrvalsstarfsmönnum sem sumir snúa aftur að loknu sumarleyfi og aðrir bætast í hópinn.

Greta Sverrisdóttir, umsjónarmaður Regnbogans.